



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. febrúar 2007 – 34. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Söng fyrir fjölmiðlafólk

Garðar Thór Cortes kom fram á fjölmönnum en lokuðum tónleikum í London.

FÓLK 29



### Leiklistin á óstöðugum stað

Leikarinn Gísli Pétur Hinriksson hefur sagt upp samningi sínum hjá LA og tekst á við dauðsfall föður síns.

VIÐTAL 16



### Finnur fyrir hinni köldu hönd dauðans

Þorsteinn Guðmundsson, leikari og spaugari, fagnaði fertugsafmæli heima hjá sér í gær.

TÍMAMÓT 12


### Áttunda sætið á HM

Ísland tapaði í gær fyrir Spáni og lenti því í áttunda sæti á HM í Þýskalandi.

ÍÞRÓTTIR 30



### VEÐRIÐ Í DAG




**FROST** Í dag verður norðlæg átt, hæg á vestur-hluta landsins en 8-15 m/s á austurhlutanum, hvassast með ströndum. Éi norðan og austan til en léttir smám saman til syðra, einkum eftir hádegis. Frost 0-5 stig.

VEÐUR 4

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA

allt landið

### Sunnudagur



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í nóvember 2006.

## Formaður Kraftlyftingasambandsins tekinn með stera

Lögregla fann rúmlega 30 þúsund steratöflur við húsleit á föstudag. Jón Gunnarsson, fráfaramandi formaður Kraftlyftingasambands Íslands, var handtekinn í kjölfarið en hluti efnanna fannst á heimili hans. Aðalfundur félagsins fór fram í fyrrkvöld og þar bauð hann sig ekki aftur fram til trúnaðarstarfa í þess þágu.

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan fann rúmlega 30 þúsund steratöflur og ambúlur við húsleit á heimili í Reykjavík og víðar á föstudagsmorgun. Meðal annars var leitað í líkamsræktarstöð í borginni. Jón Gunnarsson, 48 ára, var handtekinn í kjölfarið. Hann var þá formaður kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT).

Aðalfundur KRAFT var á föstudagskvöldið. Jón bauð sig ekki aftur fram til trúnaðarstarfa. Að sögn Jóhönnu Kristjánsdóttur, sem tók við formennsku í félaginu,

komu tíðindin á óvart. Hún hafi kallað nýja stjórn félagsins saman í gær, laugardag, til að ræða málið.

„Við getum ekki borið ábyrgð á einstaka félagsmönnum. Hann hefur ekki endurnýjað félagsgjöld sín þannig að tæknilega er hann ekki í félaginu lengur. Eg er ekkert að gefa yfirlýsingu með eða á móti sterum. Það er enginn sem er hlynntur lyfjum í neinu íþróttafélagi en ég vil ekki vera að rýra mannorð nokkurs manns,“ segir Jóhanna.

Að sögn Ásgeirs Karlssonar,

yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, er þetta með því mesta magni af sterum sem haldlagt hefur verið í einu máli frá upphafi. Fyrr í mánuðinum fundu tollverðir í Reykjavík yfir 13 þúsund ólöglegar steratöflur faldar innan um annan varning á vörubretti í Reykjavíkurhöfn. Því hafa um 50 þúsund steratöflur og tengd efni fundist það sem af er ári.

Ásgeir segir ekki hægt að segja til um styrkleika efnanna sem stendur. „Þetta mál er bara nýkom-

ið upp og það tekur sinn tíma að fá niðurstöður úr efnagreiningu. En við ætlum að þetta sé allt meira og minna steralyf.“

Jóni var sleppt eftir yfirheyrslu. Ekki þótti þjóna rannsóknarhagsmunum að halda honum lengur. Ekki er enn vitað hvort fleiri tengist málinu. Grunur er um að efnin hafi verið ætluð til sölu. Misnotkun og sala á sterum fellur undir lyfjalog og viðurlög við slíkm brotum eru ekki jafn hörð og við fíkniefnabrotum. Ekki náðist í Jón Gunnarsson í gærkvöld. - þsj/gar / sjá síðu 6



**VEÐURSÆLD Í LAUGARDAL** Þau Karen Birta og Alex Máni virtust óhrædd við grágæsaflokkinn sem mætti þeim í blíðunni í Laugar-dalnum í gær. Það var þó engu líkara en að fuglunum stæði dálítil stuggur af vel búnum börnunum því þegar Alex gerði sig líklegan til að grípa eina gæsina hrökklaðist hún undan. Hinar gæsinar voru hins vegar hinar rólegustu og nutu dagsins með mannfólkinu.

Auðkýfingurinn og viðskiptasérfræðingurinn Steve Forbes á leið til Íslands:

## Leggur til tafarlausa upptöku evru

**VIÐSKIPTI** Miðað við verðbólgu og stýrivexti ættu Íslendingar að kasta krónunni, segir Steve Forbes í viðtali við Fréttablaðið í dag.

Forbes gagnrýnir efnahagsstjórn Íslendinga harðlega. Hann leggur til að evra eða dalur verði tekin upp í stað krónunnar. Því fylgi meiri stöðugleiki. Öðrum kosti ættu Íslendingar að skipta um æðstu menn Seðlabankans, „því þeir vita ekki hvað þeir gera“.

Forbes segist hlakka til að koma til Íslands, sem geti státað af afburðavexti síðustu árin, þrátt fyrir verðbólgunu.

Í viðtalinu ræðir Forbes einnig um komandi forsetakosningar í Bandaríkjunum, en hann telur að Hillary Clinton verði forsetaefni



**STEVE FORBES** Hinn þekkti ritsjóri Forbes-tímaritsins og fyrrverandi forsetaframbjóðandi heldur fyrirlestur á Hótel Nordica næsta þriðjudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

demókrata. Það hefði skelfilegar afleiðingar í för með sér fyrir hagkerfi Bandaríkjanna, segir hann.

Forbes hyggst ekki sækjast

eftir að verða forsetaefni repúblikana, en það hefur hann gert tvívegis, fyrst árið 1996 og aftur árið 2000. Þess í stað haldi hann sig nú til hlés og reyni að hafa áhrif á umræðuna.

Hann lýsir hrifningu sinni á gríðarlegum vexti bandaríska hagkerfisins og spáir því að Bandaríkin haldi yfirburðastöðu sinni á alþjóðavelli næstu tuttugu til fjörutíu árin. „Ég held að í fyrirsjáanlegri framtíð verði Bandaríkin ofurveldi heimsins, en það er auðvitað ómögulegt að segja til um hvað verður eftir tuttugu, fjörutíu ár.“

Forbes er ekki hrifinn af stríðinu í Írak og áhrifum þess á hagkerfið. „Stríðið er samt afar lítil hluti hagkerfisins.“

- kóp / sjá síðu 18

## Breskur hárgreiðslumaður: Nautasæði nýtt sem hárnæring

**HÁRGREIÐSLA** Hárgreiðslumaður í Knightsbridge-hverfinu í London býður viðskiptavinum sínum upp á nýstárlega næringarmeðferð þar sem sæði úr nautum leikur stórt hlutverk.

Hárgreiðslumaðurinn, Hari Salem, blandar vökva unnum úr próteinríkum plönturótum við sæðið og nuddar blöndunni í hárvíðskiptavinarins eftir þvott. Þá er blöndunni leyft að síast inn í hárið og að lokum þurrkað.

„Ég hef lengi leitað að svona lífrænni og próteinríkri vöru því það er einmitt það sem hárið skortir þegar það er þurrt,“ segir Salem. „Sæðið er kælt fyrir notkun og lyktar ekki illa. Það gerir hárið yndislega mjúkt og þykkt.“ - sh



**Á VETTvangi** Nokkrir sem í bílunum voru leituðu sjálfir til læknis.

MYND / EGILL BJARNASON

Reyndi að forða aftanákeyrslu:

## Tvennt á spítala eftir árekstur

**SLYS** Karlmaður og kona á þrítugsaldri voru flutt á sjúkrahús í Reykjavík eftir harðan árekstur tveggja jeppa á Biskupstungna-braut í Grimsnesi á sjötta tímanum í gær. Þau munu ekki vera alvarlega slösuð.

Fimm voru í öðrum jeppanum og þrír í hinum og voru hin slösuðu hvort í sínum bílunum. Hluti hópsins leitaði sér læknisaðstoðar sjálfur.

Annar jeppinn reyndi að forða aftanákeyrslu með því að fara yfir á öfugan vegarhelming og lenti þá á bíl sem kom úr hinu áttinni. Sjö umferðarhöpp urðu í umdæmi lögreglunnar á Selfossi í gær. - sh



Ómar, er þetta leikur einn? „Nei, í þessu leikriti eru allir inni á sviðinu allan tímann og þetta er andlega eins og að spila tvöfaldan handboltaleik.“

Ómar Ragnarsson æfir nú fyrir hlutverk í nýjum dramatískum söngleik. Hann hefur ekki stigið á leiksvið 38 ár en þykir standa sig með mikilli þrýði.

### Mikill munur á afstöðu kynja: Konur kjósa frekar til vinstri

**STJÓRNMÁL** Mikill munur er á afstöðu karla og kvenna í þeim skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið á fylgi flokkanna fyrir kosningar til Alþingis í vor, að sögn Einar Mar Þórðarsonar stjórnmálafræðings. Samkvæmt nýjustu könnun Capacent ætla 63 prósent karla að kjósa Sjálfstæðisflokk, Framsóknarflokk eða Frjálslynda, en ekki nema 40 prósent kvenna. Að sama skapi ætla helmingur kvenna að kjósa Samfylkinguna eða Vinstri græna en aðeins 36 prósent karla. Einar Mar segir muninn aðallega ráðast af því hvort konur séu í forsvari fyrir flokkana.



**RÚSSNESKIR SNJÓKARLAR** Fólki er ráðlagt að láta það vera að byggja snjókarla úr litsnjónum. Þessir standa í Moskvu.

### Mengun í Síberíu: Marglit og daunill snjócoma

**RÚSSLAND, AP** Þjörgunarsveitir hafa verið sendar til Omsk-héraðs í Síberíu eftir að illa þefjandi, marglitur snjófell féll á um 100 ferkilómetra svæði fyrir í vikunni. Omsk-hérað er um 2.250 km austur af Moskvu. Þar féll gulur, grænn og appelsínugulur snjó á miðvikudag. Að sögn talsmanna rússneska almannavarnaráðuneytisins var hann jafnframt daunillur og olíukennur. Reynt verður að komast að orsakavaldinum, en veðurfræðingar röktu hina menguðu úrkomu til grannríkisins Kasakstans. Þótt beðið væri niðurstaðna úr rannsóknum á sýnum virtist íbúum ekki stafa bráð hætta af hinum litskrúðuga snjó.

### LÖGREGLUFRETT

**Tekinn ölvaður á 140** Lögreglan á Egilsstöðum stöðvaði í fyrrkvöld okumann fyrir að aka á 140 kílómetra hraða þar sem hámarks-hraði er 70 kílómetrar á klukkustund. Í ljós kom að maðurinn var ölvaður í þokkabót. Hann var sviptur ökuréttindum á staðnum.

### REYÐARFIÖRDUR

**Fá ekki svæði til umráða** Vélhjólameinnur fékk ekki uppfyllta ósk sína um að fá til umráða svæði við Grænafell í Reyðarfirði til að stunda þar mótorcross. Umhverfisráð Fjarðabyggðar sagði það því miður ekki hægt það sem þar væri útivistarsvæði og vatnsverndarsvæði væri mjög nálægt. Skoðaðu á önnur svæði í samráði við vélhjólaklúbbinn.

### 2.500 dauðir kalkúnar í Englandi sýktir af H5N1-afbrigði fuglaflensuveirunnar:

# Fuglaflensa staðfest í Englandi

**LONDON, AP** Staðfest hefur verið að 2.500 kalkúnar sem drápuast á alifuglabúi í Suffolk á Englandi á fimmtudag voru sýktir af H5N1-afbrigði fuglaflensuveirunnar, en sú veira getur borist í menn og dregið þá til dauða. Þetta er í fyrsta sinn sem H5N1-afbrigði greinist í alifuglum á Bretlandseyjum, en í mars í fyrra fannst veiran í dauðri álf í Skotlandi og var þá tugþúsundum fugla slátrað. Um 160 þúsund fuglar til viðbótar eru í búinu og verður þeim öllum fargað til að koma í veg fyrir að veiran berist víðar. Talsmenn fyrirtækisins sem á búið fullyrtu í gær að ómögulegt væri

að kjöt af sýktum fuglum hefði komist í verslanir. Kalkúnabúið hefur verið girt af og bændum í nágrenni búsins hefur verið fyrirskipað að halda alifuglum innandyra. Vegatálmum hefur verið komið upp og verið er að undirbúa leit að veirunni á nálægum búum. Starfsmönnum búsins voru boðin lyf á borð við Tamiflu og þeir sem störfuðu þar að slátrun klæddust hlífðarbúningum. Veirufraeðingur hjá breskum heilbrigðisyfirvöldum áréttaði þó í gær að ólíklegt væri að menn smituðust af veirunni og að ekkert bent til þess að hún gæti smitast með mat.



**SUFFOLK** Kalkúnabúið þar sem fuglaflensa greindist hefur verið girt af og bændum í nágrenni verið skipað að halda alifuglum innandyra.

### Yfirdýralæknir:

# Engar sérstakar ráðstafanir hér

**FUGLAFLENSA** Halldór Runólfsson yfirdýralæknir segir að líklega verði ekki gripið til neinna sérstakra ráðstafana hér á landi vegna fuglaflensunnar sem upp er komin í Bretlandi. „Viðbragðsnefnd Landbúnaðarstofnunar mun hittast á mánudag og fara yfir stöðuna. Við sjáum hvaða fréttir verða komnar af þessu þá.“ Að sögn Halldórs eru engir farfluglar á þessu svæði í Bretlandi sem koma til Íslands, auk þess sem þeir byrji ekki að koma til landsins fyrir en þegar líður á febrúar. „Þetta er inni á alifuglabúi sem gerir það líklegt að hægt verði að ráða við þetta.“

# Líkur á mannskaða má minnka stórlega

Virtasta stofnun heims í öryggi á sjó telur að breytt siglingaleið flutningaskipa minnki líkur á mannskaða og mengunarslysum við Ísland um rúm 70 prósent. Samgöngufyrirvöld fengu skýrslu árið 1999. Ráðherra vill breyta reglum.

**ÖRYGGISMÁL** „Það kann vel að vera,“ segir Sturla Böðvarsson samgönguráðgjafi inntur eftir því hvort ekki hefði átt að bregðast við upplýsingum í skýrslu frá norsku sérfræðistofnuninni Det Norske Veritas (DNV) í siglingaöryggi. Þar kemur fram að með aðgerðum í leiðarstjórnun flutningaskipa minnki líkur á mengunarslysum um 75 prósent og líkur á mannskaða um 61 til 72 prósent. Stofnunin vildi láta taka fyrir allar siglingar á þeirri leið sem flutningaskip sigla alfarið á leið til hafnar suðvestanlands. „Á sínum tíma voru skiptar skoðanir um þessa skýrslu og því hófst vinna við að rannsaka siglingaleiðirnar mjög nákvæmlega. Ég tel að það sé engin spurning um það að við getum ekki beðið lengur eftir skýrum tillögum um siglingaleiðir í þágu öryggis sjómanna og umhverfis. En það voru deildir meiningar um þetta og hópurinn sem vann þetta kom sér ekki saman um neinar tillögur,“ segir Sturla og vísar til nefndar sem forveri hans í stól samgönguráðgjafa, Halldór Blöndal, skipaði til að fjalla um siglingar olíuskipa og skipa með hættulegan farm. Nefndin skilaði skýrslu 2001 og mælti ekki með að siglingaleiðin yrði færð frá landinu, eins og DNV mælti eindregið með. „Innan nefndarinnar eru uppi efasemdir um öryggi þess að sigla fyrir utan svæðið sem um ræðir og leggur til að fram fari rannsóknir á öldufari og straumum og áhrifum þess á



**DETTIFOSS OG TÝR** Stýrisblaðið brotnaði af Dettifossi í janúar 2005. Týr og Ægir drögu skipið til hafnar á Eskifirði í vondu veðri. Engum af áhöfnum skipanna þriggja varð meint af þjörgunaraðgerðum.

siglingaöryggi...“ segir í tillögum nefndarinnar sem mæltist til að þeim athugunum yrði lokið árið 2004. „Ég blæs á það að það sé varhugavert að fara þessa leið í slæmu veðri og fara frekar hefðbundna grunnleið.“ Sturla Böðvarsson telur að nauðsynlegt sé að ljúka rannsóknum á ytri leiðinni sem fyrst og segir sjónarmið Landhelgisgæslunnar um leiðarstjórnun vega mjög þungt. Hann vill beita sér fyrir breytingum á löggjöf og reglum hið fyrsta til að auka öryggi. „Ég gef mínu fólki skilaboð um það að vinna þetta eins hratt og kostur er, sérstaklega í ljósi þessarar aðvörunar Landhelgisgæslunnar.“

svavar@frettabladid.is

### Foreldrar á Akranesi fengu óvænta rukkun frá bæjarsjóði um mánaðamótin:

# Þrjátíu þúsund króna rukkun gerir foreldrum bilt við

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það er galið að skella þessu svona fyrirvaralaust á fólk,“ segir Friðrik Jónsson á Akranesi um þá ákvörðun bæjarráðs að greiðslur úr bæjarsjóði vegna umönnunar barna á forsólaaldri skuli framvegis greiddar eftir á en ekki fyrirfram eins og verið hefur. Ákvörðun bæjarráðs var tekin 25. janúar. Þann 1. febrúar var send út tilkynning sem barst foreldrunum 2. febrúar. Friðrik segir að mörgum hafi orðið bilt við því að í stað þess að greiða rúmlega 30 þúsund krónur fyrir vistun barns hjá dagforeldri væri um þessi mánaðamót rukkað um yfir 60 þúsund krónur. Umönnunarbæturarnar, 31.500 krónur, verði ekki endurgreiddar fyrir en um næstu mánaðamót og síðan koll af kelli um hver mánaðamót. „Þetta kemur illa við marga sem

einmitt um þessi mánaðamót eru að berjast við jóla Visa-reikninga ofan í 40 prósentu hækkun á fasteignagjöldum,“ segir Friðrik sem telur þó jákvæða þá nýjung að foreldrar sem eru hvorki með börn sín á leikskóla né hjá dagforeldri fái nú einnig umönnunarbætur vegna sinna barna. „Við ætluðum ekki að gera þetta fyrir en 1. ágúst en við vorum komin með biðlista á leikskóla og fólk var komið í vandræði því það vantar líka pláss hjá dagmæðrum. Nú fá allir þessa greiðslu og fólk getur leitað annað, til dæmis til ömmu og afa,“ segir Karen Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Akraness. „Okkur þykir þetta ógurlega leit en við urðum að leysa málið. Það er verið að skoða hvort það er hægt að gera eitthvað en það er óvíst hvort það sé mögulegt.“



**KAREN JÓNSDÓTTIR** Formaður bæjarráðs á Akranesi segir að þurft hafa að leysa úr erfiðri stöðu.



**HÖRMULEGAR AFLEIÐINGAR** Manntjón og gríðarlegt eignatjón blasti við þjörgunarmönnum í Flórída eftir að óveður gekk yfir.

### Mannskaðaveður í Flórída:

# Að minnsta kosti 20 látinir

**FLÓRÍDA, AP** Að minnsta kosti 20 manns létust í miklu óveðri sem gekk yfir Flórída í fyrrinótt. Ríkisstjórnin í Flórída, sem fór um hamfarasvæðið í gær, lýsti ástandinu þannig að það væri eins og sprengja hefði sprungið á svæðinu. Hundruð íbúðarhúsa, fyrirtekja og kirkna eru í rúst og mikið uppbyggingarstarf er framundan í þeim fjórum sýslum sem urðu fyrir barðinu á óveðrinu. Ekki liggur fyrir nákvæmlega hversu mikið tjón varð. Ríkisstjórnin ræddi við George W. Bush forseta í gær um aðstoð frá ríkisstjórninni.

### Ein líkamsárás kærð í fyrrinótt:

# Misti tennur í slagsmálum

**LÖGREGLUMÁL** Tvær tennur voru slegnar úr manni í slagsmálum í miðborginni aðfaranótt laugar dags og kærði fórnarlambið líkamsárásina til lögreglu. Mjög erilsamt var hjá lögreglunni um nóttina og voru allar fanga-geymslu fullar að henni liðinni. Fimm voru teknir fyrir akstur undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og var einn þeirra látinn sofa úr sér í læstum klefa. Að sögn lögreglu er alengst að erilsamt sé í miðbænum fyrstu helgarnótt eftir mánaðamót, þegar fólk hefur jafnan nýfengið fé milli handa og gerist skammt-anaglaðara en ella.

### Dómarafélag Íslands:

# Ósáttir við frétt um Hæstarétt

**FÖLMIDLAR** „Fréttaflutningur af dómsmáli með þessum hætti á sér enga hliðstæðu og fer langt út fyrir eðlileg mörk og jaðrar við sorpblaðamennsku,“ segir í yfirlýsingu frá stjórn Dómarafélags Íslands vegna fréttar Morgunblaðsins frá því á föstudag um dóm Hæstarétts fyrir kynferðisbrotamáli. „Með engu móti verður skilið hvers vegna dómendur eru persónulega dregnir fram með myndbirtingum,“ segir stjórn Dómarafélagsins. „Varla lítur Dómarafélag Íslands svo á að þessi tiltekni dómur sé eitthvert feimnismál fyrir dómara,“ svarar Morgunblaðið dómurinum í sunnudagsútgáfu sinni.

MINNEAPOLIS  
- ST. PAUL

BALTIMORE  
WASHINGTON

ORLANDO NEW YORK

BOSTON

HALIFAX

ÍSLAND

REYKJAVÍK

OSLÓ

BERGEN

HELSINKI

STÖKKHÓLMUR

GAUTABORG

KAUPMANNAHÖFN

BERLÍN

FRANKFURT

AMSTERDAM

MÜNCHEN

MÍLANÓ

PARÍS

BARCELONA

70 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ

KAUPMANNAHÖFN

22.900 kr.\*

eða 19.000 Vildarpunktur (50% punktaafsláttur)\*\*

70 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ

LONDON 22.900 kr.\*

eða 19.000 Vildarpunktur (50% punktaafsláttur)\*\*

## 70 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ

Í ár fagnar Icelandair 70 ára afmæli félagsins.

Af því tilefni bjóðum við sérstakt afmælistilboð til London og Kaupmannahafnar. Ekki missa af þessu tækifæri!

+ Nánari upplýsingar á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

'07 70ÁR Á FLUGI

Vildarpunktur

VISA

MasterCard Ferðaávisun gildir



WWW.ICELANDAIR.IS

\* Innifalið: flug, flugvallarskattar og eldsneytisgjald.

\*\* Innifalið: flug. Sérstaklega verður að greiða flugvallarskatta og eldsneytisgjald, 9.790 kr. til London og 8.130 kr. til Kaupmannahafnar. Sölutímabil: 1. til og með 7. febrúar. Ferðatímabil: 1. febrúar til og með 25. mars (síðasta heimkoma). Takmarkað sætaframbod.

**GENGIÐ 02.02.2007**

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	68,29	68,61
Sterlingspund	134,32	134,98
Evra	88,88	89,38
Dönsk króna	11,922	11,992
Norsk króna	10,931	10,995
Sænsk króna	9,809	9,867
Japanskt jen	0,5643	0,5677
SDR 102,08 102,68		

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
122,3012  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands


Bæjarstjórn Árborgar:  
**Frestar sölu félagsíbúða**

**SVEITARSTJÓRNIR** Sölu á félagsíbúðum í eigu Árborgar hefur verið frestað um ótilgreindan tíma samkvæmt samþykkt bæjarráðs. Þó skuli sérstaklega skoðað þegar íbúð á sölulista losnar, hvert ástand hennar er og ákvörðun tekin út frá því hvort íbúðin skuli seld eða endurbætt og leigð áfram á vegum sveitarfélagsins. Sjálfstæðismaðurinn Snorri Finnlaugsson segir bæjarfulltrúa Framsóknarflokks hafa látið undan þrýstingi annarra í meirihlutunum og frestað sölu þrátt fyrir þá sannfæringu sína að fækka ætti íbúðum í eigu sveitarfélagsins. Framsóknarkonan Margrét K. Erlingsdóttir sagði að Snorri væri að gera óðrum bæjarfulltrúum upp skoðanir. - gar

Líkamsárás í Hollywood:

**Chewbacca handtekinn fyrir skallaárás**

**LOS ANGELES, AP** Maður, klæddur sem Chewbacca úr Star Wars var handtekinn í Hollywood á fimmtudag eftir að hafa skallað leiðsögumann. Lögreglunni barst tilkynning um það að maðurinn, hinn 44 ára Frederick Evan Young, ætti í útistöðum við leiðsögumann, Brian Sapir, sem hafði beðið Young að hætta að „áreita og snerta“ ferðamenn í trássi við lög og reglur. Sprakk Young þá úr bræði, skallaði Sapir og sagði: „Það segir enginn þessum wookie fyrir verku“, en Chewbacca var af svokallaðri wookie-dýrategund. - sh



**CHEWBACCA**

**Til Sölu**  
Smáauglýsingar af öllum gerðum.  
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi  
Uppl. í s. 550 5000

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
- smáauglýsingar sem allir sjá

Öllum knattspyrnuleikjum á Ítalíu aflýst um helgina vegna hörmulegra óeirða:

**Lögregluþjónn lést í fótboltaóeirðum**

**MILANO, AP** Ítalska knattspyrnu-sambandið hefur hótad því að fresta öllum knattspyrnuleikjum í landinu um óákveðinn tíma eftir að lögreglumaður týndi lífi og yfir 70 manns slösuðust í óeirðum á leik á föstudagskvöld. Óeirðirnar brutust út fyrir utan leikvanginn á leik Sikileyjarliðanna Catania og Palermo. Leikurinn var stöðvaður í síðari hálfleik þegar tárugas sem lögreglan beitti til að hafa hemil á óeirðaseggjum barst inn á völinn. Á sjónvarpsupptökum sást áhorfendur berjast við að ná andanum og hella vatni yfir andlit sér. Lögreglumaðurinn, hinn 38 ára Fil-



**LOGANDI ÓEIRÐIR** Yfir 70 manns slösuðust í óeirðunum, þar af 61 lögreglumaður.

ippo Raciti, lést eftir að sprengju var kastað inn í bíl hans. Ofbeldið hélt áfram að leiknum loknum og alls slasaðist 71. Þar af var 61 lögreglumaður, en enginn þeirra slasaðist alvarlega. Fimmt-

án manns hafa verið handteknir vegna ólátanna, átta fullorðnir og sjö ungmenni. Öllum leikjum sem fram áttu að fara um helgina í efstu tveimur deildum í landinu var aflýst, sem og landsleik Ítala og Rúmena sem átti að fara fram á miðvikudag. Forseti Catania, Antonio Pulvirenti, sagði af sér í gærkvöldi vegna málsins. Æðsta nefnd íþróttamála á Ítalíu mun koma saman og funda um málið á morgun og einnig stendur til að taka það upp á ítalska þinginu. Mínútubögn verður á undan öllum íþróttavíðburðum á Ítalíu um helgina. - sh

**Fréttatengt efni hefur að mestu glatast**

Flestir fréttatímar og fréttatengt efni Stöðvar 2 hefur farið forgörðum. Viðræðu- og spjallþættir um líðandi stund eru geymdir í átján mánuði, samkvæmt lögum. Setja þarf lög um varðveislu þessa efnis að mati safnstjóra.

**FJÖLMIDLAR** Flestum viðtals- og fréttaskýringabáttum síðustu tuttugu ára á Stöð 2 hefur verið eytt. Einungis fyrsti fréttatími stöðvarinnar, kosningasjónvarp allra ára og regluleg sýnishorn, til dæmis af leikmynd og þulum, eru til í safni.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að töluvert af sjónvarps-efni Ríkisútvarpsins hefði glatast vegna endurnýtingar myndbanda. Svo er einnig um safn Stöðvar 2. Ástþrúður Sveinsdóttir, filmsafnstjóri hjá Stöð 2, segir að á fyrstu árum stöðvarinnar hafi verið mikill þrýstingur um að endurnýta myndböndin því þau voru dýr. Stöðin geymi og hafi geymt efni samkvæmt lagalegri skyldu. „Þættir eins og Ísland í dag hafa bara verið geymdir í átján mánuði og þá á formi sem einungis er hugsað til skoðunar. Fréttatímar eru ekki heldur geymdir lengur. Hins vegar, segir Ástþrúður, að sjálft hráefni fréttatímanna sé geymt, það sem er tekið fyrir fréttir og gæti hugsanlega nýst í framtíðinni. Upptök af sögulegum atburðum eins og náttúruhamförum eru til dæmis varðveittar. En þrátt fyrir geymslu á efni er oft erfitt að nálgast það, því takmarkað fé er til að skrá nákvæmlega það sem geymt er hjá stöðinni. „Það þyrfti skýrari reglur um þetta. Það er ótrúlega margt sem fólk hefur áhuga á að sjá. Það er bara ekki okkar hlutverk að sjá um þetta,“ segir Ástþrúður. Ómar Ragnarsson vakti fyrst máls á sögulegu gildi ljósvakamiðla á áttunda áratugnum þegar



**FRÉTTATÍMI STÖÐVAR TVÖ** Sá fyrsti er varðveittur ásamt fréttatímum síðustu átján mánaða. Annað ekki.



**ÓMAR RAGNARSSON** FJÖLMIDLAMAÐUR

Ég er búinn að suða árum saman um hið stórkostlega menningarslys, sem hefur verið og mun verða í íslenskum ljósvakamiðlum. hann frétti að viðtali við Halldór Laxness, „flottasta augnabliki nóbelskaldsins“, hefði verið eytt. „Ég er búinn að suða árum saman um hið stórkostlega menningarslys, sem hefur verið og mun verða í íslenskum ljósvakamiðlum, þangað til ráðamenn átta sig á því að til er fleira en bækur.“ Ómar er á sama máli og Ástþrúður um að þessi varðveisla eigi ekki að vera verkefni sjónvarps- og útvarpsstöðva. „Það er ósann- gjarnt að einkarekin sjónvarpsstöð þurfi að standa sjálf í því að varðveita [framleiðslu sína] þegar bókaútgefendur þurfa ekki að gera það, heldur Þjóðskjal- og Landsbókasafn. Að mínu mati er þetta að minnsta kosti jafngilt. Þú ert með fólk sem þú sérd og heyrir tala og á hinum vettvanginum fólk sem setur hugsanir sínar á blað.“ Ómar segir að lokum að engin leið sé að segja fyrir um hvað verði merkilegt eftir fimmtíu ár og hvað ekki. Því eigi að geyma allt efni sem hægt er að geyma. klemens@frettabladid.is

Tvö úrskurðu í síbrotagæslu:  
**Játuðu íkveikju, innbrot og svik**

**LÖGREGLUMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra úrskurðaði í fyrradag tvö ungmenni, sem struku í varðhaldi í vikunni, í síbrotagæslu til 2. mars. Ungmenninn játuðu í fyrradag að hafa brotist inn á fjórum stöðum á Akureyri og nágrenni, kveikt í sumarbústað og framið fleiri afbrot, meðal annars fjárvsvik. Þrír höfðu setið í varðhaldi frá því á þriðjudag grunaðir um afbrotin og játuðu allir í fyrradag. Einu ungmennanna var sleppt eftir játninguna en hin tvö hafa langan feril óafgreiddra afbrota í kerfinu og fór lögreglan því fram á síbrotagæslu yfir þeim. - sh



**HLÚÐ AÐ SLÖSUÐUM** Öll sjúkrahús í Bagdad fylltust eftir þessa mannskæðustu árás í borginni það sem af er ári.

Gríðarlegt mannfall í Bagdad:  
**Hundrað létust í sprengjuárás**

**BAGDAD, AP** Í það minnsta 105 létust og 225 særðust í gær í einni mannskæðustu árás sem gerð hefur verið í Bagdad frá því að Íraksstríðið hófst. Sjálfsvígssprengjumaður í vöruflutningabíl sprengdi sjálfan sig á Sadriya-útmarkaðinum í hverfi sjúa í miðborginni og olli gríðarlegri eyðileggingu. Öll sjúkrahús borgarinnar fylltust strax í kjölfar árásarinnar, sem var gerð nokkrum stundum eftir að áhrifamesti sjáaklerkur landsins hafði hvatt til stillingar og friðar í landinu. - sh

Bæjarráð Stykkishólms:  
**Olúfélög borgi skaðabætur**

**SVEITARSTJÓRNIR** Fulltrúar minnihlutans í bæjarráði Stykkishólms-bæjar vilja að bærinn geri kröfu til olúfélaganna um bætur vegna samráðs þeirra. „Stykkishólmur er eitt af þeim bæjarfélögum sem nefnd eru í skýrslu um samráðsmál olúfélaganna og á því rétt á bótum samkvæmt dómi í máli Reykjavíkurborgar gegn olúfélögum,“ sagði minnihlutinn sem vill að bæturnar renni til Ljósmyndasafns og Amtsbókasafns. Meirihluti bæjarráðs ákváð hins vegar að bíða með ákvörðun um bótakröfur þar til kominn er fordæmisgefandi dómur frá Hæstarétti. - gar

**VEÐURSPÁ**

um hádegi »

» á morgun

» þriðjudagur

um hádegi »

Kaupmannahöfn	6°C hálfskýjað	London	10°C hálfskýjað	Alicante	16°C skúrur
Þórshöfn	5°C skúrur	Paris	10°C heiðskirt	Mallorca	16°C alskýjað
Hæg norðlæg átt. Stöku	0°C hálfskýjað	Frankfurt	9°C hálfskýjað	Algarve	16°C alskýjað
él með morgninum en síðan léttir til. Vægt frost.	4°C skúrur	Friedrichshafen	9°C léttskýjað	Krít	12°C hálfskýjað
	6°C léttskýjað	Berlín	8°C skúrur	Las Palmas	19°C skúrur

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Tökum við þér fölum og skilum þér brúnum fyrir 40 þúsund kall.

## Tyrkland

Ece Apartments  
í viku, brottför  
14. september

Verð frá:

**47.536 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 51.690 kr.

## Mallorca

Pilari Playa í viku,  
brottför 20. ágúst

Verð frá:

**39.307 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 46.429 kr.

## Tenerife

Tropical Playa í viku,  
brottför 21. ágúst

Verð frá:

**42.354 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 45.805 kr.

## Krít

Skala í viku,  
brottför 18. ágúst

Verð frá:

**44.069 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

**Bókaðu strax á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)**

**Skóðu besta verðið.**



Plúsferðir · Lág múla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100



[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

## KJÖRKASSINN



Finnst þér að orkufyrirtækin eigi að greiða auðlindagjald fyrir nýtingu á náttúruauðlindum?

Já 86%  
Nei 14%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu áhyggjur af hlýnun loftslags á jörðinni?

Segðu skoðun þína á [visir.is](http://visir.is)



Menntaskólastúlkur á Laugum:

## Segja að sér hafi verið rænt

**LÖGREGLUMÁL** Hópur unglingsstúlkna sem stunda nám við Menntaskólann á Laugum segir skólabræður sína hafa rænt sér af heimavist skólans aðfaranótt föstudags. Sagt var frá þessu í fréttum Stöðvar 2 í gær. Að sögn lögreglu lítur út fyrir að stúlkurnar hafi verið beittar valdi og búast megi við kærnu vegna kynferðisbrots.

Málið virðist hafa byrjað með hrekjum milli tveggja fylkinga í skólanum, annars vegar stráka og hins vegar stúlkna, en þeir hafi stigmagnast og að lokum farið algerlega úr böndunum. Ein stúlkanna var sett í farangursgeymslu bíls, vatni var hellt á þær og grunur leikur á að káfað hafi verið á þeim.

Lögreglan á Húsavík rannsakar málið og hefur yfirheyrð tíu manns.

- sh

## SVÍPJÓÐ

## Möguleg bilun í kjarnaofnum

Slökkt var á tveimur kjarnaofnum í Forsmark-kjarnorkuverinu í Svíþjóð í gær vegna mögulegra vandamála með gúmmipéttingar í ofnumum. Verið framleiðir um einn sjötta af allri raforku Svía. Talsmaður þess sagði atvikið ekki alvarlegt.

## SÍBERÍA

## Bjargað af ísnum

Hátt í fimm hundruð manns var bjargað við strendur Okhotsk í Síberíu í gær en fólkið var á ís sem brotnaði og rak á haf út. Mikil skelfing greip um sig, einkum meðal barna sem voru í hópnum. Engum varð þó meint af verunni á ísnum.

## GARÐABÆR

## Bæjarstjóri spjallar á netinu

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, ætlar frá og með næsta fimmtudegi að spjalla við alla sem vilja á netinu. Samræðurnar verða síðan vistaðar í gagnagrunni bæjarins.

- sh



# Námskeið í Matstækni

við Háskólann í Reykjavík



Matstækni er hagnýtt og sérhæft nám sem er sniðið fyrir sérfræðinga og þá sem hafa hug á að starfa á sviði eignamats, s.s. kostnaðarmats vegna viðhalds fasteigna, markaðsmats vegna fasteignaviðskipta o.fl.

Námskeið hefjast í febrúar.

Nánari upplýsingar má finna á [www.hr.is](http://www.hr.is) og hjá Guðmundi Borgþórssyni, [guðmb@ru.is](mailto:guðmb@ru.is).

Námskeiðin eru í kennd í samstarfi við Matmannafélag Íslands.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • KRINGLUNNI 1 • HÖFÐABAKKA 9  
SÍMI: 599 6200 [www.hr.is](http://www.hr.is)

Þær þjóðir sem mest menga halda sig til hlés á loftslagsráðstefnu SP í París:

## Bush ætlar ekki að bregðast við

**PARÍS, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti hyggst ekki bregðast við svartri skýrslu sérfræðinga-nefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar með því að gangast undir alþjóðlegar skuldbindingar. Ríkisstjórnir um heim allan eru sammála um það að eitt brýnasta verkefni sem heimurinn stendur frammi fyrir sé að bregðast snarlega við og draga úr hlýnun loftslags.

Skýrsluna unnu á þriðja þúsund vísindamanna frá 113 ríkjum og í henni eru bодаðar hörmungar verði ekkert að gert auk þess sem fram kemur að 90 prósentu líkur séu á því að loftslagsbreyt-



**ÆTLAR EKKERT AÐ GERA** Jacques Chirac gagnrýndi George W. Bush á ráðstefnunni í gær án þess að nefna hann á nafn. Bush ætlar ekki að bregðast við nýrri skýrslu um loftslagsbreytingar.

ingar séu af manna völdum. Loftslagsráðstefna SP hélt áfram í

París í gær og hvatti Jacques Chirac Frakklandsforseti þjóðir heims til að setja umhverfismálin í forgang. Flestar Evrópuþjóðir, sem og aðrar, fögnuðu tillögu Chiracs um stofnun sem gæti mótað reglur um loftslagsmál og jafnvel knúid ríki til að framfylgja þeim.

Þau ríki sem mest menga, meðal annars Bandaríkin, Kína, Indland og Rússland, héldu sig til hlés í umræðunni. Chirac lýsti óánægju sinni með það að sannfæra þyrfti sumar stórar þjóðir um mikilvægi málaflokksins, en nefndi þó aldrei Bandaríkin né aðrar þjóðir á nafn.

- sh

Flugstöð Leifs Eiríkssonar:

## Innritunarsalur tekinn í gagnið

**SAMGÖNGUMÁL** Nýr innritunarsalur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar var tekinn í gagnið í gær.

Að sögn Víkurfrétta voru bráðbirgðaskilrúm fjarlægð undir lok síðustu viku og þar með opnað inn í nýja salinn. Hagvant fólk ætti því ekki að komast hjá því að taka eftir þeim miklu breytingum sem átt hafa sér stað í innritunarsalnum.

Á næstu vikum stendur einnig til að endurnýja innritunarborð stöðvarinnar. Þegar endurnýjun salarins er að fullu lokið síðar í vor mun afkastageta innritunar aukast til muna og allar aðstæður gjörbreyttast til batnaðar.

- þsj

# Leigjendur fastir í lágtekjuvítahring

Fjórðungur leigjenda var undir lágtekjumörkum árið 2004. Árið áður var hlutfallið tuttugu prósent. Formaður Stúdentaráðs segir nánast ómögulegt fyrir þennan hóp að safna sér fyrir útborgun fyrir íbúð. Fólkið er fast í vítahring.

**FÉLAGSMÁL** Tuttugu og þrjú prósent þeirra sem búa í leiguhúsnæði voru undir lágtekjumörkum árið 2004. Árið 2003 var þetta sama hlutfall tuttugu prósent. Gríðarleg verðhækkun á leigumarkaði síðan þá gefur tilefni til að ætla að þetta hlutfall sé nokkuð hærra í dag.

Í Hagtíðindum Hagstofu Íslands kemur fram að tæplega tíu prósent landsmanna á einkaheimilum voru fyrir neðan lágtekjumörk árin 2003 og 2004. Hlutfall þeirra sem voru undir lágtekjumörkum árið 2004 var hæst í aldurshópnum 16 til 24 ára, rúm fimmtán prósent. Lægst var hlutfallið hjá 50-64 ára, tæp sex prósent.

Miðað er við lágtekjumörk eins og þau eru skilgreind í lífsskjara-rannsókn Evrópusambandsins, en þau eru rúmar hundrað þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á mánuði fyrir einstakling sem bjó einn árið 2004 og um 215.000 krónur á mánuði fyrir tvo fullorðna með tvö börn.

„Þessar tölur koma mér ekki á óvart“, segir Sigurður Örn Hilmarsson, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. „Ástandið á leigumarkaðinum hefur farið versnandi undanfarnin ár og verð hækkad gríðarlega.“

Hann segir alls ekki einleikið fyrir leigjendur undir lágtekjumörkum að safna sér fyrir eigin íbúð. Því sé um ákveðinn vítahring að ræða.



**ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK** Jón Rúnar Sveinsson félagsfræðingur segir fjölgun félagsíbúða á leigumarkaðinum geta skýrt þetta háa hlutfall leigjenda undir lágtekjumörkum að einhverju leyti.

Jón Rúnar Sveinsson félagsfræðingur segir hátt hlutfall leigjenda undir lágtekjumörkum að einhverju leyti geta skýrt af fjölgun íbúða á félagslega leigumarkaðnum. Þær íbúðir fá tekjulægsta fólkið, og breyti þar með hlutföllunum milli félagslega og almenna leigumarkaðarins.

Í skýrslu Hagstofunnar kemur einnig fram að tekjur þess fimmtungs landsmanna sem eru með hæstar ráðstöfunartekjur eru rúmlega þrisvar sinnum meiri en tekjulægsta fimmtungsins.

Gini-stuðullinn, sem sýnir dreifingu ráðstöfunartekna meðal

allra landsmanna sem búa á einkaheimilum, var 0,24 árið 2003 og 0,25 árið eftir. Stuðullinn væri einn ef sami maður væri með allar tekjur en núll væru allir með jafnar tekjur.

Sé lágtekjuhlfall Íslands borið saman við aðrar Evrópuþjóðir kemur í ljós að aðeins ein þeirra er með lægra hlutfall, Svíþjóð. Ísland er því með einna lægsta hlutfall íbúa undir lágtekjumörkum í Evrópu. Írland, Pólland, Litháen og Tyrkland verma efstu sæti listans með rúm tuttugu prósent íbúa undir lágtekjumörkum. [salvar@frettabladid.is](mailto:salvar@frettabladid.is)

Formaður lyfjaráðs ÍSÍ harðorður um lyfjafund hjá kraftlyftingaformanni:

## Þetta er einfaldlega skelfilegt

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er einfaldlega skelfilegt ef það er formaður ípróttafélags sem er tekinn með ólögleg lyf“, segir Skúli Skúlason, formaður lyfjaráðs Ípróttasambands Íslands, um mál Jóns Gunnarssonar, formanns Kraftlyftingasambands Íslands, þar til á föstudagskvöld.

Jón var handtekinn á föstudag með yfir 30 þúsund töflur og hylki af ólöglegum lyfjum. „Þetta er solumagn fyrir helling af ípróttamönnum“, segir Skúli.

KRAFT er ekki innan Ípróttasambands Íslands (ÍSÍ) en ný stjórn félagsins mun hafa hug á því að ganga í sambandið.

„Kraftafélög hafa lýst yfir áhuga á að koma til baka og við fögnum því vegna þess að það



**ÓLÖGLEGU LYFIN** Magnið sem formaður KRAFT var tekinn með er gríðarlegt. MYND/STÖÐ 2

kallar á vangaveitur um ípróttamenn þegar þeir gefa ekki kost á sér í lyfjaeftirlit. En þetta mál hjálpar ekki. Ætli kraftlyftingamenn sér að komast inn í ÍSÍ verða þeir að klippa á öll tengsl við þennan mann“, segir Skúli.

Ólögleg lyf hjálpa ekki aðeins ípróttamönnum að hafa rangt við heldur eru þau einnig skaðleg

heilsu þeirra að sögn Skúla og geta haft afar óæskileg félagsleg áhrif. „Ef innflutningur þessara efna er að aukast þá er það mjög varhugaverð þróun. Það hafa til dæmis borist fréttir frá Norðurlöndunum þar sem sterar tengjast slæmum ofbeldismálum. Þetta er stórhættuleg efni“, segir Skúli.

- gar

# Frábært verð

**20%  
afsláttur**

**1.435** kr/kg. áður 1.794 kr/kg.  
Lambalæri ferskt vac



**25%  
afsláttur**

**461** kr/kg. áður 614 kr/kg.  
Gourmet grillborgarar m/brauði



**20%  
afsláttur**



**399** kr/stk. áður 499 kr/stk.  
Freschetta Brickoven pizzur



**99** kr/stk  
T2 peru og sítrónu - 2 ltr.



**25%  
afsláttur**

**344** kr/stk. áður 459 kr/stk.  
Nettó vanilluís og súkkulaðiís - 3 ltr.



**Gillette Fusion komin  
í verslanir Nettó**

Gillette Fusion

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda: 4. febrúar eða á meðan birgðir endast  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

**nettó**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða rokksveitir sem voru upp á sitt besta á áttunda áratugnum munu troða upp saman í Laugardalshöll í lok maí?
2. Hvaða landskunni sjónvarpsmaður og skemmtikraftur mun fara með alvarlegt hlutverk í nýjum söngleik á næstunni?
3. Hver er nýr forstjóri Glitnis á Íslandi?

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Deilur um hafsveiðir milli Íslands og Færeyja úr sögunni með nýjum samningi:

## Ágreiningur frá 1975 jafnaður

**UTANRÍKISMÁL** Samningar hafa tekist um afmörkun hafsveiðisins milli Íslands og Færeyja, og skrifuðu Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Jóhannes Eidesgaard, lögmaður Færeyja, undir samninginn í fyrradag. Áður hafði utanríkisráðherra Danmerkur undirritað samninginn.

Deilt hefur verið um mörk efnahagslögsögu Íslands og Færeyja síðan landhelgin var færð út í 200 mílur árið 1975, þar sem íslensk stjórnvöld miðuðu miðlúna milli landanna við klettinn Hvalbak, sem dönsk stjórnvöld gerðu fyrirvara við. Við það varð til 3.700 ferkílómetra svæði sem deilt



**SAMKOMULAG** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Jóhannes Eidesgaard, lögmaður Færeyja.

var um, en þeim deilum er nú endanlega lokið. Valgerður og Eides-

gaard ræddu einnig Hoyvíkur-samninginn, fríverslunarsamning milli Íslands og Færeyja, og ákváðu að flýta skipan sameiginlegrar nefndar um framkvæmd samningsins. Nefndin mun fundast í fyrsta skipti í Færeyjum síðar í mánuðinum, að því er fram kemur í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu.

Á fundi Valgerðar og Eidesgaard var einnig rætt um hugsanlega aðild Færeyja að EFTA, en Ísland hefur stutt þær fyrirætlanir. Enn fremur var upplýst að opnuð yrði ný ræðisskrifstofa Íslands í Þórshöfn hinn 1. apríl næstkomandi. -bj

Sendiherra Íslands í Vietnam:

## Afhenti forseta trúnaðarbréf

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra afhenti í gær forseta Vietnam, Nguyen Minh Triet, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Vietnam með aðsetur í Peking. Trúnaðarbréfið er staðfesting á því að hann hafi formlega tekið við embættinu.

Að athöfn lokinni var rætt um ný tækifæri í viðskiptum í kjölfar aðildar Vietnam að Alþjóðavíðskiptastofnuninni og aukin samskipti almennt, að því er segir í fréttatilkyningu. Einnig var framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinu þjóðanna kynnt, en Vietnam býður sig fram um svipað leyti. -sps

Vesturlandsvegur:

## Tvöföldun vegarins í bígerð

**SAMGÖNGUR** Í drögum að vega-áætlun sem eru til umræðu í þingflokkum er gert ráð fyrir tvöföldun Vesturlandsvegjar frá Kjalarnesi til Borgarness. Þetta hefur Skessuhorn eftir heimildarmönnum sínum. Á vef Skessuhorns segir að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir 2 plús 1 vegi á leiðinni en á fimmtudag hafi þingmönnum borist ný útgáfa þar sem gert er ráð fyrir tvöföldun.

Ráð er gert fyrir að kostnaður við verkið nemi sex milljörðum króna. Fjármögnunarleið liggur ekki fyrir en í áætluninni segir að framkvæmdirnar verði fjármagnaðar „með sérstökum hætti“.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Mildi að ekki fór verr

Ökumaður sem sofnaði undir stýri neðst í Kömbunum í fyrrakvöld var stálheppinn. Tilviljun réð því að bíllinn fór til hægrar í mól í stað þess að sveigja til vinstri og út af veginum. Bíllinn skemmdist ekkert og ökumaðurinn slapp ómeiddur.

#### Valt á hvolf út í Hörgá

Fólksbíll rann út af veginum og valt á hvolf út í Hörgá í fyrrakvöld. Ökumaðurinn komst sjálfur út úr bílnum og var fluttur á sjúkrahús til skoðunar. Meiðsl hans reyndust ekki alvarleg. Bleyta og krapi voru á veginum þar sem slysið varð.



**VATNSENDI** Ættingjar deila um milljarða.

Deilan um Vatnsenda:

## Sýslumaðurinn vísar kröfu frá

**JARÐADEILUR** Sýslumaðurinn í Kópavogi vísar frá embættinu kröfu Karls Hjaltested um að hlutar erfðaskrár vegna Vatnsendajardarinnar verði felldir úr gildi. Karl telur að núverandi ábúandi á Vatnsenda, bróðursonur hans, Þorsteinn Hjaltested, uppfylli ekki og geti ekki uppfyllt ákvæði erfðaskrár sem þáverandi eigandi landsins gerði á fjórða áratug síðustu aldar. Því beri að skipta jörðinni jafnt milli barna Sigurðar Hjaltested, sem var faðir Karls og afi Þorsteins.

Sýslumaður mun telja að sig brestir heimildir til að úrskurða um kröfu Karls þar sem fyrir liggir hæstaréttardómur varðandi erfðaskrána. -gar

# Síðasta afbrotahrina sonarins er kall á hjálp

Faðir ungs afbrotamanns og fíkniefnaneytanda segist ráðþrota og að hann sjái ekkert nema slæma hluti fram undan. Sonur hans situr nú í síbrotagæslu fyrir fjölmörg innbrot og stök úr fangaklefa á Akureyri. Segir kerfið hafa brugðist.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég veit ekki hvað ég á að gera. Ekki get ég hætt að taka inn eiturfyllingu fyrir hann. Ég get ekki lagað þau einkenni sem hann hefur verið greindur með og það er í raun ekkert nema slæmt fram undan að öllu óbreyttu. Ef kerfið fer ekki að sýna þá ábyrgð sem það sýndi fram að 18 ára aldri þá held ég að það sé mjög stutt í að hann taki sitt eigið líf. Þessi síðasta afbrotahrina hans er ekkert annað en kall á hjálp,“ segir Baldvin Nielsen, faðir Sigurbjörns Adams Baldvinnssonar, 21 árs fíkniefnaneytanda, sem situr í síbrotagæslu á Akureyri vegna fjölda afbrota og fyrir að strjúka úr gæsluvarðhaldi. Hann á einnig yfir höfði sér dóm ásamt hópi annarra ungmenna vegna auðgunar og fíkniefnabrota víðs vegar um landið.

Sigurbjörn var greindur með ofvirkni, athyglisbrest og dómgreindarskort þegar hann var sex ára. „Læknirinn sem við vorum með sagði það vera möguleika að gefa honum ritalín en það kom bara ekki til greina af minni hálfu. Það stóð ekkert annað til boða á Íslandi á þessum tíma.“

Nokkrum árum síðar flutti Baldvin með Sigurbjörn og systkini hans til Danmerkur þar sem þau bjuggu í fjögur ár. Þar var Sigurbjörn sendur í sérskóla og þannig kynntist fjölskyldan dönskum félagsúræðum. „Það var skóli með um 25 nemendur sem allir áttu í erfiðleikum félagslega. Um fimmtán sérfræðingar unnu með nemendum. Drengurinn var keyrður fram og til baka og komið í sveit síðdegis. Síðan kom hann heim með rútu á kvöldin og danska ríkið borgaði allt saman. Þeir vildu setja hann í prógramm fram að 20 ára aldri og sögðu að annars gæti hann líklega orðið glæpamaður eða eitthvað viðlíka. Það hefur komið í ljós að það sem þeir sögðu í Danmörku hefur orðið að veruleika.“ Þegar Sigurbjörn flutti heim með börnin var Sigurbjörn samstundis



**BALDVIN NIELSEN** Segist hvorki geta hætt að taka inn eiturfyllingu fyrir son sinn né lagað þau einkenni sem hann hefur verið greindur með á unga aldri. Hann er svart-sýnn á framhaldið og telur íslensk félagsúræði bregðast sjúku fólki.

„Ég get ekki einu sinni hringt á Vog og spurt hvort hann sé í meðferðinni sem hann segist vera í. Það kemur mér bara ekkert við.“

**BALDVIN NIELSEN**  
FAÐIR SIGURBJÖRNS

settur á ritalín. Síðan þá hafa vandræði hans aukist jafnt og þétt.

Baldvin segir að það vanti úrræði fyrir fólk sem er orðið átján ára. „Þegar þeim aldri er náð þá er allt í einu ekkert í kerfinu sem tekur við. Meira að segja þegar viðkomandi er talinn í lífs-hættu líkt og ég tel son minn vera í dag, út af eiturfyllingunni, þá get ég ekkert gert. Ég get ekki einu sinni hringt á Vog og spurt hvort hann sé í meðferðinni sem hann segist vera í. Það kemur mér bara ekkert við. En kemur mér það ekki við þegar ég fæ senda dánartilkynninguna?“

Að sögn Baldvins hafa fíkniefnaneytandi og afbrotin gífurleg áhrif á helstu aðstandendur Sigur-

björns. „Móðir hans þurfti að skipta um íbúð nú um mánaðamótin út af öllu þessu veseni á Sigurbirni í haust. Lögreglan var alltaf að gera húsléitir heima hjá henni og leigjandinn uppi vildi bara losna við þau. Það er náttúrulega ekkert hægt að búa við þetta.“

Baldvin telur að neyslusaga Sigurbjarnar hafi hafist þegar hann var settur á ritalín við komuna heim frá Danmörku. „Eftir á að hyggja held ég að ritalingjöfin hafi meira verið til að skapa ró frá samfélaginu og gera hann hlutlausan í staðinn fyrir að hjálpa honum. En auðgunarbrotin byrjuðu þegar hann var sjö til átta ára. Hann stalur, það hefur aldrei verið neitt vandamál fyrir hann að stela. Það er dómgreindarskorturinn sem hann var greindur með. Hann framkvæmir, en hugsar síðan eftir á að hann sé í djúpu skít. Ég er búinn að hafa áhyggjur af honum síðan hann var lítill strákur. Og mér leið ágætlega þegar ég vissi af honum í síbrotagæslunni. Þá vissi ég að minnsta kosti hvar hann var.“  
thorur@frettabladid.is

# Átt þú eða maki þinn barn úr fyrra sambandi?



[www.stjuptengsl.is](http://www.stjuptengsl.is)

## Námskeið á vegum Félags stjúp-fjölskyldna

**Námskeið fyrir stjúpmaður:**

Laugardaginn 10. febr. kl. 11.00 - 16.00 og sunnudaginn 11. febr. kl. 11.00-13.00

Verð kr. 20.000,- | Kr. 18.000,- fyrir félagskonur

**Námskeið fyrir pör/hjón og einstaklinga:**

Laugardaginn 10. mars kl. 10.00 - 16.00

Verð kr. 11.000,- pr. mann | Kr. 9.000,- fyrir félagsmenn

Athugið að mörg stéttarfélag veita styrki til þátttöku námskeiðum!

Leiðbeinendur eru:

Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi, MA.  
Marín Jónasdóttir uppeldis- og menntunarfræðingur, MA.

Áhugasamir skrái sig á netfangið: [stjuptengsl@stjuptengsl.is](mailto:stjuptengsl@stjuptengsl.is) eða í síma 692 9101.



FÉLAG STJÚP-FJÖLSKYLDNA

## STRAUK ÚR GÆSLUVARÐHALDI

Sigurbjörn Adam Baldvinnsson er fæddur 1985. Hann var partur af hópi sex ungmenna sem fóru ránshendi um landið síðastliðið haust, en hluti hópsins vakti mikla athygli eftir að hafa verið handtekinn í kjölfar innbrots í félagsheimilið Árnes í Gnúpverjahreppi.

Ákæra í 28 liðum var gefin út á hendur hópnnum og aðalmeðferð þess máls fór fram um miðbik þessa mánaðar. Brotin sem þau eru ákærð fyrir eru að mestu auðgunarbrot. Flestir ákæruliðirnir beinast að Sigurbirni Adam og öðrum manni. Sá er fæddur 1988.

Auk þess eiga þeir báðir ókláruð fjölmörg mál hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og í Borgarnesi, en þar er verið að leggja lokahönd á ákæru vegna ýmissa brota mananna í umdæminu.

Sigurbjörn var síðast handtekinn í grennd við Varmahlíð eftir að hafa, ásamt tveimur öðrum, stökkið úr gæsluvarðhaldi á Akureyri í síðustu viku. Premenn-

ingarnir höfðu verið handtekin daginn áður vegna gruns um bílþjófnaði, innbrot og fjásvik með greiðslukortum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Þeim tókst að flýja úr fangelsinu á Akureyri og fóru í kjölfarið í gönguferð um bæinn. Hún endaði með því að þau brutust inn í mannaúst húsn, stálu þar tölubúnaði og síðan bíl húsráðanda. Á honum óku þau áleiðis til Reykjavíkur þangað til að þau voru handtekin á ný.

Sigurbjörn var á föstudag úrskurðaður í síbrotagæslu til 2. mars.



**FANGELSIÐ Á AKUREYRI** Sigurbjörn strauk þaðan í síðustu viku.



VIÐ STYÐJUM LANDSLIÐIN

## *í blíðu og stríðu*

# ÞAKKA YKKUR FYRIR

Landslið Íslands í handbolta stóð sig frábærlega í harðri baráttu og þjóðin veitti strákunum mikilvægan og jákvæðan stuðning í blíðu og stríðu.



Heimsmeistaramótið í handbolta í Þýskalandi hefur verið frábær skemmtun. Strákarnir okkar gáfu andstæðingum sínum ekkert eftir og sýndu hvað í þeim býr; þeir eru samstillt og kraftmikið lið og verðugir fulltrúar Íslendinga í alþjóðlegri keppni.

Við þökkum íslensku þjóðinni fyrir virka og jákvæða þátttöku í mótinu, sama hvernig gekk, og við þökkum öllum þeim þúsundum manna, karla og kvenna, sem skráðu sig í samtökin „Í blíðu og stríðu“.

FRAMUNDAN ERU NÝ TÆKIFÆRI. SNÚUM BÖKUM SAMAN,  
ALLTAF, OG SETJUM MARKIÐ HÁTT!

**ÁFRAM ÍSLAND**

ICELANDAIR



Það þarf að kenna börnunum umferðarreglurnar í netheiminum.

## Níðingar á netinu

JÓN KALDAL SKRIFAR

Tölvunotkun barna og unglunga hefur fengið á sig heldur óttalegan blæ undanfarnar vikur. Barnaníðingar virðast líta á netið sem sínar helstu veiðilendur í leit að fórnarlömbum og á stuttum tíma hafa komið upp fleiri en eitt tilvik þar sem kallað hefur verið eftir hjálp lögreglunnar til að eiga við unglingspíla sem hafa tryllt þegar foreldrar þeirra hafa viljað stöðva taumlausu leiki þeirra í netheiminum.

Í framhaldi af þessu hafa skotið upp kollinum sjálfskipaðar leitarsveitir sem leggja gildir fyrir níðingana á netinu og umræðan um nettölvuleikina er eins og þeir séu hættulegir út af fyrir sig.

Hvort tveggja eru skiljanleg viðbrögð en endurspeglar þó ekki annað en þá fullkomlega óraunhæfu trú að hægt sé að fjarlægja háskann af netinu. Það er vonlaust verkefni. Níðingarnir hverfa ekki og leikirnir eru ekki hættulegir út af fyrir sig.

Miklu nær er að kenna börnunum á netið eins og Guðberg Jónsson, verkefnisstjóri hjá félaginu SAFT (Samfélagi, fjölskyldu og tækni) bendir á í viðtali við Morgunblaðið í gær, en SAFT hefur verið í fararbroddi þeirra sem vilja efla vitund um hvernig á að njóta netsins og á öruggan, jákvæðan og fræðandi hátt.

Foreldrar þurfa sem sagt að kenna börnunum hvað þarf að varast á netinu rétt eins og þeim eru kenndar umferðarreglurnar áður en þeim er leyft að ganga einum í skólann. Og umfram allt þurfa foreldrar að fylgjast með ferðum barna sinna í netheiminum og setja ákveðnar reglur um hversu lengi þau dvelja þar í einu.

Það síðarnefnda skiptir ekki síst máli þegar kemur að nettölvuleikjunum, sem hafa mátt sæta heldur einhliða og ósanngjarnri gagnrýni. Fjöldi leikja krefst þess að spilarinn sýni útsjónarsemi og læri að sjá að minnsta kosti einn eða tvo leiki fram í tímann til að verða eitthvað ágengt. Leikirnir geta sem sagt verið fyrirtaks æfing fyrir athyglisgáfu og rökhusun.

Við skulum heldur ekki gleyma því að nýjar gerðir af afþreyingu hafa alltaf verið dæmðar harkalega af samtíma sínum. Þannig þóttu bækur einu sinni háskaleg fyrirbrigði.

„...auk þess hefur guð sjálfur skrifað biblíuna, bókin þar sem alt stendur sem þörf er á að skrifa, þeir sem hugsa um aðrar bækur sitja einir við týru á elliárum snauðir menn, og sækja að þeim djöflar og andskotar,“ segir Kamarilla húsfreyja, „hatursmáður bókmenta“ og fóstura Ólafs Ljósvíkings í Heimsljósi nóbelskaldsins.

Annað sem er hollt að hafa á bak við eyrað og er einn angi af velmeguninni hér á landi er að sjónvörp og tölvur þykja orðið sjálfsgöðar mublur í barnaherbergjum. Þetta er misskilin gódmennska sem býður heim hættunni á því að fjölskyldumeðlimir sitji hver í sínu herbergi, hver fyrir framan sinn skjá. Það gefur augaleið að slíkt ástand hlýtur að draga verulega úr samskiptum foreldra við börn sín, sem er neikvæð þróun.

Kannanir hafa ítrekað sýnt fram á að fjöldi samverustunda barna með foreldrum sínum hefur veruleg áhrif á heilsu þeirra og hamingju; því fleiri samverustundir, í þeim mun betri málum eru börnin. Og þar með talið er að sjálfsgöðu líka að spila saman leiki í tölvunni.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arnís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir. FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Minnisbrestur

Björn Bjarnason segir á heimasíðu sinni frá samskiptum Görans Persson við fjölmiðlamenn fyrir nokkrum árum. „Göran Persson, þáverandi forsætisráðherra Svía, barðist eindregið fyrir upptöku evrunnar í þjóðaratkvæðagreiðslunni í Svíþjóð og taldi allt efnahagslíf landsins geta orðið fyrir svöðusári, ef þjóðin samþykkti ekki upptöku evrunnar. Nokkru eftir að Svíar höfðu hafnað evruaðild, var Persson spurður á blaðamannafundi, hvers vegna efnahagurinn hefði ekki farið á hliðina eins og hann hefði

spáð í evru-kosningunum. Nú, sagði ég, svaraði Göran Persson, og hló við um leið og sagði: Ég man bara ekki eftir því, hvaða vitleysa er þetta.“

#### Stefnumappan

Erla Hlynisdóttir lýsir setu sinni á fundi Framtíðarlandsins á fimmtudag svona: „Seinnipart dags sat ég lokaðan fund meðlima Framtíðarlandsins. Var þar rædd sú hugmynd að bjóða fram til næstu alþingis-kosninga, og voru skoðanir afar skiptar. Meðal annars voru uppi vangaveltur um að erfitt væri að ræða mögulegt framboð þar sem engin stefna lægi á borðum. Við því fengust þau svör að stefna hefði þegar verið mótuð,

og að hana væri að finna í möppu sem ein forsvarskonan hefði undir höndum. Fyrir fundinn hefði þó verið ákveðið að halda þessari stefnu frá meðlimum Framtíðarlandsins til að koma í veg fyrir að fjölmiðlar tættu hana í sig.“

#### Leyndósteftna

Um þetta segir Stefán Pálsson á heimasíðu sinni: „Um daginn kvartaði Ingibjörg Sólrún yfir að Samfylkingunni væri refs- að fyrir að vera of pólitísk. Forsvarsfólk Framtíðarlandsins ætlar greinilega ekki að gera þau mistök. Dásamleg hugmynd að framboð til Alþingis hafi stefnu sem sé leyndó.“

bjorgvin@frettabladid.is

## Eignarréttindi og orkufyrirtækin

Eitt af þeim vandamálum sem fylgja virkjanaf framkvæmdum vegna stóriðju er að tryggja að nægjanlegt verð fái fyrir það land sem ákveðið hefur verið að fórna. Margir hafa meðal annars gagnrýnt virkjanaf framkvæmdirnar við Kárahnjúka á þeim forsendum og bætir ekki úr skák að erfitt er að svara þeirri gagnrýni þar sem viðskiptahagsmunir eiganda Landsvirkjunar og samningar við orkukaupa heimila ekki að orkuverðið sé birt opinberlega. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við þetta ástand sé erfitt að búa. Finna þurfi leið til þess að eyða grunsemdum um að sá fjárhagslegi ávinningur sem stefnt er að sé nógu mikill til að réttlæta að gengið sé að náttúru Íslands. Á það hefur verið bent, meðal annars í þessum pistlum, að hluti af þeirri lausn sé að losa um eignarhald ríkisins á Landsvirkjun. Það mætti gera til dæmis með því að láta ríkið halda áfram að eiga flutningskerfið fyrir raforkuna en selja fyrirtækið í einu lagi eða skipta því upp í nokkrar einingar og selja þannig. Aðalatriðið er að þar með væru rofin tengslin á milli margvíslegra hagsmuna ríkisins eins og til dæmis byggðáþróunar, stöðu ríkissjóðs og hagvaxtar annars vegar og ákvarðana um virkjanir hins vegar. Ef orkufyrirtækin eru í eigu einkaaðila þá verður einungis horft til þess hvort það orkuverð sem samið er um er nógu hátt til að standa undir eðlilegri arðsemiskröfu.

Mér er ljóst að það er nokkuð í það að Landsvirkjun verði seld. Bæði er það að salan yrði mjög flókin og undirbúningstími hennar langur og hitt er að andstaða við slíka gjörð gengur þvert á flokkalínur og hún er það mikil, að óráðlegt væri að þvinga slíkt í gegn, deilurnar yrðu ómiklar. Mín skoðun er sú að þegar fram líða stundir muni ríkið draga sig af raforkumarkaðinum og þar með



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Orkumál

verði endir bundinn á þátttöku þess í stóriðju. En meðan ríkið á Landsvirkjun þá þurfum við að finna leiðir til að draga úr þeim ágöllum sem fylgja því að ríkið er að framleiða rafmagn.

Hugmynd Vígundar Þorsteinssonar um auðlindasjóð er góð og nothæf þegar kemur að því landsvæði sem er í eigu ríkisins. Þá er eðlilegt að ríkið leggi fjárhagslegt mat á verðmæti þess lands sem fórna á og að það mat verði gert opinbert. Undirtektir iðnaðarráðherra við þá hugmynd eru eftirtektarverðar. Aftur á móti tel ég ekki rétt að beita þessari sjóðshugmynd þegar um er að ræða lönd í einkaeign. Þá á ríkið ekki að skipta sér af umfram það að setja almennar reglur um umhverfisvernd. Það er síðan landeiganda að semja við orkufyrirtækið um það verð sem eigandinn telur að þurfi að koma fyrir jörð sína.

Í slíkum samningum hlýtur landeigandinn að horfa til annarra nýtingarmöguleika, svo sem ferðamennsku, landbúnaðar, sumarhúsabyggðar o.s.frv. Og auðvitað kann landeigandi að komast að þeirri niðurstöðu að hann eða hún vilji ekki selja jörð sína, meðal annars af tilfinningarlegum ástæðum eða vegna þess að viðkomandi er á móti stóriðju framkvæmdum. Hingað til hafa orkufyrirtækin haft þann möguleika að knýja fram eignarnám til þess að tryggja að samningar náist.

Ég hef lagt til að við skoðum það vel hvort ekki eigi að takmarka möguleika iðnaðarráðherra og orkufyrirtækjanna þar með til að beita þeim eignarnámsheimildum sem eru í raforkulögunum. Það má færa fyrir því rök að þegar verið var að raforkuvæða landið hafi ríkið almannahagsmunir ráðið því að nauðsynlegt var að geta tekið jarðir eignarnámi til að ekki væri komið í veg fyrir að þjóðin gæti notið þess að hafa næga og örugga raforku.

Þau sjónarmið eiga enn við þegar um er að ræða virkjanir sem ætlað er að mæta almennri orkuþörf landsmanna. En það er mun langsóttara að halda því fram að þegar um er að ræða viðskipti á milli orkufyrirtækis og eins eða tveggja orkukaupa að þá sé hægt í krafti almannahagsmuna að ganga gegn jafn mikilvægum réttindum og eignarréttinum. Nær er að gera þá kröfu að þegar um er að ræða virkjanir vegna eins notanda verði orkufyrirtækin að ná samkomulagi við landeigendur.

Sé þessi leið farin þá blasir við eftirfarandi mynd: Ríkisvaldið ákveður á hvaða svæðum leyfilegt er að virkja. Það setur einnig lög um hvaða umhverfiskilyrði þarf að uppfylla til að framkvæmdir megi hefjast. Jafnframt leggur það fjárhagslegt mat á það landsvæði sem glatast eða spillist vegna framkvæmdanna. Það mat verður opinbert og því hægt að ræða hvort það mat er skynsamlegt eða ekki. Þar sem um er að ræða land í einkaeign þurfa orkufyrirtækin að ná samkomulagi við landeigendur og geta ekki beitt fyrir sig möguleikum á eignarnámi. Þetta mun þýða að öllum líkindum hærra orkuverð en til stóriðju en um leið kemur „réttara“ verð fyrir þá náttúru sem við höfum ákveðið að fórna.

### MEST LESNU GREINARNAR Á VÍSI

- Með linsur í heilt ár** Fjarlægja þurfti augnlinsur úr kínerskum manni með uppskurði eftir að hann hafði þær í augnum í heilt ár.
- Kærir vefsíðu** Í kjölfar umfjöllunar Kompáss um barnaníðinga settu ungir piltar upp heimasíðun barnaperrar.is þar sem þeir hugðust leiða barnaníðinga í gildru. Þeir voru kærðir.
- Þrír hafa gefið sig fram** Þrír menn af þeim fjórum sem gengu í gildru fréttaskýringa-þáttarins Kompáss þegar þeir héldu sig vera að fara á fund þrettán ára stúlkubarns, hafa gefið sig fram við lögreglu.
- Bónorð í beinni** Fyrirsætan Tyra Banks fékk bónorð í beinni sjónvarpsútsendingu frá ættarhöfðingja í Nígeríu. Tyra var í spjallþætti Larrys King og meðan á því stóð barst þættinum tölvupóstur frá Nígeríu með bónorðinu.
- Kenndi börnum að drekka og reykja** Lögreglan í Varsjá hefur yfirheyrt mann sem er grunaður um að kenna fjórum sonum sínum, tveggja til átta ára, að reykja og drekka. Eiginkona mannsins varð tortryggin þegar hún mætti tveggja ára syni sínum í eldhúsinu með sigarettu í munnvikinu.
- Á leið í alvöru fangelsi** Leikarinn Lane Garrison, sem þekktur er fyrir leik sinn í þáttunum Prison Break, gæti verið á leið í alvöru fangelsi. Hann keyrði undir áhrifum eiturlyfja og lenti í slysi þar sem ungur piltur lést.
- Ástralal drekka skólp** Íbúar í Queensland í Ástralíu munu bráðlega fá endurrunnið skolpvatn í kranavatninu. Hugmyndin nýtur afar lítilla vinsælda hjá íbúnum en fylkisstjórnin segir engra annarra kosta vöð.
- Inn fyrir þröskuldinn** Hundrað og níu karlmenn settu sig í samband við tálbeitu Kompáss. Niútiú og þrír vildu nánari kynni. Fimm fullorðnir karlmenn gengu alla leið – yfir þröskuldinn og inn á heimili þar sem þeir héldu að þrettán ára stúlka tæki á móti þeim.
- Allt að 90 prósentu verðmunur** Nikótínlyf kosta mismikið í apótekum landsins. Samkvæmt könnun Neytendasamtakanna er verðmunurinn að meðaltali um 46 prósent og fer allt upp í 90 prósent.
- Bryndís og Sigur Rós mómæla** Ekki eru allir ánægðir með tengibraut um Álafossvos í Mosfellsbæ. Bryndís Schram settist fyrir framan vinnuvél til að stöðva framkvæmdir og hljómveitin Sigur Rós hyggst halda tónleika til að vekja athygli á málinu.

# Stjórnmalalíf í upplausn?

## UMRÆÐAN

Stjórnmalumhverfið

Munum við sjá tvo lista aldræðra og öryrkja bjóða fram í komandi kosningum? Mun Framtíðarlandið bjóða fram með Ómari Ragnarssyni? Áform af þessu taginu eru ekki góðs viti og ná væntanlega ekki miklum árangri, nema skapa nokkurn usla og upplausn. Frjálslyndi flokkurinn er ráðgáta: meirihlutinn virðist hafa ákveðið að feta í fótspor hins danska þjóðarflokks, á meðan minnihlutinn hefur hlaupist á brott. Hvert vitum við ekki.

Hið svokallaða kaffibandalag er í upplausn. Helsti hvatamaðurinn að því bandalagi, Steingrímur J. Sigfússon, á enn eftir að gefa skýr svör um það hvort hann vill vinna með hinum nýja þjóðarflokki Guðjóns Arnars Kristjánssonar. Svarið verður sannarlega athyglisvert. Vinstri græn eiga fyrirmyndir og systurflokka á Norðurlöndunum. Myndi nokkur þeirra flokka vilja vinna með flokki á borð við Frjálslynda flokkinn?

Kreppa Framsóknarflokksins hefur verið ljós lengi. Uppgjöf Halldórs Ásgrímssonar var auðvitað mikið áfall. Flokkurinn rær nú lífróður; aldrei hefur staða hans verið verri. Þetta skiptir gríðarlegu máli, enda sjaldan sem ríkisstjórnir eru myndaðar án Framsóknarflokksins.

Samfylkingin á í vanda og vinsælt að tala hana niður. Nú síðast Jón Baldvin Hannibalsson. Á meðan hlær Geir H. Haarde alla leið í bankann. Hvað hann ætlar að gera við innistæðuna er þó óljóst, nema að hann hefur lýst því yfir að ekki komi til greina að stofna reikning með Frjálslyndum.

### Smá raunsæi

Í ljósi þessa er rétt að leiða örlítið raunsæi til öndvegis í íslensku stjórnmalumhverfi:

Í fyrsta lagi verður Steingrímur J. Sigfússon aldrei forsætisráðherra. Engum kollega hans á Norðurlöndum dytti í hug að verða forsætisráðherra og slíkt dytti heldur engum öðrum í hug. Verði niðurstaða kosninganna á þann veginn (sem er ólíklegt) að vinstri



BIRGIR HERMANNSSON

græn verði stærri en Samfylkingin verða vinstri græn ekki einu sinni í ríkisstjórn (nema þá með Sjálfstæðisflokknum!) Þetta sjá allir í hendi sér við smá umhugsun.

Í öðru lagi er ljóst að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er búin að vera. Um hvað ætti framhaldslíf slíkrar stjórnar að snúast? Endalok Framsóknarflokksins?

Í þriðja lagi gerist það sjaldan að stjórnarandstaða taki við af stjórnarflokkum. Ný ríkisstjórn

er gjarnan sambland af þeim sem fyrir voru og nýjum flokki. Skyldi það vera tilviljun?

Í fjórða lagi snúast stjórnmal um meira en eitt mál. Stóriðja sameinar fólk í andstöðu, en sameinar það ekki endilega í neinu öðru. Ríkisstjórnir verða ekki myndaðar um slíkt, allra síst af Ómari Ragnarssyni.

Í fimmta lagi leiða mörg andstöðu- og mótmælaframboð ekki til ríkisstjórnarmyndunar, heldur gætu þau þvert á móti styrkt ráðandi öfl í sessi.

Í sjötta lagi verður niðurstaða kosninganna ríkisstjórn undir forseti Sjálfstæðisflokksins eða Samfylkingar, eða samstarf þessara flokka. Þetta eru valkostirnir.

Í sjöunda lagi er það mikið

vafamál hvort Frjálslyndi flokkurinn sé hæfur til setu í ríkisstjórn. Mun einhver treysta honum?

Í áttunda lagi er ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og vinstri grænna ólíkleg, svo ekki sé meira sagt, nema með uppgjöf á helstu stefnumálum vinstri grænna. Annað eins hefur vissulega gerst í íslensku stjórnmalasögu! Þeir sem tala um ríkisstjórn af þessu taginu hafa ekki bent á málefnalegan grundvöll hennar. Hver ætti hann að vera?

Í níunda lagi, þá virðist líklegasta ríkisstjórnin vera annað hvort Samfylking, vinstri græn og Framsóknarflokkur, eða Sjálfstæðisflokkur og Samfylking.

Í tíunda lagi, þá á Ísland við

efnahagsvanda að etja, þó að það vilji gleymast í eyðslubrúna sívaxandi viðskiptahalla. Næsta ríkisstjórn verður að taka á þessum vanda.

### Fáir valkostir?

Þegar allt þetta er haft í huga virðast fáir valkostir í stöðunni. Sjálfstæðisflokkurinn hefur yfirburðastöðu. Ef kjósendur skerpa fyrir sér valkostina, gæti þetta þó breyst. Það gerist þó einungis með því að Samfylkingin styrki stöðu sína. Hitt gæti þó einnig gerst – og er jafnvel heldur líklegt – að erfitt eða jafnvel ómögulegt verði að mynda ríkisstjórn. Minnihlutastjórn eða utanþingsstjórn gæti þá orðið lendingin.

Höfundur er stjórnmalafraeðingur.

## Stafir standa sterkir



### Ársfundur 2007



Ársfundur Stafa verður haldinn miðvikudaginn 16. maí 2007 kl. 14:00 á Grand Hótel, Reykjavík. Dagskrá fundarins auglýst síðar.

## Góð ávöxtun á árinu 2006

Þann 1. janúar 2007 tók Stafir lífeyrissjóður til starfa. Hann er sameinaður sjóður Samvinnulífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðsins Lífiðnar og byggir því á traustum grunni sjóða sem eiga sér sögu allt frá árinu 1939. Samtals var 5,7 milljarða króna umframeign deilt út til sjóðfélaga fyrir sameiningu eigna og skuldbindinga miðað við stöðu sjóðsins um mitt ár 2006.

Í sjóðnum eiga tæplega 52 þúsund einstaklingar réttindi. Eignir hans nema rúmum 75 milljörðum króna og er hann því í röð stærstu lífeyrissjóða á Íslandi. Eignir sjóðsins umfram heildarskuldbindingar eru 3.397 milljónir króna.

Nafnávöxtun allra eigna sjóðsins á árinu 2006 var 16,6%. Góð ávöxtun skýrist að stórum hluta af markaðshækkun hlutabréfa og veikingu krónunnar.



Efnahagsreikningur í árslok		
Í þúsundum króna	31.12.2006	Br. milli ára
Verðbréf m. breytilegum tekjum	33.262.682	43%
Verðbréf m. föstum tekjum	30.977.892	8%
Veðlán	9.480.400	8%
Kröfur	354.460	-7%
Sjóður og bankainnistöður	836.875	-27%
Fasteignir og aðrar eignir	130.914	-61%
Skuldir	-333.010	232%
<b>Hrein eign sameignardeild</b>	<b>71.525.549</b>	<b>20%</b>
<b>Hrein eign séreignardeild</b>	<b>3.184.664</b>	<b>26%</b>
<b>Samtals hrein eign</b>	<b>74.710.213</b>	<b>20%</b>

Yfirlit um breytingar á hreinni eign		
Í þúsundum króna	2006	Br. milli ára
Iðgjöld	3.361.061	15%
Lífeyrir	-1.455.585	11%
Fjárfestingartekjur	10.667.977	15%
Fjárfestingagjöld	-98.619	19%
Rekstrarkostnaður	-120.932	10%
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b>	<b>12.353.903</b>	<b>15%</b>
Hrein eign frá fyrra ári	62.356.311	21%
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>74.710.213</b>	<b>20%</b>

Lífeyrisskuldbindingar	
Í þúsundum króna	2006
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	3.793.000
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	5,6%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	3.397.000
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	2,9%

Kennitölur	
	2006
Nafnávöxtun	16,6%
Hrein raunávöxtun	9,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár	8,7%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 10 ár	7,2%
Hrein raunávöxtun séreignardeildar 1	4,2%
Hrein raunávöxtun séreignardeildar 2	6,1%
Hrein raunávöxtun séreignardeildar 3	9,8%
Hrein raunávöxtun séreignardeildar 4	9,4%
Hrein raunávöxtun séreignardeildar 5	9,0%
Eignir í íslenskum krónum	81,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	19,0%
Fjöldi greiðandi sjóðfélaga	10113
Fjöldi lífeyrisþega	3812
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,16%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	43,3%

Tölur vegna fyrri ára byggja á meðaltali sjóðanna sem nú mynda Stafir.

**Stjórn Stafa lífeyrissjóðs**  
Guðmundur Hjaltason, formaður  
Haraldur H. Jónsson, varaformaður  
Arnbjörn Óskarsson  
Erna Hauksdóttir  
Guðbrandur P. Guðbrandsson  
Karl Stefánsson  
Niels S. Olgeirsson  
Sigurður Sigfússon

**Framkvæmdastjóri**  
Ólafur Sigurðsson

**STAFIR**  
LÍFEYRISJÓÐUR

Stórhöfði 31 • 110 Reykjavík  
www.stafir.is

## AF NETINU

### Í frjálsu falli

Sigurður Kári Kristjánsson skrifar um Samfylkinguna

Ingibjörg Sólrún og Samfylkingin eru í pólitískri nauðvörn. Það er ekkert sem bendir til að hægt verði að snúa þeirri vörn í sókn enda virðist sundrunin innan flokksins vera svo mikil að erfitt verði að berja í brestina fyrir komandi kosningar. Nægir þar að nefna harða gagnrýni guðföður Samfylkingarinnar, Jóns Baldvins Hannibalssonar, og fleiri manna úr innsta kjarna Samfylkingarinnar, s.s. Stefáns Jóns Hafstein. Það verður fróðlegt að sjá til hvaða neyðarúrræða Ingibjörg Sólrún grípur nú.

Af [www.sigurdurkari.is](http://www.sigurdurkari.is)

### Hvers virði er sálin?

Helga Vala Helgadóttir skrifar um dóma í kynferðisbrotamálum.

Maður einn framdi sálaromorð á fjölda lítilla stúlkana á tíu ára tímabili. Yngsta stúlkan var 3 ára gömul þegar þessi maður braut gróflega á henni. Þessi maður er pedofili, hann gírnist börn kynferðislega og er því klárlega farsjúkur maður. Þennan mann ætti að loka inni og veita hjálp. Það er greinilegt að þessi maður hefur ekkert að gera meðal almennings. Engu að síður telst hann sakshæfur og því hefur Héraðsdómur Reykjavíkur og nú Hæstiréttur dæmt manninn til fangelsisvistar. Hann var dæmdur í tveggja ára fangelsi í Héraðsdómi en í gær ákváðu dómarráðgjafar í Hæstarétti að tvö ár af lífi þessa manns væru of dýrmæt til að hann sæti bakvið lás og slá og mildaði dóminn niður í eitt og hálf ár. Eitt og hálf ár fær þessi farsjúki maður sem niðist á litlum stúlkuörnum og eyðileggur fyrir þeim æsku þeirra og líf um okomin ár.

Af [www.helgavala.hexia.net/](http://www.helgavala.hexia.net/)

PETTA GERÐIST: 4. FEBRÚAR 1997

## O.J. Simpson fundinn sekur í einkamáli

Í dag eru tíu ár síðan að dómstóll í Los Angeles kvað upp úrskurð í einkamáli gegn íþróttamanninum og leikaranum O.J. Simpson. Árið 1995 hafði Simpson verið sýknaður af ákærum um að hafa orðið fyrrverandi eigin konu sinni, Nicole Brown Simpson, og vini hennar, Ron Goldman, að bana. Þau höfðu fundist myrt fyrir utan íbúð Simpsons 12. júní 1994. Í kjölfar sýkunnar höfðuðu ættingjar fórnarlambanna mál á hendur honum. Kvíddómur komst að einróma niðurstöðu og fann



Simpson sekan um að hafa valdið dauða Nicole Simpson og Rons Goldman. Hann var dæmdur til að greiða fjölskyldu Goldmans um 8,5 milljónir dollara í skaðabætur. Þar sem um einkamál var að ræða var hann ekki dæmdur til fangelsisvistar. Simpson-réttarhöldin voru kölluð réttarhöld aldarinnar. Yfir helmingur bandarísku þjóðarinnar fylgdist með dómsuppkvaðningunni í sjónvarpi, sem varð þannig að einum stærsta sjónvarpsviðburði bandarískrar sjónvarpsögu.

## MERKISATBURÐIR

- 1789 George Washington er kosinn fyrsti forseti Bandaríkjanna.
- 1898 Staðfest eru lög um aðgreiningu holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinbera spítala.
- 1968 Fárviðri gengur yfir Vestfirði. Heiðrún II frá Bolungarvík ferst með sex mönnum. Varðskipið Óðinn bjargar átján manna áhöfn bresks togara en annar breskur togari sekkur og nítján manns farast.
- 1956 Verslunarbanks Íslands er stofnaður. Hann er nú hluti af Íslandsbanka.
- 1975 Yfir tuttugu þúsund manns látast í hörðum jarðskjálfta í Hondúras og Gvatemala.



HJALTI HUGASÓN, PRÓFESSOR Í KIRKJUSÖGU, ER 55 ÁRA Í DAG

„Ég var dálítið hræddur við þessa stóru veislu. Þetta var heilmikil úttekt á mínum persónuleika.“

Hjalti um fimmtugsafmælið og veisluna.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## AFMÆLI



Hörður Ágústsson listmálari er 85 ára.



Heiðmar Vilhjálmur Felixson handbolta maður er 30 ára.



Óli Gneisti Sóleyjarson háskólanemi er 28 ára.

Elfar Logi Hannesson leikari er 36 ára.



ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON Kemst aldrei hjá því að halda upp á afmælið sitt en segir það eftirminnilegasta hafa verið þegar hann varð þrítugur.

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON: FAGNAR FERTUGSAFMÆLI Í DAG

# Finnur óneitanlega fyrir hinni köldu hönd dauðans

„Ég hef vitað af þessu í dágóðan tíma þannig að þetta kemur ekkert aftan að mér, segir Þorsteinn Guðmundsson leikari, spaugari og rithöfundur, sem fagnar fertugsafmæli í dag.

Þorsteinn var við uppvask þegar Fréttablaðið truflaði hann enda von á gestum um helgina. „Þetta verður bara klassískt: opið hús fyrir fjölskylduna og svo var partí fyrir vinina á laugardagskvöld. Ég hélt partíið kvöldið fyrir afmælisdaginn þar sem ég held yfirleitt slíkar svaðveislur að fólk kemst ekkert í vinnu daginn eftir.“

Þorsteinn kippir sér ekkert upp við það þótt fertugsaldurinn sé að líða undir lok en gerir sér óneitanlega grein fyrir að hann er ekki ódauðlegur. „Maður finnur óneitanlega fyrir hinni köldu hönd dauðans en ég sinni bara mínu daglega amstri, reyni að kveðja lífið á fallegan hátt með því að gera þennan heim örliðið bærilegri.“

Afmælisdagarnir eru yfirleitt í hávegum hafðir heima hjá Þorsteini enda segist hann ekki komast upp með annað. „Þegar maður á börn þýðir ekki að vera með neitt múður, þetta er miklu

skemmtilegra fyrir þau en mig. Svo umgengt ég líka mikið af barnalegu fólki og enda alltaf á því að bjóða öllum heim.“

Af liðnum afmælisdögum segir Þorsteinn hinn þrítugasta standa upp úr. „Þá hélt ég líka voða grand grímuball þar sem mátti sjá mikið af frumlegum búningum, til dæmis mætti mamma í gervi Frelsisstyttnar. En þetta verður með hefðbundnara sniði í ár, enda ég orðinn svo þroskaður og yfirvegaður með árunum.“

bergsteinn@frettabladid.is

Breytingar hjá Strætó:

## Forstjóri stígur af vagninum

Ásgeir Eiríksson lætur af störfum sem framkvæmdastjóri Strætós bs. Samkvæmt tilkynningu frá Strætó tók Ásgeir ákvörðun um að hætta í samráði við stjórn byggðasamlagsins. Stjórnin segir að þegar Ásgeir hafi tekið við sem framkvæmdastjóri Strætós við stofnun fyrirtækisins fyrir fimm og hálfu ári hafi verið hans fyrsta verk að sameina þau fyrirtæki sem sinntu almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. „Að því loknu tók við heildarendurskoðun leiðakerfisins fyrir allt höfuðborgarsvæðið, sem lauk í mars 2006. Nýtt og skilvirkt leiðakerfi hefur orðið til þess að farþegum Strætós hefur nú fjölgað í fyrsta skipti frá stofnun fyrirtækisins,“ segir stjórnin og þakkar Ásgeiri vel unnin störf.

- gar

ÁSGEIR EIRÍKSSON Framkvæmdastjóri Strætós í fimm og hálfu ári.

MYND/PÁLL BERGMANN



Útför systur okkar, frænku, mágkonu og svilkonu,

Ölfu Þorbjargar

Hjálmarsdóttur

lyfjafræðings,

fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 5. febrúar, kl. 13:00.

Fyrir hönd aðstandenda:

Erla H. Hjálmarsdóttir Hjálmar V. Hjálmarsson

Sigríður Gísladóttir

Áslaug Ásmundsdóttir

Ingveldur Ásmundsdóttir

Kristín Jónsdóttir



Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Simon Jóhannsson (Lilaa)

Fv. verkstjóri hjá Hafskipum,

lést að dvalarheimilinu Droplaugarstöðum 31. janúar sl. Útför verður auglýst síðar.

Borghildur Símonardóttir Þorgeir Danielsson

Gunnlaugur Marteinn Símonarson

Jóhann Páll Símonarson

Viktória Hólm Gunnarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Runar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbjörgur Þórdáson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.



Stofnað 1990



## LEGSTEINAR

TILBOÐSDAGAR  
allt að 50% afsláttur  
af legsteinum og  
fylgihlutum

Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 110 Reykjavík  
sími 587 1960 www.mosaik.is

# Tölvunám á vorönn 2007



## Tölvuskólinn þinn

### Tölvu og bókhaldsnám, I

Stutt og hnitmiðuð 200 stunda námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Að námi loknu eiga þátttakendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritarar og öflugir tölvunotendur og sem fulltrúar og bókarar í bókhaldsdeildum stærri fyrirtækja.

Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu (ECDL).

#### Tölvugreinar:

Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, PowerPoint, Internet og Outlook, Stafrænar myndavélar og vinnsla stafrænna mynda.

#### Viðskiptagreinar:

Verslunarreikningur, virðisaukaskattur, reglur og skýrslur bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.

Kennt er þrisvar í viku og er boðið uppá morgun og kvöldhópa. Sjá stundaskrá á heimasíðu skólans eða hafið samband. Lengd námskeiðs: 200 kennslustundir – Námið er metið til eininga.

Verð: 153.000,-

Allar kennslubækur og ECDL próf innifalin.

Ýmsir greiðsluskilmálar og staðgreiðslulán.

#### Morgunhópur:

Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 8:30 - 12:00  
Kennsla hefst 6. feb og lýkur 17. maí.

#### Kvöldhópur:

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 18 - 21.30  
og laugardaga kl. 9 -12.30  
Kennsla hefst 6. feb og lýkur 17. maí

### ECDL tölvunám

Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Excel töflureiknir
- Internet og tölvupóstur
- PowerPoint

Kennt er þrisvar í viku og er hægt að velja um morgun- eða kvöldnámskeið.  
Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,-  
Allt kennsluefni og próf innifalin.

#### Morgunhópur:

Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 8.30 - 12.00  
Kennsla hefst 6. feb og lýkur 13. mars

#### Kvöldhópur:

Uppselt



### MCSA

Aðalmarkmið MCSA námskeiðsins er að gera þátttakendur hæfa til að starfa sem sérfræðingar og umsjónarfólk Microsoft netkerfa og veita þeim jafnframt eftirsóttu alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

Nám á þessari braut hentar því vel þeim sem þurfa að styrkja stöðu sína og samkeppnishæfni á vinnumarkaði með aukinni þekkingu, færni og alþjóðlegum prófgráðum.

#### Námsbrautin samanstendur af námskeiðunum:

- Installing, Configuring, and Administering Microsoft Windows XP Professional
- Managing and Maintaining a Microsoft Windows Server 2003 Environment
- Implementing, Managing, and Maintaining a Microsoft Windows Server 2003 Network Infrastructure
- Implementing and Managing Microsoft Exchange Server 2003

Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 17.30 - 21.30 og að auki síðasta laugardag (4X) í hverjum mán. kl. 9 -13

Kennsla hefst 5. feb og lýkur 18. júní. Lengd 60 std.

Verð kr. 266.000,- Allt kennsluefni og 4 próf innifalin.

### MCP XP

Grunnbraut fyrir þá sem vilja verða hæfir til að sjá um rekstur og uppsetningu minni og meðalstórra tölvukerfa og fá alþjóðlega vottun því til staðfestingar. Þeir sem ljúka þessu námi og því prófi sem það miðast við (70-270) fá alþjóðlega vottun sem „Microsoft Certified Professional“ MCP gráðan er einnig grunnur að flestum öðrum sérfræðinámsbrautum Microsoft.

Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 17.30 - 21.30

og að auki laugardaginn 24. feb. kl. 9 -13

Kennsla hefst 5. feb og lýkur 5. mars

Lengd 60 std. Verð kr. 89.900,- Allt kennsluefni og tilskilið próf innifalið

### Photoshop grunnur

Adobe Photoshop er yfirburðaforrit til alhliða myndvinnslu, myndlagfæringa, litleiðréttinga og myndasamsetningar fyrir skjá og prentmiðla, skapandi myndvinnslu og grafískrar hönnunar. Á þessu námskeiði er farið í helstu grunnþætti, áhöld tæki og valmyndir forritsins svo þátttakendur öðlist skilning á myndvinnslu í tölvum og geti orðið sjálfbjarga við helstu aðgerðir í forritinu sem almennir notendur þurfa að kunna skil á. Þátttakendur þurfa að hafa góða almenna tölvuþekkingu.

Lengd 21 std. Verð kr. 24.000,-

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18 - 21.30

Reykjavík: Kennsla hefst 6. feb. og lýkur 15. feb.

Akureyri: Kennsla hefst 20. feb. og lýkur 1. mars

### Photoshop ljósmyndun

Námskeið fyrir þá sem komnir eru nokkuð af stað í meðferð stafrænna ljósmynda. Farið verður í grunnatriði skráarbreytinga í ljósmyndun og vinnslu úr hráum myndum (RAW) beint úr vél í gegnum Photoshop. Megináherslur eru á lagfæringar lita og ljóshita, grunnatriði myndvinnslu á mismunandi hátt.

Unnið er með skapandi hugsun, myndbyggingu og þátttakendum leiðbeint í að virkja eigin sköpun til að skapa áhugaverðar ljósmyndir.  
Lengd 30 std. Verð kr. 29.000,-

Akureyri: Kennsla hefst 13. feb og lýkur 6. mars,  
kennt er þri og fim kl 19-22.

Reykjavík: Kennsla hefst 26. feb og lýkur 14. mars,  
kennt er mán og mið kl. 18 - 21.30.



TÖLVUSKÓLINN  
ÞEKKING

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210  
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

REYKJAVÍK & AKUREYRI

# Stórkostlegt ferðasumar í

## Margar brottfarir eru að seljast upp á öllum áfangastöðum okkar!

Beint leiguflug Heimsferða með íslensku flugfélagi í allt sumar.  
Betri þjónusta og betri flugtímar - fyrir þig!

# Sumar 2007

**Bókunarmet!**  
Við þökkum ótrúlegar viðtökur.  
Aldrei áður höfum við bókað jafn marga farþega í janúar.  
Fjöl margar ferðir nú þegar uppseldar.  
Tryggðu þér bestu gististaðina og lægsta verðið með því að bóka strax.

Costa del Sol 26.995 kr.  
Króatía 26.995 kr.  
Mallorca 28.990 kr.  
Rhodos 30.990 kr.  
Fuerteventura 26.995 kr.  
Benidorm 20.995 kr.  
Barcelona 23.990 kr.  
Lloret de Mar frá 42.995 kr.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is

Sumarbæklingurinn 2007 er kominn út

### Komdu og fáðu eintak af sumarbæklingnum

eða skoðaðu á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

Kynntu þér glæsilegt ferðaúrval Heimsferða í sumar. Við bjóðum þér spennandi valkosti þar sem saman fara nýjar upplifanir, slökun, skemmtun, sól og sumar- skap. Frábærar ferðir til fjölbreyttra áfangastaða á hreint ótrúlegu verði.

Starfsfólk Heimsferða óskar þér og þínum gleðilegs ferðasumars!

# uppsiglingu!

Bestu gististaðirnir og lægsta verðið.  
Bókaðu núna og tryggðu þér  
**10.000 kr.**  
afslátt á mann!

Tryggðu þér bestu gististaðina og lægsta verðið!

Gríska perlan – eyja sólarinnar



**Rhodos**

frá 39.990 kr.

Heitasti áfangastaður Evrópu



**Króatía**

frá 26.995 kr.

Nú kemstu beint til Kanada!



**Montreal – Kanada**

frá 29.990 kr.

Vinsælasti sólarstaður Evrópu



**Costa del Sol**

frá 26.995 kr.

Perla Miðjarðarhafsins



**Mallorca**

frá 28.590 kr.

Fegurstu strendur heims



**Fuerteventura**

frá 26.995 kr.

Borgin sem allir elska!



**Barcelona**

frá 23.990 kr.

Perlan á Costa Brava



**Lloret de Mar**

frá 42.995 kr.

Hvíta ströndin



**Benidorm**

frá 20.995 kr.

Bókaðu strax á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



# Með því að deyja kenndi

Pótt nærri sex ár séu liðin síðan faðir **Gísli Péturs Hinrikssonar** leikara lést er ekki nema um mánuður síðan hann heimsótti gróf hans í fyrsta skipti. **Júla Margrét Alexandersdóttir** hitti leikarann sem stendur á miklum tíma-mótum en í síðustu viku sagði hann upp samningi sínum hjá Leikfélagi Akureyrar og telur hann leiklistina vera á óstöðugum stað.

**G**ísli var rétt orðinn 18 ára þegar hann flaug í gegnum inntöku-prófið í Leiklistarskóla Íslands en afar sjaldgæft er að nokkur komist inn svo ungur. Fyrsta verkefni hans eftir útskrift var að leika sjálfan Gretti í Grettissögu hjá Hafnarfjarðarleikhúsinu og svo tóku við verkefni í Loftkastalanum og Þjóðleikhúsinu. Lék hann meðal annars í Frelsi, Virkjuninni og var tilnefndur til Grímunnar fyrir hlutverk sitt í Grjóthörðum. Einnig hefur hann staldrað við í kvikmyndum, svo sem Dís og lék í nýjasta áramótaskaupinu.

Síðasta árið hefur hann verið fast-ráðinn hjá Leikfélagi Akureyrar og hefur hlotið mikið lof fyrir leik sinn þar og þótti „framúrskarandi“ í Herra Kolbert svo vitnað sé í gagnrýnendur. Því kemur það spáskt fyrir sjónir að Gísli Pétur sé búinn að segja upp samningi sínum hjá Leikfélagi Akureyrar og svari spurningunni um hvað hann sé að fara að gera með „ég veit það ekki“. Engu að síður er hann alveg viss um að hann sé að gera rétt og enginn kvíði fylgir þessari ákvörðun. „Ég er að fylgja eðlisávisuninni. Þegar maður er farinn að fá martraðir yfir því að þurfa að fara í vinnuna þá er kominn tími til að endurskoða hug sinn.“

Margt liggur að baki ákvörðuninni og Gísli Pétur fer í gegnum það skipulega. Greinilegt er að þessar þælingar hafa lengi gerjast með honum. Hann tekur þó skýrt fram að hann sé ekki hættur að leika, aftur á móti ætli hann nú hiklaust að velja sín verkefni og hafna og segist ekki vita hvort leiklist verði hans aðalvitna eða hliðarfag.

## Mæddir leikarar

Og spilin eru lögd á borðið. „Það er aðallega tvennt sem gerir það að verkum að ég tek þessa ákvörðun. Örlög flestra leikara eru þau að þú sérd börnin þín lítið og fyrir vinnu sem þú gefur þig 150 prósent í, eru launin þannig að þú átt erfitt með að framfleyta þér og þínum eins og þú helst vilt. Sem fastráðinn leikari við leikhús tekur þú þau hlutverk að þér sem þér eru útbýtt og lítið sem þú hefur um það eða verkefnaval leikhússins að segja. Þannig ferðu úr leikriti í leikrit og ég fann að ég kláraði tankinn og var orðinn andlaus.“

Gísli segist ekki hafa getað verið á betri stað en hjá Leikfélagi Akureyrar og segir andann þar vera stórkostlegan, bæði séu stjórnendur leikhússins í góðum tengslum við starfsfólk sitt og einnig hafi verkefnaval heppnast mjög vel. Leikhúsinu hefur líka tekist það sem virðist vera erfitt í þessi fagi, að skila hagnaði í lok leikárs. „Ákvörðunin hefur ekkert með Akureyri að gera. Það er upplifun mín á örlögum leikarans á Íslandi sem fær mig til að staldra við og virkilega hugsa hvernig ég vil eyða lífi mínu. Ég hef umgengist leikara sem eru að gera það gott og það er ótrúlegt að sjá þá, 35 ára gamla með glæstan feril að baki og upplifa hve bitrir þeir eru út í leik-



SÍÐASTA SAMVERUSTUNDIN Gísli Pétur Hinriksson sá föður sinn síðast á lífi við Reykjavíkurlugvöll.

listina og lífið. Ég vil ekki enda á þeim stað. Ég man alltaf eftir því þegar ég sá einn af stóru leikurunum fyrir sýningu baksviðs í Þjóðleikhúsinu. Einhvern veginn hafði ég séð fyrir mér mikinn og geislandi karakter sem reytti af sér brandarana baksviðs og væri hrókur alls fagnaðar. Reyndin var önnur. Þarna var grár og gugginn leikari sem steig inn í sitt hlutverk og gerði það listilega á sviðinu en um leið og af því var komið breyttist hann aftur í þöglan og þjakaðan listamann. Mér fannst þetta sorglegt en líka skiljanlegt.“ Og þetta er aðeins eitt spil af mörgum. Gísli Pétur segir mikið af góðu fólki að vinna að leiklistinni en engu að síður skammist hann sín stundum fyrir að segjast vera leikari. „Samheldni þessarar stéttar er lítil og mig persónulega langar ekki að mæta á fundi hjá stéttarfélaginu okkar og ég skil ekki af hverju það er. Ég er viss um að alla langar til að opna umræðuna og segja sínar skoðanir en það er oft erfitt þegar þú þarft að passa þig að styggja ekki þennan eða hinn. Það er helvítið sem myndast stundum í þessu starfi. Jákvæða hliðin er þegar þú ert þú sjálfur, ert hrein-

skilinn og lýgur ekki að neinum. Það sem drepur flest verkefni er þegar leikarar, sviðsmenn, búningahönnuðir og allir þeir sem tengjast leikhúsinu hafa þá tilfinningu að verkið sé slæmt og hlutirnir séu ekki gerðir rétt, en halda samt áfram í þögn og segja ekki sína skoðun. Þannig getur það því farið svo að á endanum er leikarinn staddur uppi á sviði í sýningu sem hann hefur enga trú á, finnst leiðinleg og jafnvel enn leiðinlegra að leika.“ Gísli Pétur segist halda að um þessar mundir sé ákveðin vakning meðal leikara og fleiri farnir að hugsa með sér að þeir vilji breyta þessu mynstri.

## Vandamál í Þjóðleikhúsinu

Svartnættið er ekki algjört því Gísli segir leikárið sem nú er að líða hjá Leikfélagi Akureyrar hafi einkennst af andstæðu þessa. Þar hafi fólk getað talað saman og sagt sínar skoðanir. „Í þessum leiklistarheimi held ég að ég hafi tengst Jóni Páli Eyjólfssyni hvað best en ég hef unnið með honum í þremur sýningum, nú síðast í Herra Kolberti sem hann leikstýrði. Jón Páll er gott dæmi um það þegar fólk er samkvæmt sjálfu sér og það er aldrei neitt vandamál að tjá honum

sínar skoðanir. Og afar gott að rifast við hann,“ segir Gísli og útskýrir hversu nauðsynlegt það sé að geta útkljáð öll vandamál á æfingum án þess að úr verði sárindi.

„Enda skilar það sér í betri sýningu og það er það sem við viljum. Að koma til Leikfélags Akureyrar var mikil breyting því áður hafði ég verið í Þjóðleikhúsinu þar sem slíkar samræður milli þeirra sem komu að sýningunni vantaði algjörlega. Það er mjög gott fólk að vinna þar en það eru greinilega einhver vandamál þar til staðar sem þarf að leysa. Leikhúsið lifir ekki án áhorfandans og ef hann er ekki að koma þá er eitthvað að. Rannóknir sýna að ef áhorfandinn upplifir vonda sýningu kemur hann ekki í 2-3 ár í leikhús og tvær vöndar sýningar í röð gera það að verkum að hann kemur ekki næstu 10-15 árin, sem er auðvitað skelfilegt. Það er heldur ekki rétt að ríkisreknu leikhúsin haldi áfram að skila ársreikningum í halla. Fólk sem sækir leikhúsið borgar þessa skatta og við megum ekki líta á þessa peninga sem eitthvað gefið. Ég persónulega lít á mig sem þjón, þjón fólksins og ég get ekki lítið stórt á sjálfan mig í því hlutverki.“

”

Ég varð að gefast upp og það er eitt það mikilvægasta sem ég hef lært í lífinu: Að gefast upp.



# Pabbi mér að lifa

## Áfengissýkin dró hann til dauða

Gísli Pétur hefur undanfarnar vikur ekki aðeins tekið starf sitt og framtíð og velt milli handa sér heldur hefur fortíðin tekið sinn toll og fyrir um mánuði síðan tók hann af skarið og heimsótti leiði föður síns sem lést þegar Gísli Pétur var aðeins um 22 ára gamall. Faðir Gísla, Hinni kafari, eða Hinrik Pétursson, var vel þekktur í Hafnarfirði en hann var atvinnukafari þar í bæ og vélstjóri. „Pabbi var mikill nagli en ég var um átta ára gamall þegar foreldrar mínir skildu svo að fjarlægðin gerði það líka að verkom að hann var alltaf hetjan mín. Hann greindist með sykursýki þegar hann var 36 ára og lést að verða 51 árs. Á þeim tíma, rétt áður en hann dó, var hann að ganga í gegnum sinn annan skilnað, ég var í leiklistarskólanum og við ákváðum að ég flytti inn til hans. Hrikalegir hlutir voru að gerast í lífi hans á þessum tíma og hann hallaði sér að flöskunni og átti í miklum erfiðleikum með áfengisneyslu sína. Það var ömurlegt að horfa upp á stóru fyrirmyndina smám saman veslast upp og þegar ég horfði í augun á honum var ekkert þar að sjá, bara uppgjöf. Hann fór í frí til Mexíkó, einn, og skemmti sér þar dag og nótt. Þegar hann kom til baka var hann mjög illa farinn og illa haldinn af sykursýkinni. Að lifa með sykursýki krefst góðrar stunda-skrár – þú verður að lifa reglusuðu lífi, sprauta þig reglulega og borða. Áfengissýkin klúðrar öllu slíku skipulagi og þessi vilji til að taka af skarið og breyta lífi sínu var greinilega ekki til staðar.“ Eitt hádegið kom Gísli heim úr skólanum og þá er faðir hans sofandi í rúmi sínu. Gísli fer aftur í skólann og kemur heim fimm tímum síðar og sér föður sinn enn liggjandi á sama stað. Hafði hann þá verið með stífkrampa í nokkra klukkutíma og var mjög heitur. „Ég hringi á sjúkrahúsið, reyni að sprauta hann og geri allt hvað ég get. Hann kemst á sjúkrahúsið en deyr svo þremur mánuðum síðar eftir að hafa haft mjög háan blóðsykur í langan tíma.“ Gísli segist á þessum tímamarki hafa fyrst áttað sig á því hve skelfilegur sjúkdómur alkóhólismi er. „Hann komst til meðvitundar en í fyrstu þekkti hann okkur ekki og mundi lítið. Þrátt fyrir það að þekkja ekki börnin sín vissi hann hvað áfengi var og á spítalanum rétti hann mér, sem var með öllu ókunngur fyrir honum, 5.000 krónur og það mig um að stökkva í Ríkið eftir vodkapa. Þarna sá ég svart á hvítu hve lamandi þessi sjúkdómur er og það má eiginlega segja að með því að deyja hafi hann kennt mér að lifa.“ Á eftir komu tvö ár afar erfið ár í lífi Gísla og segist hann hafa leitað á náðir áfengis eins og faðir hans og vaknað upp við martröð þegar hann sá hvert líf hans stefndi. „Rétt áður en hann dó gerðist röð atvika og dauðsfall hans var svo það sem dró mig endanlega á botninn. Þegar ég hafði drukkið í tvö ár sá ég að það var annaðhvort að halda áfram og enda eins og faðir minn, eða gera eitthvað í þessu sem og ég gerði og skráði mig í meðferð og hætti að drekka endanlega. Ég gat ekki haldið áfram og búist við því að líf mitt reddaðist einhvern veginn. Ég varð að gefast upp og það er eitt það mikilvægasta sem ég hef lært í lífinu: Að gefast upp.“

## Tók mörg ár að fyrirgefa

Að vinna úr sorginni hefur þó verið lengra ferli og erfiðast af öllu segir Gísli hafa verið að læra að fyrirgefa. „Þótt það hafi verið ótrúlega erfitt að fyrirgefa honum drykkjuna og það að hafa farið frá fjölskyldunni þegar ég var átta ára fannst mér erfiðast af öllu að fyrirgefa sjálfum mér. Ég varð að fyrirgefa sjálfum mér fyrir að hafa hatað hann og sjálfshatrið var slíkt að mér fannst ég ekki einu sinni eiga skilið sjálfsvorkunn. Ég átti bara skilið gagnrýni og

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**Eftirlæstímabil mannkynssögunnar:** Landnámsöld.

**Vandræðalegasta augnablikið:** „Fresca.“ Í Edith Piaf leysti ég frænda minn Sigga Sigurjóns af í hlutverki hans. Ég átti að segja við Piaf sjálfa: Fyrst ferðu úr að neðan, það kostar 15 franka. Allt umfram það kostar extra. Í staðinn endaði ég línuna á: „Allt umfram það kostar Fresca. Þegar ég labbaði út kemur Atli Rafn til mín skellihljændi og spyr hvort ég hafi virkilega sagt Fresca. Ég var kallaðir Gísli Pétur Fresca það sem eftir var leikársins.“

**Þrjár fyrirmyndir:** Júdas, Jim Morrison og Ben Kingsley.

**Helsti löstur:** Ég læt skapið bitna á dauðum hlutum. Hef til dæmis keypt mér átta mýs fyrir tölvuna mína.

**Hverju myndirðu breyta í þjóðfélaginu ef þú gætir:** Þjóðleikhúsinu.

aðfinnslur og það er ekki farsælt að vera leikari sem þjáist af sjálfshatri því um leið og þú gerir einhver smávægileg mistök á sviði ertu að eigin mati orðinn að hinu versta fífla sem til er. Þegar ég kom úr meðferðinni var ég ekki kominn nema nokkur skref áleiðis í að vinna úr fortíðinni og það hefur tekið mig langan tíma en ég held ég sé að nálgast endastöð núna. Ég hugsa að ég hefði ekki getað rætt þetta við nokkurn mann fyrir nokkrum mánuðum síðan.“ Gísli segir að þrátt fyrir óræða framtíð sé hún þó ótrúlega skýr í

sínum huga og hann hafi ákveðna mynd af sjálfum sér í framtíðinni sem hann ætli að halda fyrir sjálfan sig. „Minn draumur er eitt eða tvö ofboðslega skemmtileg verkefni á ári, þar sem ég og allir þeir sem vinna með mér blómstra og svo að geta séð fyrir mér og mínum með mannsæmandi tekjum. Það eina sem fólk þarf að gera til að láta draumana rætast er að sjá það fyrir sér og einsetja sér að koma því í verk. Lífið er helmagnað út af fyrir sig og ef mann langar til að gera eitthvað á maður að stökkva í djúpu laugina.“ ■

ÚTSALA

Allt að
70%
afsláttur

Úrval ljósa á frábæru verði!



-30%



-50%



-30%



-50%



-50%



-30%



-30%



-50%

ÚTSÖLULOK

Síðustu dagar - komdu og gerðu góð kaup!

## Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið laugardag kl. 11-17 og sunnudag kl. 12-16

# Takið upp evru fyrir alla muni

Þegar **Steve Forbes**, ritstjóra eins víðlesnasta viðskiptatímarits heims, er skýrt frá stýrivöxtum og verðbólgu á Íslandi, skellir þessi annars hægláti maður upp úr og leggur til að skipt verði um gjaldmiðil og seðlabankastjórar reknir. **Klemens Ólafur Prastarson** spjallaði stuttlega við hann.

**S**kiptið þá í evru, fyrir alla muni, eða dollara eða hvaðeina," segir auðkýfingurinn og fyrrv. forsetaframbjóðandinn Steve Forbes, þegar blaðamaður kynnir hann lauslega fyrir umræðunni um hagstjórn landsins; að verðbólga á landinu sé um sjö prósent og stýrivextir ríflega tvöfalt hærrí. Forbes skellir upp úr og bætir við að annar kostur í stöðunni sé sá að segja seðlabankastjórum upp störfum, „því þeir vita ekki hvað þeir gera“. Ótti um að missa tókin á hagstjórninni er léttvægur, segir Forbes, „þegar haft er í huga að þið getið ekki stjórnað þessu eins og stendur. Þið ættuð því fremur að velja stöðugleikann.“

#### Um evru og dollara

Forbes telur að með stóran og stöðugan gjaldmiðil yrði tilveran mun aðveldari, þótt að reynslan sýni, til að mynda frá Írlandi, að verðlag hækki eftir upptöku hennar. „Með evru er fengin stöðug mynt sem er gjaldmiðill fjölda landa og gjaldgeng í enn öðrum


löndum. Evruvæðing er einnig rökréttara skref en dollaravæðing, þar sem þið verslið meira við Evrópu en Bandaríkin.“

Ég held að Seðlabanki Evrópu hafi sýnt fram á að hann ráði við evruna," segir Forbes um framtíð hennar sem gjaldmiðils, „og að Evrópusambandið hafi pólitískan vilja til að gera það sem þarf til að tryggja framgöngu evrunnar. Hún hefur og mun þrauka.“

Vandinn með dollarana er hins vegar sá að seðlabanki Bandaríkjanna er of duglegur við að prenta þá. Hann er skárrí en Seðlabanki Íslands, en er samt ekki að standa sig. Þetta má sjá til dæmis á verði gulls, sem kostar um 640 til 650 dollara. Málið snýst ekki einungis um að hækka stýrivexti, heldur að draga úr eða nýta það umfram magn peninga sem seðlabankinn býr til. Þetta hefur bandaríski seðlabankinn ekki leyst vel af hendi.“

#### Bandaríska hagkerfið

Aðspurður hvernig honum hugnist pólitísk hagstjórn George Bush, svarar Forbes að bragði að bandarísku hagkerfi gangi afar



Camry er stærri og með meiri lúxus en Avenis. Bylting í sparneytni með öflugri hybrid vél sem brennir allt að 40% minna eldsneyti. 5,8 lítrar innanbæjar! Forstjóri Toyota segir Hybrid bíla „mun haghvæmari en dísel“. Islandus.com kynnrir HYBRID fólksbíla, jeppa og pallbíla frá helstu framleiðendum. Hjá Islandus.com færðu hagstæðasta innkaupsverðið frá USA og bílinn heim í flugi með Icelandair. Lækkun dollar og heildsölverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! T.d. Toyota Camry frá Kr. 3.450.000. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

islandus.com  
WWW.ISLANDUS.COM - Sími 552 2000

**ÚTSALA**

**Kr. 500,000**  
AFSLÁTTUR

**SPARIÐ**  
Hundruði þúsunda á bílaútsölum í USA

Bílinn með flugi!

islandus.com  
WWW.ISLANDUS.COM - Sími 552 2000

## Útsala - Útsala - Útsala!

Stórútsölur bílaframleiðenda. Allt að Kr. 500.000 afsláttur á nýjum bílum. Bílinn heim í flugi með Icelandair. Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep Grand Cherokee frá 2.450, Ford Explorer frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.990, Toyota Fj Cruiser torfærjeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz ML320 Dísel! Þú finnur hvergi lægra verð. Lækkun dollar og heildsölverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com

## Sendibílar



Daf 45/13 '92 dísel 130 hÖ, ek. 285 þús. Er í ágætu lagi en þarfnast smá aðhliðingarfyrir skoðun góð dekk, lífta og góður kassi. Verð 390.000 strg. Uppl. í s. 846 1065.



LDV maxus sendibíll, árg. 06/06. Ekinn 24 þús. Beinsk. Háþekja með hurðum allan hringinn. Kostar nýr 3,6, áhvl. 2,3. Tilboð óskast. Uppl. í s. 822 4167.

## Húsbílar

**MESTA ÚRVAL**  
LANDSINS AF  
HÚSBÍLUM  
Veldu það besta!

**VÍKUR**  
VÉIRÁK

VÍKURHVARFI 6, KÓPAVOGI  
SÍMI 557 7720  
www.vikurvork.is

## Vélsleðar



Til sölu Arctic Cat M7 árg. 2006 ek. 900 km. Verð 1200 þús. Uppl. í s. 898 3189.

## Fellihýsi

**Arftaki**  
fellihýsanna

**Eiðfelland Deseo 400L**  
Verð: 1.299.000,-  
Greiddubætur:  
Útborgar kr. 259.800,-  
Lánstími: 84 mánuðir  
Meðinsvæðingarnúmer: 16.391,-

**FERÐAVAL**  
LUNDI V/ VESTURLANDSVEG  
SÍMI 578 5500  
www.ferdaval.is

## Vinnuvélar



## Til sölu

Tegund: Komatsu smágrafa  
Gerð: PCS0 UU  
Árgærd: 1999  
Með líðbómu.  
Kerra getur fylgt.



www.snjokedjur.is  
Mikið úrval fyrir vinnuvélar og vörubíla. www.snjokedjur.is Skm ehf. Uppl. í s. 517 8400.

## Mótorhjól



## Götuskráð Pit Bike

Götuskráð Pit Bike. 50cc skellinaðra kr. 169.000. 125cc, kr. 199.000. Auka felgur með kubbadekkjum fylgir með. Masai umboðið. Kaplahrauni 1. Hafnafirði. S 565 1725. www.masai.is

## Bátar



Galeon skembítar. Þessi glæsilegi 39 feta bátur er til sölu. Einnig aðrar stærir, að 53 fet. Sími 864 7684

## Hjólbarðar

Til sölu 32" Falken dekk á 6 gata álfelgum. Öslitin. Verð 30-35þús. uppl. í 8657074

## Varahlutir

Allar helstu  
bilapartasölur  
landsins eru á  
www.partasölu.is

## Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS. Subaru Impreza 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opíð 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

## TIL SÖLU

**Subaru Impreza WRX Wagon**  
Ekinn 128 þús km árg 2002

**Öflugur!!!**

Mikið breyttur af GTWorx í Pennsylvania árið 2006!  
300+ hestöfl, Prodrive Stage 3 þústkerfi með ECU-uppfærslu, STi kúpling, Turbosmart II blow-off valve, NGK Kerti, Prodrive 13" bremsur og fjöðrun, Cusco þverstífur, Prodrive P1 18" léttmálmsfelgur, Yokohama Advan Neova dekk, Morette framljós, Prodrive þokuljós.

**Bílasalan Bíll.is, s. 577 3777, www.bill.is**

## Til bygginga



Ódyrarnir jónaklippur 16 og 22mm. Mót ehf. Bíldshöfða 16, S. 544 4490 www.mot.is

## Ýmislegt



Alþingistíðindi innbindinn frá miðri 18jándu öld til 1990. 900. þús. Einnig innbundinn stjórnartíðindi frá 1921-1990. 500. þús. Uppl. í s. 693 4723 & 865 6663

Góð bilalyfta fyrir hjólbarðaverkstæði, teg. Corchi. Selst á góðu verði. S. 553 0440 & 699 6605.

## Tölvur

Til sölu nýleg og öflug fartölva Dell Inspiron 9200 m/17" skjá. Uppl. í s. 861 4401 eða gul@itn.is

## Bækur

til sölu, tveir háfar, uppþvottavél og gamalt sófasett uppl. í síma 8923904

## Verslun

**XXX**  
**DVD**

**Besta verðið!!**  
NÝJAR MYNDIR  
FRÁ USA Á AÐEINS  
2.950,-  
**DVD**  
FRÁ 1990,- KR

Grensásvideo.is  
Grensásvegi 24  
Sími 568 6635  
Opíð frá kl. 15-23.30

## ÞJÓNUSTA

## Barnagæsla

Í útrás? Tek að mér að skoða erlend fyrirtæki og banksamskipti Jón, s. 696 1311.

## Hreingerningar

**Hreingerningar ehf.**  
Oli almenn ræstingapjónusta fyrir eintaklinga, fyrirtæki og stofnanir.  
Sími: 862 6778 og 868 5599

## Ræstingar

Tek að mér þríf í heimahúsum og stigaöngum, sanngjörn. Helst í Breiðh. eða Seljahv. Til sölu ónotað sófaborð, kirsuberjaviður. Verð 8 þús. S. 557 7811 & 692 8255.





Firma lauffell ehf poszukuje pracownikow na stanowiska : robotnik budowlany, cieśla. Wymagana znajomosc jezyka angielskiego lub islandzkiego. Miła atmosfera w pracy , dobre zarobki tel. 820 46 71 michal e-mail lauffell@internet.is



#### Pípulagnir

Faglaginn ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna aukinna umsvifa. Uppl. í síma 824 0240, Steinar.

#### Helgarvinna

Mosfellsbakari á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7.30 - 16.30 laugardag og sunnudag. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.

#### Mosfellsbakari

Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirtalin störf. Frá 06.30 - 13.00 virka daga, og einn dag aðra hverja helgi. Einnig eftir hádegi frá 13.00-18.30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.

#### Starfsfólk óskast!

Starfsfólk vantar í aðhlyningarstörf á hjúkrunarheimilið Holtsbúð í Garðabæ. Lámarksaldur er 18 ár. Upplýsingar gefur Vilborg í síma 849 1380.

#### Rafvirki

Rafvirki eða nemi í rafvirkjun óskast. Ákvæðisvinna. Sendið uppl. á totti@ljoslilik.is eða í s. 897 2404.



#### Starfskraftar óskast

Bakari í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

**Smíðir/verkamenn**  
Óskum eftir smíðum og verkamönnum, næg vinna framundan.  
Góð laun fyrir rétta aðila.  
Uppl. í s. 896 0298 & 898 8872.



#### Starf í frábærum leikskóla í Garðabæ!

Við leitum að leikskólakennurum og/eða leiðbeinendum til starfa sem allra fyrst í nýjum einkareknum leikskóla í Garðabæ. Frekari upplýsingar veitir Ída Jensdóttir leikskólustjóri í síma 578 1220 eða á netfangið: ida@nysir.is  
Einnig er hægt að sækja um á vefslóðinni [www.leikskolinn.is/sjaland](http://www.leikskolinn.is/sjaland)

#### Bílstjórar óskast

Óskum eftir að ráða vanan bílstjóra á Trailer.  
Uppl. í s. 893 2000.

Björnsbakari óskar eftir að ráða starfskraft. Vinnutími er frá kl: 13-18.30 daglega. Helga veitir frekari upplýsingar í síma: 699-5423

SPENNANDI TÆKIFÆRI! Vantar 2 rafvirkja og 4 smíði í vinnu í Danmörku. Uppl í s:6942561

#### Rafvirki

Rafvirki eða nemi í rafvirkjun óskast. Ákvæðisvinna. Sendið uppl. á totti@ljoslilik.is eða í s. 897 2404.

Stírímenn og vélstjóra vantar á dragnótarbát sem veiðir fyrir norðurlandi. Uppl. í s. 821 6664 & 893 5590.

Bros-Gjafaver ehf. óskar eftir aðstoðarmanneskju í framleiðslusal. Viðkomandi þarf að vera stundvís og reyklus. Uppl. gefur verkstjóri í síma 569 9031 eða á staðnum Norðlingaholti 14, 110 Rvk.

#### Sala/Lager/Útkeyrsla

Óskum eftir að ráða starfsmann í 100% starf. Verslunartækni, Draghálsi 4. Upplýsingar í síma 535 1300, Sigurður.

Óska eftir eitthverri góðhartaðri manneskju til að hjálpa mér við ýmis störf heima við. Uppl. í s. 587 7313 / Kristjana.

Óskum eftir fólki í kvöld- og helgarvinnu. Söluturn í Grafarholti. Upplýsingar í síma 892 6217.

Stírímenn vantar á 180 tonna netabát sem gerður er út frá Þorlákshöfn. Uppl. í s. 693 2621.

#### Atvinna óskast

#### Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal í eftirtalin störf:

Smíði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjómendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.

SAS Starfsmannaleigan.  
Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

Rúmlega 50 ára karlmaður óskar eftir vinnu á járnsmíðaverkst. Þar sem er léttur járnþænaður, hef svolitla reynslu og hæfileiki er fyrir hendi. Rétt verkstæði gæti ég unnið sjálfstætt. Vélgaesla kemur einning til greina. Er reykl. og stundv. Er með góð meðmæli. Áhugasamir hafið samb. í s. 821 0656.

Óska eftir vinnu, ekki í fiskvinnslu. Tala ensku og smávegis íslensku. Uppl. í s. 845 7507 & 552 4055.

Starfsfolk fra Letlandi: smidir, rafvirkjar, vidgerdarmenn etc. S.8457158

#### TILKYNNINGAR

#### Ýmislegt



#### Uppskriftir

Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. [www.matseld.is](http://www.matseld.is)

#### Engar skuldir - Hærrí tekjur

Skoðaðu [www.Kennsla.com](http://www.Kennsla.com) ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

**Sumarhúsalóðir við Sogið**  
[www.101grimsnes.is](http://www.101grimsnes.is)  
**Eignalóðir á besta stað**  
**í Grímsnesi.**  
**Valtýr 898 0801**

#### TIL LEIGU

### Húsnæði til leigu í Stykkishólmi

Húsnæði áfast vararafstöð að Austurgötu 4 í Stykkishólmi er til leigu.

Húsnæðið er hannað sem íbúð á efri hæð með herbergi, þvottahúsi, geymslu og anddyri á neðri hæð og hægt er að nýta það sem skrifstofu. Heildarstærð húsnæðis er 125 m<sup>2</sup> og er það laust nú þegar.

Upplýsingar veitir Garðar Briem hjá RARIK í síma 528 9000.



Sími 528 9000 • [www.rarik.is](http://www.rarik.is)

#### ATVINNA

## Global-tæki ehf

– þú ert með heiminn í hendi þér

### Verkstæðismenn óskast

Óskum eftir verkstæðismönnum til starfa í fjölbreytt og lifandi störf við standsetningu tækja, viðgerðir, akstur á dráttarbil og fleira

Nánari upplýsingar í síma 544-2090

Global-tæki ehf Flugumjri 28 - 270 Mosfellsbæ - Sími 544 2090 - Fax 544 2091 - [www.global-taeki.com](http://www.global-taeki.com)

#### Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000

## FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

#### FASTEIGNIR

# Reyðarfjörður - TIL LEIGU OG SÖLU

## Melgerði 7, 9 og 11

2., 3. og 4. herbergja íbúðir.

Melgerði 7: Tilbúnar til afhendingar.

Melgerði 9: Frágengnar íbúðir afhendar strax 1. febrúar.

Melgerði 11: Til afhendingar í nóvember 2007.

## ÞAÐ ER GOTT AÐ BÚA Á AUSTURLANDI

Austurland er landshluti í mikilli sókn. Þar eru góðir skólar, gott fólk og falleg náttúra. Það vantar frískt og duglegt fólk á austurland í öll störf.

Mikill fjöldi fólks er nú að koma til austurlands til að vinna við álverið, þjónusta það sem og fjórðunginn allan. Við það skapast grundvöllur til nýsköpunar á austurlandi og tækifæri til að bjóða uppá nýja verslun og þjónustu fyrir ört fjölgandi íbúa fjórðungsins. Hingað vantar frumkvöðla, sérfræðinga og fagfólk. Hugsanlega vantar okkur þig.

Nýttu þetta einstaka tækifæri!

2. HERBERGJA - VERÐ FRÁ:  
**13.703.846\***

3. HERBERGJA - VERÐ FRÁ:  
**16.940.179\***

4. HERBERGJA - VERÐ FRÁ:  
**19.620.267\***

Allar nánari upplýsingar á vefnum, [www.nmedia.is/ffa](http://www.nmedia.is/ffa), hjá FFA og Fasteignasölum.

**domus**  
FESTEIGNIS- OG SKIPTSALA  
AUSTURLANDS EHF.  
545 0555

**FFA**  
FASTEIGNA- OG SKIPTSALA  
AUSTURLANDS EHF.  
580 7905

**ffa**  
FASTEIGNAFELAG  
AUSTURLANDS  
567 3400

\* [Verðlistar eru bundnir byggingarvísitölu janúar mánaðar 2007, 356,3]

Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðiritra. Guðrún Eva kveðst ekki vilja gera upp á milli mikilvægi skáldskaparins og annarra skrifa enda sér þar ólíku saman að jafna. Draumalandið er illflokkanlegt rit en Guðrún Eva hrósar höfundinum fyrir hugrekki og tók sín á forminu. „Þarna steig einhver fram sem virkilega gat náð eyrum fólks. Margir höfðu reynt það og undirbúið jarðveginn en svo kemur þetta fasta skot og þjónar sínu hlutverki afar vel. Þetta er ótrúlega sterk bók og form sem hentar höfundinum frábærlega því hann er á margan hátt svólítið boðandi í sínum skrífum. Það er gott að hann skyldi taka það alla leið því þjóðin hefur sannarlega notið afrakstsursins.“

Guðrún Eva segir að „boðandi“ viðhorf til bókmenntanna snúist ekki síst um smekk hvers og eins og segist fá meira út úr því að lesa pólitískar skoðanir höfundar í verki eins og Draumalandinu heldur en í skáldskap. Hérlend skáldrit virðast fæst vera lituð af flokks-pólitík eða predikunum enda bendir Guðrún Eva á að hægt sé að hafa áhrif á margan hátt og flestir velji að gera það á lágstemmdan máta og vilji síður nota skáldverkin til að segja lesendum sínum berum orðum hvernig þeir eigi að hugsa.

Hún segist ekki syrgja það að neinu ráði að skáldsagan skuli skyggja á önnur ritverk þegar kemur að athygli eða sölu en kveðst eiga erfitt með að meta slíkt. „Það er flóð og fjara í viðhorfi fólks til skáldsögunnar eins og annars. Kannski eru fleiri akkúrat núna sem vilja lesa og skrifa skáldsögur – svo á það mögulega eftir að breytast,“ segir hún og bætir við. „Svo hef ég gaman að því að lesa skáldsögur og verð ekki tilfinnanlega vör við skort á öðru. Það sama gildir um smásagnasöfn og aðrar bækur að þau þurfa ekki að vera nýkomin út og mikið auglýst til að maður geti útvegað sér þau og notið þeirra.“

#### Orðspor og útgáfumál

Umræðan um íslenskar bókmenntir hefur á síðari árum farið að snúast æ meir um hliðariðnað tengdan útgáfumálum, um sölu- og upplagstölur og auglýsingamennsku, ekki síst í kringum útgáfuvæðinguna jólabókanna. Guðrún Eva tekur undir að auðveldara geti reynt að ræða umbúðir en inntak ritverka en kveðst reyna að leiða slíkt tal hjá sér eftir megni. „Fólk getur orðið alveg krumpað af því að hengja sig um of í slíkt tal á kostnað „háleitari“ hluta,“ segir hún brosandandi og minnst ævarandi tals um vaxandi efnishyggju. „Það er kannski hluti af starfinu að reyna að lafa svólítið í þessum háleitari hugarefnum og láta ekki glepjust af metorðagirnd eða græðgi.“

Ein afleiðing útgáfuhefðarinnar hér á landi er ákveðinn flokka-dráttur eða stimplun þar sem höfundar fá á sig orðspor eða sérstök stemning skapast í kringum ákveðin verk. Í því tilliti nefnir Guðrún Eva að sjálfstraust lesenda mætti vera meira. „Ef þú skilgreinir þig sem „venjulegan“ lesanda en ekki einhverja fígúru þá er eins og það séu bara ákveðnar bækur sem þér er óhætt að lesa – allt hitt hljóti að vera svo brjáláð eða illskiljanlegt. Nú veit ég að mörg okkar erum að skrifa bækur sem mun fleiri gætu haft gaman af því að lesa en leggja ekki í það því hinu er fremur haldið að hinum almenna lesanda, eins og allt annað sé aðeins ætlað fáum útvöldum.“ Guðrún Eva áréttar að þessi vandi sé ekki aðeins tengdur bókmenntunum heldur sé tíðrandinn sá sami þegar kemur að annarri menningarneyslu. Hún tekur dæmi af bókinni Nafn rósarinnar eftir Umberto Eco, bók sem hún, ung að árum, „safnaði kjarki“ til þess að lesa því orðræðan um hana hafi einkennst af því að hún væri algjört torf. Hún komst síðan að því að doðrantur sá er eitthvað allt annað. „Þetta er létt og dillandi bók með vægast sagt aðgengilegu plotti og mér leið eins og unglingum líður svo oft – eins og logið hefði verið að mér. Ég veit svo sem ekki hvað er hægt að gera í þessu en þykir þetta að mörgu leyti leitt því fólk fer á mis við mikla sagna-skemmtun.“

Stimplun þessi bitnar ekki síst á

## Frá lesanda ...

Þegar ég fór að leiða hugann að íslenskum skáldsögum og upplifun minni við lestur þeirra, fór ég jafnframt að hugsa um hvað réði vali mínu á lestri íslenskra skáldsagna. Ég komst svo sem ekki að neinni niðurstöðu, því flóran þar, sem í öðrum geirum íslenskrar menningar, er fjölbreytt og spennandi. Stöðugt bætast í hópinn rithöfundar sem hafa eitthvað nýtt fram að færa í efnistöku eða framsetningu. Óneitanlega á maður sína uppáhaldshöfundu, þó ávallt bættist nýir í þann hóp, en hvað er það sem kom manni á bragðið í upphafi? Hvað mig varðar var það kennari minn í Réttarholtskóla, Jón Ágústsson, sem opnaði mér heim skáldsögunnar með bók Halldórs Laxness

um Íslandsklukkuna, sem ég las af áfergi í íslenskutímum. Seint gleymi ég upplifun minni af lestri Heimsljóss sem ég las stuttu síðar í ferð með Goðafossi yfir Atlantshafið – ég var sannfærð um að ég mundi aldrei lesa jafn áhrifamikla bók, og enn skipar sú bók sér í fremstu röð þeirra bóka sem ég hef lesið. Þetta leiðir hugann að mikilvægi þess að halda góðum bókum að börnum og ungmennum því á þessum árum mótast smekkur og áhugasvið hvers og eins hvað mest. Það er gott til þess að vita að hugafarsbreyting hefur orðið á undanförunum árum hvað varðar barnabækur. Það sýnir sig best í því að á síðasta ári var barnabókin Öðruvísi fjölskylda eftir Guðrúnu Helgadóttur tilnefnd til Íslensku bók-

menntaverðlaunanna og árið 1999 hlaut Andri Snær Magnason Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir bók sína Bláa hnöttinn. Góð skáldsaga getur verið gott kennslutæki, jafnt fyrir foreldra sem aðra sem að uppeldi barna koma, því þar er oftast en ekki tekist á um hið góða og illa, hið rétta og hið ranga – um drauma og hinn blákalda veruleika. Umræðurnar sem spunnust í skólastofunni við lestur Íslandsklukkunnar hér um árið líða mér seint úr minni, og sá ég Jón Hreggviðsson ljóslifandi fyrir mér jafnt á Þingvöllum sem í Kaupmannahöfn eða gangandi yfir hið flata Holland. Það er því von mín að sem flestar íslenskar skáldsögur rati inn í skólastofur nemenda á öllum skólastigum, því þótt sögusviðið



breytist rétt eins og tíminn, þá er fátt sem speglar okkur í samtímanum eða við fortíðina eins og íslenskar bókmenntir.

Elisabet Bjarklind Þórisdóttir, framkvæmdastjóri Gerðubergs

höfundum sem kjósa að fara nýjar leiðir. Guðrún Eva segir að sem betur fer sé talsverð tilraunamennska í gangi í íslenskum bókmenntum í dag. „Tilraunamennska er svo mikilvæg en jafnframt vanþakklát,“ segir hún, „með formtilraunum er fólk að skapa olnbogarými sem skiptir talsverðu máli. Ég ber mikla virðingu fyrir þeim sem berja frá sér með þessum hætti og búa til meira pláss. Ég vildi að við lifðum á öðruvísi tímum þar sem slíkt væri metið að verðleikum.“

#### Lestur og sagnaframleiðsla

Fréttir af minnkandi lestri þjóðarinnar valda Guðrúnu Evu stöku áhyggjuköstum. „Auðvitað þykir mér þá eins og ógn steðji að mínu starfi en ég trúi engan veginn að bóklestur líði undir lok,“ segir hún og kímur. „Reyndar á ég erfitt með að skilja hvernig fólk lifir af án þess að lesa, hvernig það kemst gegnum daginn eða fyllir upp í gloppurnar í deginum. Maður getur ekki endalaust horft á sjónvarpið eða hvað?“ Hún segist sjálf hafa farið í lestrar-

bindindi til að kanna hvað gerðist í hausnum á sér ef hún hætti að lesa. Hún entist í hálfan dag. „Mér þykir þetta meira merkilegt en að ég hafi nokkrar áhyggjur af því. Ég hef til dæmis meiri áhyggjur af því að Rás 1 verði tekin af okkur í þeirri mynd sem hún er núna.“

Guðrún Eva segist þess fullviss að fólk muni halda áfram að lesa. „Fólk fær ekki leið á skáldskap – hvorki að lesa hann né fjalla um hann. Hann er svo mikilvægur partur af lífinu, á öllum tímum,“ segir

Guðrún Eva. „Við megum ekki gleyma því hvers skáldskapurinn er megnugur í sjálfu sér. Ég vil endilega þjóðnýta hann því við höfum öll þörf fyrir skáldskap á mjög djúpu og háleitu og líka frumstæðu plani. Skáldskapur er ekki upp á punt – hann þarf ekki að vera með neitt aukahlutverk til þess að vera mikilvægur. Það er alls ekki í boði að hætta að framleiða sögur, það er í grunninn það sem rithöfundar vinna við – á hvaða formi sem þær birtast svo.“

- khh

**TUCSON**  
SPORT

Hvað gerir góðan sportjeppa markvissan? Er hann með sjálfvirktt aldrif, stöðugleikastýringu, spólvörn, rafstýrða læsingu, mikið rými og framúrskarandi akstursegginleika? Eða er það kannski hönnunin, öryggið eða gæðin sem ræður úrslitum? Eða staðalbúnaðurinn, loftkæling, leðurstýri og þannig? Vissulega, en þó vantar enn herslumuninn. Markviss sportjeppi hefur nefnilega allt þetta og getur að auki gert einmit það sem þig langar til. Hefurðu prófað íshokki?

Veldu markvisst.  
Vertu á nýjum Tucson Sport

**NÝR MARKVISS HYUNDAI**  
**TUCSON**  
**SPORT**  
VERÐ KR. 2.790.000



BÍLL Á MYND: TUCSON SPORT

**HYUNDAI** hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



Með bílinn handa þér



# HLJÓDFÆRI HUGANS

Njardur P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

## Hljómur orðanna

Tungumálið er undursamlegt hljódfæri hugans, og á það leika skáld öðrum betur, einkum ljóð-skáld. Þau huga ekki alltaf einungis að merkingu orðanna, heldur einnig að hljómi þeirra. Þau reyna stundum jafnvel að tengja hljóminn merkingunni til aukinna áhrifa. Dæmi um þetta má sjá í ljóði Jónasar Hallgrímssonar, „Ég bið að heilsa“, þar sem hann trúir mildum sannanvindi fyrir kveðju heim til Íslands. Takið eftir mjúkum hljómi fyrsta vísuorðs: „Nú andar suðrið sæla vindum þýðum“. Hér er samræmi á milli hljóms og merkingar. Svo má auðvitað bæta við að skipt er um sérhljóð í hverju orði. Andstæðuna getum við fundið í kvæðinu Skúlaskeið eftir Grím Thomsen, þar sem dæmdu maður flýr á hesti sínum norður Kaldadal og kemst undan eftir illgrýttum óvegi. Þar segir um hestinn: „... harðir fætur ruddu braut í grjóti“. Hér er harkan í hljómunum í fullu samræmi við efnid. Svona geta þeir leikið sem kunna skil á hljómunum hljódfæris hugans.

## Fokheld að innan!

Algengt er að sjá ný hús auglýst svo, að þau séu fullfrægingin að utan og „fokheld að innan“. Sér ekki hver maður hvað þetta er ankannalegt? Hvernig getur eitt hvað verið fokheld að innan? Samkvæmt orðabók merkir fokheldur: „á því byggingarstigi að komnir eru útveggir með gluggum og þaki“. Önnréttað sýnist betra, enda fýkur varla mikið í húsi sem er fullfrægingið að utan.

## Vopnað rán

Önnur rökleysa er þegar talað er um vopnað rán. Það er auðvitað

vitleysa. Ránið getur ekki verið vopnað, heldur eru ræningjarnir vopnaðir. Því ætti fremur að segja vopnaðir menn rændu ... eða ræningjarnir voru vopnaðir.

## Kosning – atkvæðagreiðsla

Nú ber á ruglingi á notkun orðanna kosning og atkvæðagreiðsla. Kosning er fólgin í vali, í þingkosningum eru þingmenn valdir. Aftur á móti eru greidd atkvæði um tiltekin mál, sbr. þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er því undarlegt að tala um íbúakosningu um stækkun álfers. Ekki er verið að kjósa íbúa, heldur stendur til að greiða atkvæði um stækkunina.

## Margt og mikið

Ég lærði ungar að margt væri sagt um fjölda og mikið um magn. Þess vegna er mér lífsins ómögulegt að tala um mikið af fólki, eins og nú heyrir sifeldlega. Betur þykir mér fara á því að segja: Þar var margt fólk, margt um manninn, mikill fjöldi saman kominn, manngrói, manngroð, manngroður, fjölmenni, múgur og margmenni – íslenskan er auðug að orðum!

## Braghenda

Páll Ólafsson var mikill meistari braghendunnar og vel má rifja upp margar þeirra. Hér kemur ein baksnidd (í því felst að fyrsta línan ber hálfgrím):

Langtum fleira las ég þar af lífsins raunum.

En þá ég hugði að högum þínum, hrundu tár af augum mínum.

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

# Stefnumót við Íran

## Hanna Björk Valsdóttir talar frá Teheran



HANNA BJÖRK

Ég er búin að vera í viku núna í Teheran og búin að læra ýmsar mismunandi leiðir til að vera „smart“ með trefil eða slæðu á höfðinu. Ég á samt enn þá í mestu vandæðum með að láta hann haldast klukkutímum saman. Trikkið hjá þessum stelpum er að sýna sem mest af hári en láta trefilinn/slæðuna samtolla á höfðinu. Það er mjög mikil list.

Fyrst reglurnar eru á annað borð þannig að síddin á jakkanum þarf að ná niður fyrir rass þá hafa þær einn þröngan og þær mögulega geta í staðinn. Sumir jakkarnir eru svo þröngir að þeir minna á korselett. Þær eru allar í gallabuxum og stígvélum eða háhæludum skóm við. Íranskar stelpur hugsa líka mikið um útlitið og eru mjög vel til hafðar. Þær eru kafmálaðar með stór sólgleraugu, helst með einhverju merki eins og Chanel, Prada eða D&G og tösku í stíl. Sem sagt er ég eins og mesta lumma í kringum þessar ofurgellur. Flestar ef ekki allar hata þetta „dress code“ sem þær búa við og reyna að ögra því eins og þær geta.

Það er ekki einfalt að vera ungar í Teheran. Því fékk ég að kynast þegar ég eyddi frídegli

með tveimur 25 ára háskólastelpum. Félagslíf og samskipti kynjanna eru af mjög skornum skammti. Áfengi og tónlist er bönnuð. Barir og klúbbar eru að sjálfsögðu út úr myndinni. Tónlistin á iPod-inum mínum er öll ólögleg þannig að ég gæti verið handtekin fyrir að vera með hana í eyrunum. En samt hlusta þessir krakkar á sömu tónlistina, það er allt í boði á svarta markaðnum.

Almenningsgarðar, veitingastaðir og bíó eru einu staðirnir sem unga fólk getur hist á, og svo hin geysivinsælu kaffihús eða téhús réttara sagt sem bjóða líka upp á vatnspípum og útsýni yfir alla borgina. Inni á staðnum sat unga kynslóðin á básum með krosslagða færur á persneskum teppum og drakk te og reykti vatnspípum með mismunandi bragðtegundum, meðan hún horfði á stórborgarljós Teheran undir fullu tungli. Þetta er svo sannarlega mögnuð borg.

Úti um allt er það sem Íranar kalla „diplomatic police“ sem er eins konar siðgæðislögregla. Reyndar er ekkert „diplomatic“ við hana frekar en neitt annað í Íran.

En hvernig drepur þá unga kynslóðin tímanna? Jú, á rúntinum. Þar keyra stelpur og strákar fram og til baka og brosa til þeirra sem þeim líst á, stundum er skrúfuð niður rúðan og skipst á símanúmerum. Stundum keyra strákar alveg upp að bílnum og kalla svo „eltið okkur“. Annari eins samskiptatækni hef ég ekki orðið vitni að áður. Ef eltingarleikurinn hefist þá er farið í garðana eða á téhús.

Möguleikarnir á að kynast einhverjum nýjum eru mjög litlir

og þess vegna þarf að bregðast við strax. Það er því ekki skrítið að Teheran sé mengaðasta borg í heimi þar sem rúnturinn er eitt af því fáa sem er leyfilegt og unga kynslóðin hringsólur um borgina á mengunarspúandi bílnum sínum talandi í GSM-símann. Hér er ekki verið að spara bensínið og Íranar eyða olíu eins og Íslendingar drekka vatn.

Í gærkvöldi fór ég lengst upp í fjallshlíð í Norðaustur-Teheran þar sem við fundum téhús með vatnspípum og útsýni yfir alla borgina. Inni á staðnum sat unga kynslóðin á básum með krosslagða færur á persneskum teppum og drakk te og reykti vatnspípum með mismunandi bragðtegundum, meðan hún horfði á stórborgarljós Teheran undir fullu tungli. Þetta er svo sannarlega mögnuð borg.



## SUNNUGAGS KROSSGÁTAN

### LEYSTU KROSSGÁTUNA!

Bremislaus. Hellalaus.

Will Ferrell  
TALLADEGA NIGHTS  
THE BALLER OF HIGH ROLLERS

Þú gætir unnið myndina Talladega Nights á DVD með hinum óborganlega grínista Will Ferrell!

Þú skalt SMS skeytast á LAUSN LAUSNAFORREÐIS á númerið 19002. Dæmum fövungu SMS þess viðtakendur er skilað. Þú skalt þá SMS skeytast á LAUSN JÓNAN.

© Universal Studios/Universal P.A. Semningur þessur er gildur til 12. júní 2007.

MP & BH	GAN	GAMALT TUNGUMÁL	GAT	ÁTTI HEIMA	HOLSKRÚFA	RÁNDÝRA
→						
PUNNUR VÖKVI				HÁTÍÐ		
				ILLT UMTAL		
BARDAGI			KUSK			
SPAUG			GRÍSKUR BÓKSTAFUR		PABBÍ	BRENT VIN
						RYKKORN
						↓
				LÁTAST AF SLYSFÖRUM		ÁLITINN
				TÍMABÍL		
FISKUR		GNÍSTA				AFL
		LÓÐ				
DÝRAHLIÓÐ		KÆLA	MARG-SINNIS			MÁLUR
		BOR	FRUMEFNI			MARÐAR-DÝR
	ELSKA		MATUR			ÖGN
	MERKI		UTAN			MÆLI-EINING
FORMÓÐIR						
			MATJURT		2	
				STEINBOGI	PRÓFGRÁÐA	
				VERA SÉÐUR		MÁLUR
GLUFA			FADMA			
			SLÆM SKRIFT		SPIL	LÆGSTA HITASTIG
					POTA	
TVEIR EINS						
		KEYRA		UPP HRÓPUN SÓLAR-HRINGA	SKELDÝR	TRÁÐKADI
					TÍTILA	
ÓRÓLEG			TAFAR			
			MÁL			950
						RÁ
				SIGTI		
				EINNIG		ÁRNA SAMAN-BURÐAR-TENGING
→						1
					ÆXLUN	
HJARTA-ÁFALL				BEITA		SPÍRA

# Nýjar vörur

Úrval af nýjum sófasettum á frábæru verði  
Öll sófasett fást með vaxtalausum greiðslum

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



**ÞÚ SPARAR 67.400kr**

**TILBOÐ 202.500kr**  
Listaverð 269.900,-

Verðdæmi miðast við:  
Leður hægingdasófa með 4 hallandi stólum

### Hægingdasófi

- fæst með annað hvort 2 eða 4 hallandi stólum
- fáanlegur með leður eða tau áklæði

Hægingdasófi 2322



**TILBOÐ 93.600kr**  
Listaverð 124.900,-

**ÞÚ SPARAR 15.700kr**

**TILBOÐ 47.200kr**  
Listaverð 62.900,-

**TILBOÐ 111.800kr**  
Listaverð 149.000,-

**ÞÚ SPARAR 37.200kr**

**TILBOÐ 63.700kr**  
Listaverð 84.900,-

**ÞÚ SPARAR 21.200kr**

**TILBOÐ 66.750kr**  
Listaverð 89.000,-

**ÞÚ SPARAR 22.250kr**

Hægingdasófi 2213

Hægingdastóll 2213

Hægingdasófi 2322

Hægingdastóll 2322

Hægingdastóll 2324



**ÞÚ SPARAR 56.900kr**

**TILBOÐ 173.000kr**  
Listaverð 229.900,-

Leðursófasett 2323



**ÞÚ SPARAR 34.900kr**

**TILBOÐ 105.000kr**  
Listaverð 139.900,-

Leðursófasett m/tungu 2213T



**Gott verð 3.990kr**

Púðar



**Gott verð 3.990kr**

Púðar



**Gott verð 3.990kr**

Púðar

Gildir til 8. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

# Hvað er að fréttast?

90 11 6 4 4 9 3



Fréttir af fólki\_

www.visir.is

**visir**  
Fyrstur með fréttirnar!

## STUÐ MILLI STRÍÐA Framlag mitt til framtíðarinnar

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR ER EKKI METNAÐARLAUS



Að vinna frá níu til fimm, hendast svo á leikskólann að ná í krílið, koma við í búð til að kaupa í matinn, elda kvöldmat og setja í þvottavél, gera fínt, brjóta saman þvott, vaska upp, leika við barnið, baða það og svæfa er töluvert krefjandi dagsverk.

Til að gera þetta vel þarf nokkurn metnað og góða skipulags-hæfileika. Það gefst lítil tími til þess að vera einstaklingur. Maður er öllu heldur samstaklingur með

hagsmunum tveggja aðila að leiðarljósi. Tveggja, af því við erum tvær í fjölskyldu, en ef við værum fleiri þá þyrftu hagsmunir þeirra líka að rúmast í skipulaginu.

Legði ég allan metnað minn í að öðlast stórkostlegan frama í starfi myndi barnið mitt þurfa að sitja á hakanum og það vil ég ekki láta gerast. Í æsku barns mótast full-orðinn einstaklingur og sem for-eldri ber ég mesta ábyrgð á því að þetta heppnist vel. Með því að leggja metnað minn í móðurhlutverkið í dag á ég sem örli til eining eftir að stuðla að því að íslenskt þjóðfélag verði farsælt í framtíðinni. Vissulega í mikrómynd, en margt smátt gerir eitt stórt ekki satt?

Mér þykir það því miður að konur sem leggja metnað sinn í það að vera „bara“ góðar mömmur, skuli ekki fá þá virðingu sem þær eiga almennt skilið.


Ég hef hitt margar fimmtugar konur með minnimáttarkennd yfir því að hafa aldrei lokið háskóla-prófi. Ég heyrir líka fjölmiðlakonu sem nýlega lét af því starfi til að sinna „bara“ börnunum sínum, margítrekað spurða að því hvort hún ætli samt ekki bráðum að fara að „gera eitthvað“. Hún svaraði að hana langaði ekki til að „gera eitthvað“ heldur vilji hún leggja metnað sinn í móðurhlutverkið og ég spyr:

Hvað í ósköpunum er eiginlega að því?

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



## Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000

**FRÉTTABLAÐIÐ**

– smáauglýsingar sem allir sjá





**PARTICK DEMPSEY** Leikarinn eignaðist tvíbura fyrir skömmu ásamt eiginkonu sinni Jillian.

## Eignaðist tvíbura

Leikarinn Patrick Dempsey og eiginkona hans Jillian Dempsey hafa eignast tvíbura. Fæddust þeir síðastliðinn fimmtudag í Los Angeles og hafa fengið nöfnin Darby Galen og Sullivan Patrick.

Dempsey-hjónin eiga fyrir dótturina Talula sem er fimm ára. Hinn 41 árs Dempsey leikur Dr. Derek Sheperd, eða Dr. McDreamy eins og hann er kallaður af samstarfsskonum sínum, í þættinum vinsæla Grey's Anatomy.



**PAMELA OG KID ROCK** Hjónaband þeirra entist aðeins í fjóra mánuði.

## Skilnaður opinber

Skilnaður kynbombunnar Pamelu Anderson og söngvarans Kid Rock er genginn í gegn. Pamela og Kid Rock, sem heitir réttu nafni Robert Ritchie, sóttu um skilnaðinn í nóvember í fyrra eftir aðeins fjögurra mánaða hjónaband.

Þegar þau giftu sig á snekkju í Frakklandi var Pamela himinlifandi og sagði brúðkaupið það rómantískasta sem sögur fara af.

Samkvæmt skilnaðarplöggunum má hvorugt þeirra gifta sig þangað til 28. maí á þessu ári vegna sex mánaða biðar sem þarf að vera á milli brúðkaupa.



**SVANDÍS PULA – MINNING** Platan hefur selst í tæplega þrjú þúsund eintökum.

## Þrjú þúsund eintök seld

Platan Svandís Pula – minning hefur selst í tæplega þrjú þúsund eintökum og er því langsöluhæsta platan á þessu ári.

Platan var gefin út til minningar um Svandís Pulu Ásgeirsdóttur, sem lést í umferðarslysi á Suðurlandsvegi í desember sl., aðeins fimm ára gömul. Átta ára bróðir hennar, Nóni Sær, slasaðist alvarlega í slysinu og rennur allur ágóði af útgáfunni til Nóna Sæs og fjölskyldu.

Tæplega tvö þúsund eintök seldust í forsölu á netinu en aukaplag af plötunni kom til landsins í síðustu viku og er hún nú fánleg í verslunum um land allt, m.a. á afgreiðslustöðum Póstsins.

# FRÁBÆR ÁVÖXTUN

## VERÐTRYGGÐIR INNLÁNSREIKNINGAR \*

Sparileið 36	<b>10,8%</b>
Sparileið 48	<b>10,9%</b>
Sparileið 60	<b>11,1%</b>
Lífeyrisreikningur	<b>11,8%</b>
Framtíðarreikningur	<b>11,8%</b>

## ÓVERÐTRYGGÐIR INNLÁNSREIKNINGAR

Verðbréfareikningur	<b>9,9%</b>
Heiðursmerki	<b>11,0%</b>
Uppléið**	<b>7,5–10,6%</b>

## INNLENDIR GJALDEYRISREIKNINGAR \*\*\*

Í USD	<b>18,3%</b>
Í GBP	<b>34,1%</b>
Í CHF	<b>22,9%</b>
Í JPY	<b>12,6%</b>
Í EUR	<b>29,1%</b>

Nafnávöxtun árið 2006. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

## INNLÁNSREIKNINGAR GLITNIS SKILA FRÁBÆRRI ÁVÖXTUN

Glitnir býður viðskiptavinum sínum fjölbreytt úrval innlánsreikninga og sparnaðarlausna. Árangur Glitnis á þessu sviði á árinu skilar góðum hagnaði fyrir þá sem nýta sér þessa þjónustu.

Þú getur stofnað innlánsreikning og skráð þig í reglulegan sparnað á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is), í næsta útibúi og í þjónustuveri í síma 440 4000.

FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN  
ER OKKAR VERKEFNI

**GLITNIR**

**Children Of Loki kynnis 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER**  
Fös 9 feb. kl. 20

**Verzlunarskóli Íslands kynnis SEXTÁN**  
Sun 4. feb kl. 19 / Mið 7. feb kl. 19 / Sun 11. feb kl. 16 / Þri 13. feb kl. 19 / Fim 15. feb kl. 19 / Mið 21 feb kl. 19 / Sun 25 feb kl. 17 / Mið 28 feb kl. 19 / Fös 2. mar kl. 20

**AUSTURBÆJ** Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími: 551 4700 / [www.mid.is](http://www.mid.is)

**FLAGARI Í FRAMSÖKN - The Rake's Progress**  
Frumstýning sun. 9. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTTILAUS  
2. sýn: sun. 11. feb.  
3. sýn: fös. 16. feb.  
4. sýn: sun. 18. feb.  
5. sýn: fös. 23. feb.  
6. sýn: sun. 25. feb.  
7. sýn: fös. 2. mars - ALLRA SJÓSTA SÝNING  
ALLAR SÝNINGAR HEFJAST KL. 20 - KYNNING Í RÖÐI VÍÐ KL. 19.15

**IGOR STRAVINSKY**  
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasala er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að öryngtu sýningardaga.  
Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala í Háttu utan sólarhrings.

**„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“**  
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD	DAGUR VONAR
Fös 9/2 kl. 20 Fim 22/2 kl. 20	Í kvöld kl. 20 <b>UPPSELT</b> Fös 9/2 kl. 20 <b>UPPSELT</b> Sun 11/2 kl. 20 <b>UPPSELT</b> Lau 17/2 kl. 20 <b>UPPSELT</b> Sun 18/2 kl. 20, Fös 23/2 kl. 20 Sun 25/2 kl. 20, Lau 3/3 kl. 20 Sun 4/3 kl. 20, Fim 8/3 kl. 20 <b>UPPSELT</b>
VILTU FINNA MILLJÓN?	<b>Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.</b>
Lau 10/2 kl. 20 Fös 2/3 kl. 20	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Fös 16/2 kl. 20 Lau 10/3 kl. 20	Í dag kl. 14 Sun 11/2 kl. 14 Sun 18/2 kl. 14 Sun 25/2 kl. 14 <b>Sýningum fer fækkandi</b>
SAN FRANCISCO BALLETTINN	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins. Mið 16/5 kl. 20 <b>UPPSELT</b> Fim 17/5 kl. 20 <b>UPPSELT</b> Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14 Lau 19/5 kl. 20 <b>UPPSELT</b> Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20 <b>UPPSELT</b>	Fim 8/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20 Fim 22/2 kl. 20 <b>Síðustu sýningar</b>
MEIN KAMPF	KARÍUS OG BAKTUS
Fim 15/2 kl. 20 <b>AUKASÝNING</b> Lau 24/2 kl. 20 <b>AUKASÝNING</b> <b>Síðustu sýningar</b>	Í dag kl. 13, 14, 15 <b>UPPSELT</b> Sun 11/2 kl. 13, 14, 15 <b>UPPSELT</b> Sun 18/2 kl. 13, 14, 15 <b>UPPSELT</b> Sun 25/2 kl. 13, 14, 15 <b>UPPSELT</b> Sun 4/3 kl. 13, 14, 15 <b>UPPSELT</b> Sun 11/3 kl. 13, 14, 15 <b>UPPSELT</b> Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 <b>UPPSELT</b> Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 <b>UPPSELT</b> <b>AUKASÝNINGAR Í SÖLU NÚNA!</b> Sun 1/4 kl. 13 <b>UPPSELT</b> Sun 1/4 kl. 14 <b>UPPSELT</b> Sun 1/4 kl. 15 Sun 15/4 kl. 13 Sun 15/4 kl. 14 Sun 15/4 kl. 15 Sun 22/4 kl. 13 Sun 22/4 kl. 14 <b>Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar</b>
EILÍF HAMINGJA	BORGARLEIKHÚSIÐ
Í samstarfi við Hið lífandi leikhús Í kvöld kl. 20 <b>UPPSELT</b> Fös 9/2 kl. 20 Sun 11/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20 Sun 18/2 kl. 20	
LADDI 6-TUGUR	
Lau 17/2 kl. 20 <b>UPPSELT</b> Lau 24/2 kl. 20 <b>UPPSELT</b> Lau 3/3 kl. 20 <b>UPPSELT</b> Fim 8/3 kl. 20 <b>UPPSELT</b> Fös 16/3 kl. 21 <b>AUKASÝNING</b> Miðasala 568 8000 <a href="http://www.borgarleikhusid.is">www.borgarleikhusid.is</a>	

**Sitji guðs englar**

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.  
Fös. 9/2 **uppsett**. **Síðasta sýning!**

**SITJI GUDS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.  
Í dag sun. 4/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 10/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 11/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 17/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus.

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.  
Forsýningar fim. 1/3, fös. 2/3 og lau. 3/3. Miðaverð kr. 1.500,-  
Frumstýning fim. 8/3 **uppsett**, 2. sýn. fös. 9/3 örfá sæti laus, 3. sýn. lau. 10/3 örfá sæti laus, 4. sýn. mið. 14/3 örfá sæti laus, 5. sýn. fim. 15/3 örfá sæti laus, 6. sýn. fös. 16/3 örfá sæti laus, 7. sýn. lau. 17/3 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 24/3 nokkur sæti laus.

**Smiðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.  
Mið. 7/2 örfá sæti laus, lau. 10/2 nokkur sæti laus, lau. 17/2 kl. 16:00 **uppsett**, þri. 20/2 **uppsett**, mið. 21/2 **uppsett**, lau. 24/2, fim. 1/3 kl. 13:00 **uppsett**, þri. 6/3 kl. 17:00 **uppsett**.  
**Ath!** Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

**Kassinn kl. 20:00**

**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.  
Lau. 10/2 nokkur sæti laus, fös. 16/2.

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur  
Í dag, sun. 4/2 kl. 11:00 **uppsett**, kl. 12:15 **uppsett** og kl. 14:00. **Síðustu sýningar!**

**PÉTUR OG ÚLFURINN** - Brúðsýning Berns Ogródniks eftir verki Prokofjefs  
Frumstýning lau. 17/2 kl. 13:30 **uppsett** og kl. 15:00 örfá sæti laus, sun. 18/2 kl. 13:30 örfá sæti laus og kl. 15:00, lau. 24/2 kl. 13:30 og 15:00, sun. 25/2 kl. 13:30 og 15:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is).  
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.  
Leikhúskjallarin er opin fyrir eftir sýningar föstudaga og laugardaga.  
Upplýsingar í miðasölusíma.

**Kl. 15.00**

Listamaðurinn Birta Guðjónsdóttir og sýningarstjórinn Ólöf Kristín Sigurðardóttir munu skoða og ræða innsetningu Birtu í D-sal Hafnarhússins. Birta er fyrst úr hópi ungra listamanna til að vinna innsetningu í nýja sýningaröð sem kennd er við D-salinn og helguð er listamönnum sem hafa starfað við myndlist en ekki fengið tækifæri til að sýna í sölum hinna stærri safna.

**> Dustaðu rykið af ...**

unaðsrödd **Ninu Simone**. Söngkonan Eunice Waymon var líka **undrabarn** í pianóleik, liðtækur lagahöfundur og útsetjari. Á nöprum vetrarkvöldum er tilvalið að leyfa tónum hennar að **hrislast** út úr hátölurum.

# menning

menning@frettabladid.is

## Sérlegir afmælistónar

**Kammermúsíkkлубburinn fagnar 50 ára afmæli sínu á þessu starfsári og af því tilefni verða sérstakir hátíðartónleikar í Bústaðakirkju í kvöld.**

Með stofnun Kammermúsíkkлубbsins hófst markviss flutningur kammertónlistar á Íslandi. Áður hafði Tónlistarfélagið í Reykjavík staðið fyrir tónleikum meðal annars með nokkrum frægum erlendum einleikum en hugsjónamenn úr röðum tónlistarunnenda höfðu stærri hugmyndir og óskir um tónleikahald.

Stofnendur klubbsins voru Guðmundur W. Vilhjálmsson sem gegnir nú forstöðu hans, Haukur Gröndal, Ingólfur Ásmundsson, Ragnar Jónsson í Smára auk Árna Kristjánssonar og Björns Ólafssonar sem jafnframt voru tónlistarráðunautar.



**PORKELL SIGURBJÖRNSON** Samdi nýtt verk í tilefni af afmæli klubbsins.



**LANDSLIÐ TÓNLISTARFÓLKS** Kammermúsíkkлубburinn hefur fengið framúrskarandi listafólki til liðs við sig í gegnum árin og í kvöld verður þar engin breyting á.

Fyrstu tónleikarnir fóru fram í Melaskóla 7. febrúar 1957 þar sem á annað hundrað gestir hlýddu á Trío Tónlistarskólans ásamt liðs-auka leika Beethoven og Schubert. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá árdögum klubbsins, haldnir hafa verið tæplega 230 tónleikar á vegum hans og í mörgum tilvikum hefur verið um frumflutning að ræða enda hefur klubburinn alla tíð unnið öflugt kynningarstarf.

Í dag eru félagar í Kammermúsíkkлубbbnum rúmlega tvö hundruð en fjölmargir tónlistarunnendur sækja einnig tónleika klubbsins án þess að vera formlega skráðir í félagsskapinn. Á efnisskrá kvöldsins er nýtt

verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, „Tilbrigði fyrir pianó og strengjakvartett“, en verkið samdi tónskáldið að beiðni klubbsins í tilefni af afmælinu. Enn fremur verður leikinn strengjakvartett eftir Beethoven. Flytjendur á tónleikunum verða fiðluleikararnir Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari og Zbigniew Dubik, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari, Bryndís Halla Gyldfadóttir sellóleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir pianóleikari.

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 20 en nánari upplýsingar um starfsemi Kammermúsíkkлубbsins má finna á heimasíðunni [www.kammer.is](http://www.kammer.is)

## Sýnir í New York

Málarinn Odd Nerdrum sýnir í New York um þessar mundir á Forum Gallery. Þar eru uppi ellefu ný málverk eftir meistaranum og hann sagður íslenskur í fréttum af sýningunni.

Myndirnar sýna allar manninn svífandi í dökkum geimi og eru enn ein rannsóknarleið Odds um stöðu mannsins og minna óneitanlega á þekkt minni úr kirkjulisti. Í að því virðist lausu lofti eru mannlíkamarnir í faðmlögum, kossnum, svífandi í hjálparleysi og afskiptar. Á sýningunni er einnig sjálfmynd af málaranum og hvílir höfuð hans á borði með lífandi augu en hálflykt.

Odd menntaði sig ungur í aðferðum eldri meistara: málverk Rembrandt, Caravaggio, og Goya urðu honum til eftirbreytni. Hann er fæddur í Svíþjóð 1944 og stundaði nám við listaakademíuna í Osló. Hann hafði stutt kynni af byltingarhreyfingum myndlistar á sjöunda áratugnum, kom við hjá Joseph Beuys. Hann lagðist fljótt gegn straumnum og hlaut fyrir háð og spott ráðandi afla í myndlist í Noregi. Hingað kom hann eftir kynni við Hrafn Gunnlaugs-

son og Karl Júlíusson en verk hans höfðu mikil áhrif á myndvinnslu og lýsingu á Myrkrhöfðingja Hrafn. Verk Odds eru uppi í mörgum virtum söfnum en lífsverk hans stingur í stúfa við flest sem unnið er í borgaralegri myndlist þessi dægrin. Áhugasamir geta kíkt á verkum ellefu á vef: <http://forumgallery.com>. - pbb



**ODD NERDRUM** Menntaði sig í aðferðum eldri meistara.

## Gorki ungur

Félagið MÍR stendur fyrir reglulegum kvikmyndasýningum á sunnudögum og í dag er komið að myndinni „Bernska Gorkís“ eftir Marks Donskoj.

Myndin er frá 1938 og er byggð á fyrsta af þremur bindum sjálfsævisögu rithöfundarins Maxíms Gorkí. Ævisagan kom út á íslensku í þýðingu Kjartans Ólafssonar og báru bindin þrjú þá heitin „Barnska mín“, „Hjá vandalausum“ og „Háskólar mínir“. Mark Donskoj, sem var í hópi fremstu kvikmyndagerðarmanna í Sovétríkjunum um miðja síðustu öld, réðst í að myndgera sjálfsævisögu hins fræga rússneska höfundar á síðari hluta fjórða áratugarins. Kvikmyndirnar þrjár þóttu marka nokkur tímamót í sovétrí kvikmyndagerð á þessum árum, þegar talmyndir voru enn nýlunda og hljóðtækni í örri þróun. Myndin er sýnd með ensku texta og fer sýningin fram í húsakynnum MÍR á Hverfisgötu 105 og hefst kl. 15.



**MAXIM GORKI**



## HALLDÓR GUÐMUNDSSON Skrifar um bókmenntir

# Bókmenntaverðlaun

Nú er upp runnin árstíð spurningakeppnanna. Þær hafa alltaf freistað mín og þá meira til þess að semja spurningar en svara þeim. Hver var til dæmis Rudolf Eucken? Ég er nokkuð viss um að ekki einu sinni snörpustu menntaskólanemar gætu svarað því, en þessi þýski rithöfundur og heimspekingur hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1908 fyrir „óbilandi sannleiksleit sína“. Það er bara að vona að Eucken hafi fundið sannleikann, því einhvers staðar á leiðinni týndi bókmenntaheimurinn honum. Í Þýskalandi einu eru veitt yfir 300 bókmenntaverðlaun á ári, næstum ein á dag. Enginn maður kann að telja þau öll upp. Hver þekkir t.d. Johannes Grillhoff verðlaunin í þágu lágþýskra bókmennta? Í bók eftir Umberto Eco lifir lítið forlag á því að gefa út ljóðabækur vel stæðra embættismanna sem komnir eru á eftirlaun. Það borgar ekki ritlaun, en útvegur virðuleg bókmenntaverðlaun sem felast í einum góðum dinner og allir eru glaðir.

### Gagnsemi verðlauna

Bókmenntaverðlaun eru auðgagnrýnd, einfaldlega vegna þess að skáldskapur er ekki keppnisírótt og lestur er hvorki múgsefjun né hópefli, heldur einstaklingsbundin iðja – erindi höfundarins er alltaf alltaf við þig, lesandann. Þess vegna vill sérhver lesandi veita sínar eigin viðurkenningar. Það er hægt að gagnrýna opinber verðlaun á svipuðum forsendum og ýmsar hliðarverkanir bókamarkaðarins. En það er líka hægt að verja þau á svipuðum forsendum: Markaðurinn er stundum afleitur, en það er samt engin betri leið til að koma bókum til lesenda. Markmið bókmenntaverðlauna er að vekja athygli á góðum bókum, en ekki þar með gera lítið úr öðrum, og þess vegna er það sannfæring mín að þau geri meira gagn en ógagn. Það er verið að beina sjónum að því sem vel er gert, að mati nokkurra lesenda sem skipa dómnefnd, og því ber að fagna – það er ekki eins og verið sé að pranga einhverjum öþverra inn á fólk. Við eigum bara ekki að taka slík verðlaun of háttíðlega – eins og þegar Íslendingar eru meira en hálfri öld síðar enn að láta í ljós skoðun á því hvornig hefði átt að úthluta Nóbelsverðlaununum 1955. Hvað segja menn þá um 1908?

### Vel heppnað val

Þótt mér sé málið skylt á alla enda og kanta vil ég því, á þessum forsendum, láta í ljós þá skoðun að hin 18 ára gömlu Íslensku bókmenntaverðlaun hafi verið til góðs. Og mér finnst að dómnefnd hafi tekist vel upp með veitingu þeirra að þessu sinni. Bók Andra Snæs hefur í senn tjád og haft áhrif á gerð breytt viðhorf Íslendinga til stóriðjustefnu undanfarinna áratuga. Enda vilja nú allir Draumalandið kveðið hafa, frá Steingrími Jöð til Kjartans Gunnarssonar; hún er að mörgu leyti einstæð bók á íslenskum markaði á seinni árum. Og vonandi verða verðlaunin til Ólafs Jóhanns til að afla honum þeirrar viðurkenningar meðal íslensks bókmenntafólks sem hann hefur fyrir löngu hlotið hjá almennum lesendum: að hann á heima í hópi athyglisverðustu íslenskra sagnaskálda, og menn hætta að láta það þvælast endalaust fyrir sér að hann hafi fengist við viðskipti í New York með ágætum árangri. Nú orðið morar hvort sem er allt í fjármálasturum á Íslandi, en góðir rithöfundar eru sjaldséðari. Og vel heppnað sagnabók ber miklu hærrí langtímavexti í huga lesandans en bólginn bankabók.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

1 2 3 4 5 6 7

### Sunnudagur

#### SAMKOMUR

- 10.00 Fræðslumorgnarnar í Hallgrímskirkju. Gunnar Hersveinn, rithöfundur, flytur erindi sem hann nefnir: **Hugleiðingar um lífsgildi Íslendinga**. Gunnar Hersveinn hefur nýlega gefið út bókina **Gæfuspor**, þar sem hann fjallar um dyggðir og gildi á einstaklega aðgengilegan og lærdómsríkan hátt. Fyrirlesturinn hefst kl. 10 og allir eru velkomnir.

#### FYRIRLESTRAR

- 14.00 **Salvör Nordal**, forstöðumaður **Síðfræðistofnunar Háskóla Íslands**, heldur erindi um **síðfræði dauðarefsinga** á vegum vinnatúf-lags Íslands og miðausturlanda. Til fróðleiks liggur frammi upplýsinga-blað um æviferil **Saddams Husseins** fyrir forseta Íraks. Fyrirlesturinn flytur Salvör á **Kornhlöðuloftinu** við Skólastræti.

#### SÝNINGAR

- 11.00 Færeysku listmálaramir **Edward Fugla, Astrí Luihn, Sigrun Gunnarsdóttir**, Torbjörn Olsen, **Eyðun av Reyni** og **Ingalvur av Reyni** sýna verk sín í menningarstofnun **Hafnarfjarðar** í **Hafnarborg**. Listamennirnir á sýningunni Einsýna List eru að mörgu leyti ólíkir en þeir eiga það sameiginlegt að vera óhræddir við að gera tilraunir með tækni, form og myndbyggingu. Sýningin stendur til 4. febrúar.
- 14.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá **Musée des beaux-arts** í **Bordeaux** í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.

Rakel Pétursdóttir safnafraeðingur leiðir gesti um sýningarnar.

- 11.00 í **Gerðarsafni** stendur yfir samsýning **Gullpenslanna** svokölluðu. Á sýningunni **Indigo** sýna **Birgir Snæbjörn Birgisson, Daði Guðbjörnsson, Eggert Pétursson, Helgi Þorgils Friðjónsson, JBK Ransu, Jóhann Ludvíg Torfason, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Sigrður Arni Sigurðsson**. Sýningin stendur til 11. febrúar.
- 13.00 í **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast **Les yeux de l'ombre jaune** eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Bateman ber heitið **Tyrfingar**. Listasafnið á Akureyri er opið alla daga nema mánudaga en frítt er inn á fimmtudögum.
- 13.00 Framköllun, sýning **Haraldar Jónssonar** í **menningarmiðstöðinni Skaftfelli** á Seyðisfirði hefur verið framlengd til 20. febrúar. Sýningin er opin frá kl. 13-17 allar helgar eða eftir samkomulagi.
- 14.00 **Stephan Stephensen**, öðru nafni **President Bongo** sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Sýningin ber yfirskriftina **IF YOU WANT BLOOD... YOU'VE GOT IT!** og er opin milli 14-17, þriðjudaga til laugardaga til 15. febrúar.

#### SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 14.00 Sýningu **Hildar Bjarnadóttur** í **SAFNI** við Laugaveg lýkur í dag. Á sýningunni **Igildi** eru textilverk, sem Hildur vefur úr akrílmáluðum strigapróðum og veltir þannig upp áleitnum spurningum um málverkið sem slíkt, um opinbera listhefð, flokkun í handverk og fagurlistir, hámenningu og lágmenningu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Fáar leiðir farnar

Einleikur Ólafs S. K. Þorvaldz kom upp um síðustu helgi í Silfurtunglunu, gamla danssalnum í norðurhluta Austurbæjarbíós. Það var vel hálfur salur á sýningu á föstudag. Myrkríð gerði það að verkum að erfitt er að átta sig á möguleikum salarins. Hann hýsir núna lítinn sviðspall; tvær súlur með innangi hefta möguleika til að nýta hann á annan hátt en var í þá tíð þegar Sam-fjölskyldan breytti honum í bíosal. Lofthæð er ekki mikil sem takmarkar lýsingu talsvert. Bíosalir eru gjarna klæddir með efni sem heftir lifandi hljóð, þar á allt að koma úr hátölurum.

Þetta er stutt verk, rétt klukkutími og einfalt í sniðum. Leikarinn, sem er jafnframt höfundur verksins, stekkur milli tímasviða í lífi – og dauða – ungs manns sem framið hefur vöðaverk. Sýningin rekur aðraganda að hinum stóra atburði og eftirmál – raunar fram yfir líf og dauða. Hér byggist því allt á ítarlegri og naskri persónusköpun en það gerist ekki. Orsök þeirra miklu órlaga sem höfundur reynir að lýsa og túlka reynist ekki sannfærandi. Hin miklu stökk milli heims og helju – þau eru það bókstaflega – gera það líka að verkum að samúð með þeim drögum að unglingspilti sem Ólafur leggur fram hverfur strax. Hvers vegna leikstjórnin kys að láta blessaðan leikarann þjóta milli staða í þröngri leikmyndinni eftir því hvort hann er lifandi eða dauður er mér alger ráðgáta, hvílik orku og tímasúni!

Þetta verk og ýmis önnur verk nýgræðinga, sem leiklistarráð

hefur lagt sig fram um að styrkja og leikhóparnir hlaupa fram með blóðhrá og beinlaus – í mörgum tilvikum algera óskapnaði sem vonlaust er að blása sannfærandi lífi í – vekja aðeins spurningu um þá takmörkuðu dómgreind sem er að verki við valið. 50 leiðir til að yfirgefa elskhuga sinn er eitt slíkra verka.

Áhersla sjálfstæðu leikhúsanna á frumsamin íslensk verk hefur orðið til þess að það er nánast borin von að hér komi fram lengur nokkuð fjölbreytilegt úrval nýrra og eldri leikverka sem samin eru á erlendri grund. Leiklistarráðið hefur gripið framboð íslenskra verka fegins hendi, það passar í pólitíkina. En það er mikil skamm-sýni. Íslensk hrákasmíð fyrir svið er ekkert betri þótt hún sé íslensk. Leikhópar verða ekkert mikilvægari þótt þeir hafi póstfang sitt á Egilsstöðum eða Ísafirði og í er bara einn maður. Og grasrótin gerir engum greiða með því að veðja endalaust á íslensk verk sem þykja ekki tæk annars staðar, væru hvergi tæk nema fyrir kunningskap í hópnum eða vitlausa listræna stefnu fjarveitingavaldsins.

Ólafur Þorvaldz er ekki reynslumikill leikari. Svo flóktandi var hann í texta sínum og persónusköpun að engin leið er að átta sig á getu hans og framtíð. Verra þótti mér að sjá þau handarbaksvinnubrögð sem einkenndu sviðsetningu Agnars Jóns Egilssonar. Tilgangslítið þan, undarleg beiting á spottljósum sem venjulega hafa þann effekt að einangra



### LEIKLIST

#### 50 ways to leave your lover

eftir Ólaf S.K. Þorvaldz og flutt af honum.

**Leikstjóri:** Agnar Jón Egilsson/  
**Lýsing:** Andri Guðmundsson

Enga stjörnu fyrir þessa hrákasmíð.

leikara frá áhorfendum, samsull af tónlist úr öllum áttum sem jók enn á sundurlausan stíl verksins, allt þetta gerði sitt að verkum að sviðsetning hans kveikti engan áhuga eða samúð.

Páll Baldvin Baldvinsson

★ ★ ★ ★

FRÉTTABLAÐIÐ Páll Baldvin Baldvinsson

Pabbinn

Gamansamar hugleiðingar um föðurhlutverkið

UPPSELT

Á ALLAR SÝNINGAR Í FEBRÚAR!  
MIÐASALA Á PABBANN Í MARS HEFST Í DAG Á MIDI.IS  
OG Í IÐNÓ FRÁ KL. 11 Á MORGUN

Aukasýning í febrúar: föstudaginn 16. febrúar kl. 20					
Mars					
Föstudaginn	2/3	kl. 20	Laugardaginn	17/3	kl. 20
Laugardaginn	3/3	kl. 20	Sunnudaginn	18/3	kl. 20
Sunnudaginn	4/3	kl. 20	Fimmtudaginn	22/3	kl. 20
Miðvikudaginn	7/3	kl. 20	Föstudaginn	23/3	kl. 20
Föstudaginn	9/3	kl. 20	Laugardaginn	24/3	kl. 20
Laugardaginn	10/3	kl. 15	Fimmtudaginn	29/3	kl. 20
(ath breytan sýningartíma!)			Föstudaginn	30/3	kl. 20
Fimmtudaginn	15/3	kl. 20	Laugardaginn	31/3	kl. 20

www.pabbinn.is | Iðnó S: 5629700

THORSSON PRODUCTIONS

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

**Nýtt í bió**

...SÍÐASTA LOTAN!

**ROCKY BALBOA**

Rocky er mættur aftur í frábærri mynd sem hlotið hefur mjög góða dóma og aðsókn í USA. Ekki missa af þessari!

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA MED BEN STILLERIG OG ROBIN WILLIAMS

**NIGHT AT THE MUSEUM**

Hjálpin berst að ofan!

FRÁBÆR BARNLÖG OG FJÖLSKYLDUMYND FRAI HÖFUNDI STÚART LITLA.

SÝND BÆÐI MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.

4 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA m.a. sem besta myndin

LITTLE MISS SUNSHINE

3 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

LITTLE CHILDREN

8 ÓSKARS TILNEFNINGAR

**DREAMGIRLS**

SPRON 20% afsláttur ef greitt er með SPRON-korti

Sýnd kl. 5, 8 og 10.30

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

BORGARBIÓ SÍMI 462 3500

ROCKY BALBOA kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA

SÝND Í LÚXUS kl. 1, 3.20, 5.40, 8 og 10.20

KIRIKOU & VILLIDYRIN ISL. TAL kl. 1 450 KR.

CHARLOTTE'S WEB ENSKT TAL kl. 1 og 3.10

VEFUR KARLOTTU ISL. TAL kl. 1, 3.10 og 5.20

NIGHT AT THE MUSEUM kl. 1, 3.20, 5.40, 8 og 10.20

APOCALYPTO kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA

KÖLD SLOÐ kl. 5.45 og 8 B.I. 12 ÁRA

CASINO ROYALE kl. 2.50 B.I. 14 ÁRA

ROCKY BALBOA kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA

LITTLE CHILDREN kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 14 ÁRA

NIGHT AT THE MUSEUM kl. 3 og 5.40

KÖLD SLOÐ kl. 8 B.I. 12 ÁRA

LITTLE MISS SUNSHINE kl. 3, 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA

MÝRIN kl. 3 og 10.20 B.I. 12 ÁRA

MIDASALA Í SMÁRABIÓ OG REGNBÖGINN Á **mid.is**

450 kr. í bió!

ROCKY BALBOA kl. 8 og 10.10 B.I. 12 ÁRA

DREAMGIRLS kl. 5.40, 8 og 10.30

KIRIKOU & VILLIDYRIN kl. 4 og 6

450 kr. í bió!

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.30 B.I. 14

Sýnd kl. 2, 5 og 8

Sýnd kl. 2 og 3.50 B.I. 12

Sýnd kl. 10.15 B.I. 16

450 KR. Í BIÓ!

Sími 553 2075

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

8 ÓSKARS TILNEFNINGAR

**DREAMGIRLS**

SPRON 20% afsláttur ef greitt er með SPRON-korti

Sýnd kl. 5, 8 og 10.30

LITIL BÖRN 3 TILNEFNINGAR

LITTLE CHILDREN

KIRIKOU OG VILLIDYRIN

Sýnd kl. 2 og 3.30 ISL. TAL

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.30 B.I. 14

Sýnd kl. 2, 5 og 8

MEL GIBSON APOCALYPTO

Sýnd kl. 10.15 B.I. 16

450 KR. Í BIÓ!

**Lohan færir fíklana frá**

Lindsay Lohan er ekki vinsæl meðal annarra fúbúa á Wonderland-meðferðarheimilinu þar sem hún hefur dvalist að undanfögnu. Leikkonan skræði sig sjálf inn á meðferðarheimilið 17. janúar síðastliðinn, þar sem henni fannst tími til kominn að takast á við drykkjuvandamál sitt. Síðan þá hafa nokkrir sambýlingar hennar hætt meðferð, þar sem þeir segja Wonderland vera orðið að algerum brandara.

Frá því að leikkonan kom til Wonderland hefur hún veitt blaðamönnum víðtöl í gegnum síma, yfirgefið heimilið til að mæta í tókur á nýjustu mynd sinni og farið í verslunarleiðangra á Rodeo Drive. Einn þeirra sem hafa flúið heimilið segir: „Á meðan ég er að reyna að bjarga lífi mínu, er hún að reyna að bjarga andliti sínu.“

# Ómar gleymdi engum koltvísýringi

„Það sem ég hafði um mengunina að segja var klippt út úr Kastljósinu,“ segir Ómar Ragnarsson, hugsjónamaður með meiru. Fréttablaðið greindi nýverið frá því að verulega umdeildar eru hugmyndir Ómars, sem hann boðaði í Kastljósinu í vikunni, um endurreisn rúntsins gamla sem ganga út á að gera umferð sem kennd er við rúntinn, niður Laugaveg og um Austurstræti, að tvístefnu.



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR Hefur, ásamt fleirum, gagnrýnt hugmyndir Ómars um endurreisn rúntsins svonefnda – Ómarsrúntsins.

Kolbrún Halldórsdóttir alþingismaður sagði af þessu tilefni í samtali við Fréttablaðið: „Allir þekkja þær ógnir sem að umhverfinu stöðja með losun gróðurhúsalofttegunda. Uppsprettan eru samgöngur; lesist bílar,“ sagði Kolbrún af þessu tilefni.

Ýmsir hafa tekið undir með henni en Ómar segir þetta mikinn misskilning og meinlegan. Þótt Ómar saki ekki Kastljósið um eitt né neitt, stundum þurfi að klippa og skera, þá byggist umræðan á því sem ekki kom fram. Hvernig á fólk að vita að hann sé búinn að brjóta þessi mál til mergjar? Hugmyndir Ómars ganga út á að minnka bílaflota landsmanna til mikilla muna.

„Maður sem hefur átt minnstu bíla landsins í 48 ár hefur ekki gleymt koltvísýringnum. Viðbót við umferð í Kvosinni hjá örliðu broti íbúanna, brot úr degi, er svo lítið miðað við hversdagsumferðina á götum borgarinnar að það er smjörklípa í sam-anburði við kjötfjall. Smjörklípuaðferðin reynist stundum vel í rökræðum eins og þekkt er,“ segir Ómar.

Og Ómar heldur áfram. Segist kominn miklu, miklu lengra í hugmyndum sínum en Kolbrún heldur í róttækum hugmyndum um að minnka bílaflotann með því sem hann kallar lengdargjaldi.

„Þá borga menn ákveðið gjald fyrir hvern sentimetra sem bíllinn er lengri en nemur 2,50 metrum. Hundrað þúsund bílar fara um Miklubrautina eina á hverjum degi. Ef bara helmingurinn af þeim yrði stytur niður í tvo og fimmtíu – væru smart-bílar – þá myndu losna hundrað kílómetrar af malbiki á þessari einu götu á hverjum degi sem annars væru þaktir bílum.“

Ómar vill koma svonefndum smart-bílum í umferð.

„Tveir smart-bílar komast þversum í stæði þar sem einn bíll er núna. Ég get teiknað þetta á servíettu fyrir Kolbrúnu Halldórsdóttur,“ segir Ómar og nefnir að hann sé búinn að ígrunda þessi mál í áratugi. Hann vill að

menn borgi fyrir malbikið sem þeir nota. Láta markaðinn sjá um þetta.

„Þetta er ekki sósíalismi. Og í fjölskyldubílinn hinn stærri á fólk að geta fengið vegalengdamæli eins og var í dísilbílunum og fær þá afslátt á lengdargjaldinu í hlutfalli við ekna kílómetra.“

**jakob@frettabladid.is**

ÓMAR RAGNARSSON Maður sem hefur átt minnstu bíla landsins í 48 ár hefur ekki gleymt koltvísýringnum. Það er á hreinu.



Sími: 553 2075

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

Ódýrt í bió

ATH. SÝND KL. 2 OG 3.30

ATH. SÝND KL. 2

ATH. SÝND KL. 2

KIRIKOU OG VILLIDYRIN Frábært ævintýri fyrir alla fjölskylduna

NIGHT AT THE MUSEUM

ARTÚR OG MINIMOARNIR

LAUGARÁS BIÓ 450 kr. á 2 sýningar

# Óvíst hvort Washington haldi áfram

Framtíð Isaiah Washington í þættinum Gray's Anatomy er enn óráðin eftir að hann kallaði mót-leikara sinn T.R. Knight „hommatitt“ í tvígang. Leikarinn reynir nú hvað hann getur til að komast aftur í náðina hjá framleiðendum þáttanna og hefur leitað sér hjálpar.

Washington mætti ekki á verðlaunahátíð bandaríska kvikmyndaleikarasambandsins á sunnudagskvöld þar sem félagar hans hirtu til sín



ISAIAH WASHINGTON

verðlaun í flokki besta leikhóps. Mótleikkona hans, Chandra Wilson, lýsti yfir stuðningi við Washington í þakkaræðu sinni en aðrir úr þættinum sýndu lítinn vott um hlýhug, Katherine Heigl gaf meðal annars í skyn að framleiðendur þáttanna ættu að banna honum að tala opinberlega. „Ég veit ekki betur en að hann sé að leita sér hjálpar,“ sagði hún. „Ég veit ekki hvenær hann snýr aftur.“

**SPARBIÓ 450** kr á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sannudögum

5 TILNEFNINGAR TIL OSKARSVERÐLAUNA  
Frá leikstjóra The Last Samurai

ER ÞETTA ...  
NÆSTI FORSETI ?  
**man of the year**  
FRÁ HANDRITSHÓFUNDI RAIN MAN OG GOOD MORNING VIETNAM

20% AFSLÁTTUR EF GREITT ER MEÐ SPRON-KORTI  
3 Golden Globe VERÐLAUN  
8 TILNEFNINGAR TIL OSKARSVERÐLAUNA

**DREAMGIRLS**  
FOXX KNOWLES JULLIUS

7 TILNEFNINGAR TIL OSKARS

**FORELDRAR**

1 TILNEFNINGAR TIL OSKARS  
**HAPPY FEET**

2 TILNEFNINGAR TIL OSKARS  
**THE PRESTIGE**

3 TILNEFNINGAR TIL OSKARS  
**Children of Men**

5 TILNEFNINGAR TIL OSKARS  
**DEPARTED**

Háskólabíó			Háskólabíó		
DREAMGIRLS	kl. 3 - 6 - 9 - 10:20	B.17	THE CHILDREN OF MEN	kl. 3 - 8	B.16
BLOOD DIAMOND	kl. 3 - 6 - 9	B.16	FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 5:30	B.16
FORELDRAR	kl. 3 - 6 - 8	Leyfð	THE DEPARTED	kl. 10:10	B.16
BABEL	kl. 3 - 6 - 9	B.16			

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA			SAMBÍÓ / KRINGLUNNI			SAMBÍÓ / KEFLAVÍK			SAMBÍÓ / AKUREYRI		
MAN OF THE YEAR	kl. 5:40 - 8 - 10:30	B.17	MAN OF THE YEAR	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	B.17	APOCALYPTO	kl. 8	B.16	CHARLOTTE'S WEB m/Ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð
BLOOD DIAMOND	kl. 5:30 - 8 - 10:50	B.16	BLOOD DIAMOND	kl. 8 - 10:50	B.16	BABEL	kl. 8	B.16	BLOOD DIAMOND	kl. 8 - 10:30	B.16
BLOOD DIAMOND VIP	kl. 2 - 8 - 10:50		VEFURINN HE... M/-Ísl. tali	kl. 1:40 - 3:50 - 6	Leyfð	VEFUR KARLOTTU m/Ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	Leyfð	FRÁIR FÆTUR m/Ísl. tali	kl. 2 - 4	Leyfð
VEFURINN HENN... M/-Ísl. tali	kl. 2 - 4:10 - 5:50	Leyfð	CHARLOTT... M/-Ersk. tali	kl. 3:50 - 6 - 8	Leyfð	NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 5:30	Leyfð	SKOLAD Í BURTU m/Ísl. tali	kl. 6	Leyfð
BABEL	kl. 8 - 10:50	B.16	THE PRESTIGE	kl. 10	B.12	FRÁIR FÆTUR m/Ísl. tali	kl. 2	Leyfð	FORELDRAR	kl. 8 - 10	Leyfð
BABEL VIP	kl. 5		FRÁIR FÆTUR M/-Ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	Leyfð						
FORELDRAR	kl. 4:10 - 8:15	Leyfð	SKOLAD Í BURTU M/-Ísl. tali	kl. 1:40	Leyfð						

www.SAMBio.is | 575 8900

## Fékk hjálp frá pabba

Garðar Thór Cortes söng á heljarinnar kynningarfundum á Il Bottaccio í London á fimmtudagskvöld. Til stóð að kynningin yrði haldin um miðjan janúar en var frestað sökum veikinda stórtenórsins.

Garðar er nú óðum að ná sér og var umboðsmaður hans, Einar Bárðarson, bjartsýnn á gott gengi. „Garðar hefur farið vel með sjálfan sig að undanförunu og hefur verið að undirbúa röddina síðustu daga en varlega þó,“ segir Einar.

Faðir Garðars, Garðar Cortes, var syni sínum til halds og trausts en hann stjórnadi The National Symphony Orchestra á tónleikum.

Fjöldi blaðamanna mætti og má þar nefna fulltrúa frá spjallþætti Sharon Osbourne og X-Factor sem eru meðal vinsælustu þátta Bretlands. Þarna voru einnig aðilar frá MTV og VHI 1 sem og Kevin Bishop, yfirmaður afþreyingardeildar BBC.



**GARÐAR ELDRÍ**  
Var syni sínum til halds og trausts í London.



**GARÐAR** Er að jafna sig eftir erfið veikindi en söng þó fyrir fullu húsi.

Blaðamenn frá helstu dagblöðum og útvarpsstöðvum Bretlands voru einnig mættir á svæðið en sendiherra Íslands í London, Sverrir Haukur Gunnlaugsson, kom að skipulagningu kvöldins. „Við erum afar þakklátir fyrir þá aðstoð sem hann veitti okkur og Sverrir vildi allt fyrir hópinn gera,“ segir Einar.

## Kronika ekki sama og Krónikan

Nemendur og kennarar eru ekki sáttir við að nýtt vikurit hafi fengið sama nafn og skólablaðið þeirra.

„Við vorum ekkert rosalega sátt við þetta en núna finnst okkur þetta eiginlega bara hálfyndið,“ segir Daníel Sigurður Elvarsson, ritstjóri Kroniku, skólablaðs Fjölbrautaskólans við Ármúla. Frá því var greint í fjölmiðlum nýverið að nýtt vikublað undir stjórn Sigríðar Daggar Auðunsdóttur kæmi út í lok næsta mánaðar og það undir heitinu Krónikan, nafni sem er skuggalega líkt skólablaði fjölbrautaskólans. „Mér finnst þetta hljóma eins og við myndum skíra nemendafélagið okkar Sirkus nema bara með ú-i,“ segir Daníel.

„Eiginlega fannst okkur það helst súrt í brotið að fram kom á netinu að blaðið okkar hefði ekki komið út síðustu sex árin. Við höfum að minnsta kosti verið með blað á hverju ári síðan 2001,“ segir Daníel og bætir því við að skólastjóri skólans sé að skoða réttarstöðu blaðsins.

Og Gísli Ragnarsson, skólastjóri Fjölbrautaskólans við Ármúla, staðfesti það í samtali við Fréttablaðið. Tók hann undir orð Daníels að honum hefði verið nokkuð brugðið þegar hann sá að blað skólans hefði



**RIITSTJÓRI KRONIKU** Segir málið vera hálfyndið en skólablað Fjölbrautaskólans við Ármúla ber nafnið Kronika.

verið úrskurðað látið í nokkur ár á netinu. „Kronika er í smíðum sjöunda árið í röð og hefur verið mjög veglegt, frá sextíu síðum til hundrad,“ segir skólastjórinn stoltur og bætir því við að útgáfan hafi verið rekin án nokkurra styrkja frá skólayfirvöldum. „Hún hefur því kostað heilmikið markaðsstarf og krakkarnir hafa áhyggjur af því að stóra blaðið gæti sett strik í þann reikning,“ bætir Gísli við en vill ekki gefa upp hvort til einhverra aðgerða verði gripíð.

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, ritstjóri Krónikunnar, sagði ekki koma til greina að breyta nafninu enda væri nafn skólablaðsins alltaf bundið við ártöl.

**RIITSTJÓRI KRÓNIKUNNAR** Segir að ekki komi til greina að breyta um nafn á nýju vikuriti sínu.

Nýjasta blaðið væri því „Kronika 2006“. „Þau virðast annars taka þessu ansi létt því það er víst viðtal við mig á síðum næsta blaðs,“ segir Sigríður Dögg.

freyygija@frettabladid.is



**SKÓLASTJÓRINN** Gísli Ragnarsson segir að verið sé að skoða réttarstöðu blaðsins.

## Vill helming eigna

Tomi Rae Hynie, ekkja James Brown, hefur höfðað mál þar sem hún óskar eftir helmingi eigna sálargóðsagnarinnar.

Hún vill jafnframt fá aðgang að heimili Browns til að endurheimta eigur sínar og fimm ára sonar þeirra. Hin 36 ára Hynie, sem var bakraddasöngkona Browns, segist hafa verið meinadur aðgangur að húsinu eftir að hann lést í desember síðastliðnum.

Lögfræðingar Browns segja að Hynie hafi þegar verið gift þegar hún gekk að eiga Brown árið 2001 og því hafi hjónaband þeirra verið ógilt. Hvergi var minnst á hana og son þeirra í erfðaskrá Browns.



**JAMES BROWN** Sálargóðsögnin lést á jóladag eftir farsælan feril.

Aðeins sex fullorðin börn Browns voru þar nefnd sem erfingjar.

## EKKI VERA SÚR

Eru tennurnar í sýrubaði oft á dag?  
Sýran í sykruðum og sykurlausum gosdrykkjum getur eytt glerungi tannanna – og hann kemur aldrei aftur.

Drekktu vatn – líka kolsýrt vatn!



LÝÐHEILSUSTÖÐ  
- lífð heil



ENEMM / SIA / INE2024

## > Guðjón Valur markahæstur

Íslendingar eiga fimm leikmenn á lista tíu markahæstu leikmanna heimsmeistaramótsins í Þýskalandi. Á toppnum trónir Guðjón Valur Sigurðsson með 66 mörk, þar af eitt úr víti. Aðeins einn maður á raunhæfa möguleika á að ná honum sem er Pólverjinn Karol Bielecki. Hann þarf að skora þrettán mörk í úrslitaleiknum í dag til að jafna Guðjón Val. Snorri Steinn Guðjónsson og Ólafur Stefánsson eru í 4.-6. sæti með 53 mörk, og Alexander Petersson og Logi Geirsson í 8.-10. sæti með 48 mörk.

**sport**  
sport@frettabladid.is



# 60

SEKÚNDUR

## MEÐ PÁLI AXEL VILBERGSSYNI

**Grindavík er ...** eini bærinn.

**Keflavík eða Njarðvík?** Njarðvík.

**Áttunda sætið er ...** lélegt.

**Kaffi eða te?** Kaffi og mikið af því.

**Besti samherjinn?** Margir góðir.

**Erfiðasti mótherjinn?** Brenton Birmingham.

**Sætasti sigurinn?** Bikarinn í fyrra.

**Mestu vonbrigðin?** Detta út úr bikarkeppninni í ár.

**Erfiðasti útvöllurinn?** Sauðárkrúkur.

**Bestu stuðningsmennirnir?** Þeir sem mæta.

**Uppáhaldsliði í NBA?** Atlanta Hawks.

**Besti leikmaður heims?** Enn þá Michael Jordan.



HM Í ÞÝSKALANDI



SNORRI STEINN Einn besti maður Íslands í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Snorri Steinn Guðjónsson: Leikum síðar um verðlaun

**HANDBOLTI** „Úr því sem komið var og hvernig hlutirnir þróuðust þá erum við ekkert sérstaklega ánægðir með áttunda sætið,“ sagði leikstjórnandinn Snorri Steinn Guðjónsson sem hefur stimplað sig enn betur inn sem einn besti miðjumaður heims.

„Við sýndum það í þessari keppni að við eigum vel heima á meðal bestu liðanna og Danaleiksins verður minnst sem grátlegs leiks og það munandi svo litlu að við kæmumst í undanúrslitin. Það datt ekki okkar megin í þessu móti en liðið er ungt og ég tel að það komi að því fyrir en síðar að við leikum um verðlaun,“ sagði hann ákveðinn. - hbg

Alexander Petersson:

## Niðurstaðan vonbrigði

**HANDBOLTI** Hornamaðurinn Alexander Petersson hefur verið hreint ótrúlegur á HM í Þýskalandi og vakið aðdáun margra fyrir vasklega framgöngu. Hann var úrvinda eftir Spánarleikinn en leyfði sér samt að brosa svoltið.

„Þetta eru ákveðin vonbrigði og sagan mun aldrei sýna hversu nálægt við komumst að fara í undanúrslit. Við erum búnir að vera þungir og þreyttir eftir Danaleikinn og það ekki að ástæðulausu. Það er mikið álag á mönnum og öll hin liðin hafa tvo menn í hverri stöðu og eru því óþreyttari,“ sagði Alexander en Ísland er búin að spila tíu leiki á sextán dögum. - hbg

# Dapur endir á annars fínu móti

Íslenska landsliðið í handbolta tapað fyrir Spáni í gær, 36-40, og hafnaði því í áttunda sæti heimsmeistarakeppninnar í Þýskalandi. Liðið náði sér aldrei aftur á strik eftir Danaleikinn í fjórðungsúrslitunum.

**HANDBOLTI** Stærstu heimsmeistarakeppni fyrr og síðar í handknattleik lýkur í dag en Ísland varð í áttunda sæti á mótinu. Strákarnir okkar töpuðu sínum þriðja leik í röð í gær og nú fyrir Spánverjum, 36-40. Það stóð ekki steinn yfir steini í varnarleik Íslands lengstum og lið sem fær á sig 40 mörk í leik á ekki mikla von um sigur.

Spánverjar tóku frumkvæðið í Kölnarena frá fyrstu mínútu og íslensku strákarnir virkuðu þungir og þreyttir fyrir framan 18 þúsund manns sem voru mættir á völlinn. Varnarleikurinn var sérstaklega slakur og ef ekki hefði verið fyrir ágæta markvörslu Birkis Ívars í upphafi hefðu Spánverjar stungið strax af. Það gerðist þó um miðbik hálfleiksins er Spánverjar breyttu stöðunni úr 8-9 í 8-13. Þá gekk nákvæmlega ekkert hjá íslenska liðinu sem kastaði frá sér boltanum og lét verja frá sér úr dauðafærum. Slakir dómargar hjálpuðu reyndar lítið til en þeir virtust dæma allt þar til Spánverjar skoruðu. Mest náðu Spánverjar sjö marka forskoti í hálfleiknum, 10-17, en sex mörkum munaði á liðunum í leikhli, 13-19.

Spánverjar héldu áfram að valta yfir íslenska liðið í upphafi síðari hálfleiks og skoruðu nánast í hverri einustu sókn. Mest náðu Spánverjar átta marka forskoti, 18-26. Þá loksins hrökk íslenska liðið í girinn, skoraði fimm mörk í röð og í stöðunni 27-29 leist spænska þjálfaranum ekkert á blikuna þannig að hann tók leikhli.

Það skilaði sérdeilis fnum árangri því Spánverjar skoruðu næstu fimm mörk leiksins og gengu frá honum. Íslenska liðið reyndi allt hvað það gat til að klóra í bakkann á síðustu mínútunum en



TVEIR ÖFLUGIR Sifgús Sigurðsson hefur farið fyrir varnarleik liðsins og Ólafur Stefánsson leitt sóknarleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

munurinn var það mikill að spænska liðinu var aldrei ógnað af neinni alvöru.

Niðurstaðan áttunda sæti á HM sem fyrirfram hefði mátt telja ásættanlegt en eftir það sem á undan var gengið er niðurstaðan nokkur vonbrigði. Liðið náði aldrei að rífa sig upp eftir hið andlega áfall sem það varð fyrir gegn Dönun og tapið gegn Rússum var hrikalegt. Það var einnig dýrt enda verður róðurinn til Peking mjög erfiður fyrir vikið.

Heilt yfir geta strákarnir þó verið stoltir af frammistöðu sinni á mótinu en þeir hafa gefið allt sem þeir eiga og rúmlega það á mótinu. Meira er vart hægt að fara fram á og með smá heppi hefðu þeir leikið um verðlaun í dag. Það munar svo litlu á milli þess og áttunda sætisins.

Nánast allir lykilmenn liðsins hafa verið plagaðir af meiðslum á mótinu en það dró ekki kjarkinn og dugnaðinn úr mönnum. Guðjón Valur átti frábært mót og það þótt hann hafi verið mjög þjáður í síðustu leikjunum. Heimsklassaleikmaður. Snorri Steinn stimplaði sig enn frekar inn í alþjóðabolta og hefur tekið framförum frá síðasta móti. Ef hann spilar ekki vel spilar Ísland sjaldan vel. Slíkt er mikilvægi hans. Ólafi óx ásmegin eftir því sem á leið og mikilvægi hans í liðinu er gríðarlegt. Þessi frábæri alhliðaleikmaður steig nánast alltaf upp þegar á þurfti að halda, dró vagninn og bauð upp á stórbrotin tilþrif enda með markahærri mönnum og sá leikmaður sem gaf flestar stóðsendingar.

Innkoma Loga Geirssonar í landsliðið er mesta ánægjuefnið

en hann átti frábært mót í einu orði sagt. Skoraði frábær mörk, gaf fjölda glæsilegra stóðsendinga og tók oft af skarið með góðum árangri. Hann á bara eftir að verða betri.

Svo má ekki gleyma vélmenninu Alexander Petersson sem var í lykilhutverki í vörn og sókn. Hann er að verða eitt helsta vopn landsliðsins. Birkir Ívar Guðmundsson fær einnig mikið klapp á bakið fyrir góða frammistöðu og nokkuð stöðuga markvörslu. Það er langt síðan íslenskur markvörður átti eins gott stórmót og vonandi heldur Birkir áfram að bæta sig.



HM Í ÞÝSKALANDI  
HENRY BIRGIR GUNNARSSON  
skrifar frá Köln  
henry@frettabladid.is



## SÉRFRÆÐINGURINN GEIR SVEINSSON FJALLAR UM HM Í HANDBOLTA

### Getum verið sátt við árangurinn

Íslendingar hafa lokið keppni á HM 2007 og er niðurstaðan áttunda sætið. Við getum vel unað við þann árangur enda með honum er staða okkar meðal átta bestu þjóða í heimi tryggð. Engu að síður eru það viss vonbrigði að við náðum ekki að spila betur úr þeirri stöðu sem við vorum búnir að koma okkur í með því að tryggja okkur í átta liða úrslit keppninnar.

Leikurinn við Spán í gær hafði heilmikla þýðingu eins og reyndar allir leikir í keppninni. Sigur í gær hefði tryggt okkur sæti í forkeppni um sæti á Ólympíuleikum í Peking á næsta ári. Í staðinn þurfum við að gera atlögu að því á EM í Noregi að ári liðnu sem gæti

reynst þrautin þyngri. Við eigum reyndar enn eftir að tryggja okkur sæti þar en það mun skýrast í júní næstkomandi hvort það takist.

Leikurinn í gær var ekki upp á marga fiska hvað gæði varðar enda bæði lið á síðustu dropunum. Spánverjar tóku fljótt frumkvæðið í leiknum sem þeir slepptu aldrei af hendi.

Reyndar opnaðist lítil mogleiki um miðjan síðari hálfleik þegar við náðum að minnka muninn í tvö mörk. Nær komumst við þó ekki og Spánverjar klárðu leikinn með fjögurra marka sigri.

Enn og aftur var það vörn og markvarsla sem varð okkur að falli. Birkir Ívar fann sig ekki í

markinu og átti hann í miklum vandræðum með langskot og smuguskot Spánverja. Honum var að nokkru leyti vorkunn því vörnin fyrir framan hann var því miður ekki traustvekjandi og var í raun engin. Enn og aftur var hún allt of lek inni á miðjussvæðinu auk þess sem við áttum í miklum vandræðum með línuspil Spánverja. Allar innleysingar þeirra rendist okkur erfiðar og talning og skipting manna var slæm og af skornum skammti.

Alfred reyndi ýmis afbrigði af varnarleik sem því miður gengu ekki upp.

Hreiðari var skipt inn á þegar 20 mínútur voru eftir og hefði sú skipting mátt koma aðeins fyrir.

Hans innkoma var stutt og hefði hann að ósekju mátt klára leikinn.

Hraðauppflaupin gengu almennt vel í leiknum og komu um þriðjungur marka okkar úr þeim. Sóknin gekk sömuleiðis vel og skoruðum við í það heila 36 mörk þrátt fyrir að hafa misnotað nokkuð af góðum færum.

Leikmenn verða ekki sakaðir um að leggja sig ekki fram, þeir gáfu allt sem þeir áttu og sumir rúmlega það í þessum leik en því miður dugði það ekki til í gær.

Þátttöku Íslands er því lokið og niðurstaðan áttunda sætið sem fyrr segir. Það er eitthvað sem við getum verið stolt af, við erum jú á meðal þeirra átta bestu í heimi.

## HM í handbolta

SPÁNN-ÍSLAND 40-36  
Mörk (skot): Guðjón V. Sigurðsson 8 (12), Ólafur Stefánsson 8/2 (12/2), Logi Geirsson 5 (6), Snorri S. Guðjónsson 5 (10/1), Alexander Petersson 5 (9), Vignir Svavarsson 2 (4), Róbert Gunnarsson 2 (4), Arnór Atlason 1 (1), Sifgús Sigurðsson (1).  
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 11, Hreiðar Guðmundsson 3.  
Hraðauppflaup: 11 (Guðjón 5, Snorri 2, Róbert, Vignir, Alexander, Logi).  
Fiskuð viti: 3 (Róbert 2, Vignir).  
Után vallar: 4 mínútur.  
Mörk Spánar: Urios 9, A. Entrerrios 8, J. Garcia 5/5, Romero 4, R. Garcia 4, R. Entrerrios 3, Belastegui 3, Vaquero 3, Garabaya 1.  
Varin skot: Hornbrados 17.  
Hraðauppflaup: 7.  
Után vallar: 10 mínútur.  
KRÓATÍA-RÚSSLAND 34-25



# Svekkur með áttunda sætið

HM í Þýskalandi lýkur í dag en þátttöku Íslands lauk í gær. Alfreð Gíslason sagði í samtali við *Henry Birgi Gunnarsson* í Kölnarena í gær að hann væri í heildina sáttur með frammistöðu landsliðsins á HM en var svekkur að hafa ekki spilað um fimmta sætið.

**A**lfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handbolta, var hugsanlega að stýra íslenska landsliðinu í síðasta skipti í gær. Samningur hans við HSÍ rennur út næsta sumar og Alfreð á eftir að ræða það við forráðamenn HSÍ hvort sambandið vilji að hann klári umspilsleikina gegn Serbum fyrir EM eða hvort HSÍ vilji fá nýjan mann í brúna fyrir þann tíma.

„Það er alveg klárt að ég er að hætta. Það gengur ekki að sinna bæði Gummersbach og landsliðinu til lengdar því þá er ég aldrei í frí og svo er ég aldrei heima hjá mér,“ sagði Alfreð sem tók við liðinu af Viggó Sigurðssyni eftir að hann hætti með hvelli eftir EM í fyrra.

Fyrsta verkefni Alfreðs með landsliðið var að mæta Svíum í umspili um sæti á HM og þar gerði landsliðið sér lítið fyrir og lagði Svía ytra og sá sigur kom liðinu hingað til Þýskalands á HM. Alfreð var nokkuð svekkur með niðurstöðuna á mótinu enda var liðið grátlega nálægt því að komast í undanúrslit þar sem allt hefði getað gerst. Þess í stað sprakk blaðran og íslenska liðið var aldrei líkt sjálfu sér í síðustu leikjunum.

## Danaleikurinn var vendipunktur

„Það voru vonbrigði að tapa þessum þrem síðustu leikjum. Vendipunkturinn í mótinu var að sjálfsgöðu Danaleikurinn. Það munar fjórum sætum á þessum síðustu tíu sekúndum. Við áttum líka tækifæri að klára leikinn gegn Rússum en klúðrudum honum sem var ekki gott,“ sagði Alfreð sem hefur verið tíðrætt um breiddina í landsliðinu en hún hefur oftast en ekki verið lítil. Svipað var uppi á teningnum á þessu móti þrátt fyrir ágætar innkomur af bekknum við og við.

„Það eru fjórir til fimm menn sem spila nánast allan leikinn alltaf. Í dag missum við síðan Sverre sem var slæmt og Fúsi var á felgunum þannig að varnarleikurinn var ekki nógu góður. Í heildina má samt segja að liðið hafi staðið sig vel. Ef við skoðum mannskapinn sem við höfum og berum hann saman við hin bestu liðin þá sést gífurlegur munur. Breiddin var því miður ekki fyrir hendi og ég er mjög svekkur að hafa endað í áttunda sæti og hafa að minnsta kosti ekki klárað að komast í fimmta til sjötta sætið,“ sagði Alfreð sem saknaði nokkurra manna sem voru fjarverandi.

## Vantar breidd í landsliðið

„Álagsdreifingin var alls ekki nógu góð og við hefðum þurft



Á HLIÐARLÍNUNNI Alfreð Gíslason hefur staðið vaktina á hliðarlínu íslenska landsliðsins af mikilli röggsemi. Hér er hann í leiknum í gær að hvetja sína menn áfram í varnarleiknum, einu sinni sem oftast.

menn eins og Jalesky Garcia og Einar Hólmgeirsson með okkur á þessu móti. Við söknuðum þeirra illilega og með þá innanborðs hefðum við kannski getað gert betur. Stóra vandamálið hjá okkur er að við þurfum að skipta of mikið í vörn og eigum ekki útspilara sem getur spilað innri blokkina í vörninni. Eg þarf í raun að skipta þremur af bekknum til að fá þá vörn sem ég vil helst spila

með. Það háir þessu liði svakalega mikið og öll vinna er mun erfiðari í svona stöðu. Einn svona maður myndi gjörbreyta landslaginu og létta mikið á liðinu. Því miður er sá maður ekki til í dag,“ sagði Alfreð sem segir að Danaleikurinn muni ekki sitja endalast í mannskapnum þó tapið hafi vissulega verið mjög sárt.

„Sá leikur sneri miklu en það voru mörg tæp úrslit. Við hefðum

getað unnið Pólverjana og dómarnir í þeim leik biðja okkur afsökunar vegna dóma sem vögu mjög þungt á metunum í þeim leik. Það gefur okkur lítið í dag.“

## Vantar stærri stráka í handboltann

Alfreð hefur verið óhræddur við að gagnrýna það sem miður er í íslenska handboltanum og honum er mjög hugleikið hvernig staðið er að þjálfun stórra ungra hand-

boltamanna sem hann sagði að sé langt í frá ásættanlegt. Hann vill sjá að þessir strákar fái rétta þjálfun sem síðan muni skila sér fyrir landsliðið og handboltann á Íslandi.

„Við þurfum að vinna okkar vinnu mjög vel og það verður eitthvað að gerast í þessum útspilaramálum heima á Íslandi. Það er illa staðið að þessum málum hjá mörgum félögum á Íslandi og það er staðreynd að við erum ekki að sinna stóru strákunum sem fyrir vikið hætta oftast en ekki í handbolta. Í heildina held ég að þjálfun heima sé mjög góð en það verður að gera áttak í þessum málum.“

Það er eitthvað sem HSÍ verður að fara í núna að fá sérþjálfun fyrir stærri strákana á Reykjavíkursvæðinu og síðan sinna þeim. Þessar hugmyndir eru komnar í gang og það er kominn tími til að eitthvað gerist í þessum málum. Það kannski skilar okkur ekki sjálfkrafa árangri en eftir svona fimm til sex ár gætum við byrjað að sjá árangur erfiðisins,“ sagði Alfreð ákveðinn en fyrir rúmu ári síðan var einmitt rétt mikið um stöðu markvarða á Íslandi og Viggó Sigurðsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, stóð fyrir námskeiðum fyrir markverði en lítið framhald virðist hafa orðið á því starfi.

„Við erum ekkert að þjálfva markverði heima heldur og það vantar til að mynda alla snerpuþjálfun. Það væri gott að koma fleirum úr landi eins og Birki Ívari sem hefur vaxið mikið eftir að hafa komið hingað út en til að koma markvörðum úr landi verða þeir einfaldlega að verða betri,“ sagði Alfreð sem telur að landsliðið eigi eftir að láta að sér kveða á næstu árum.

## Bjartsýnn á framtíð liðsins

„Ég er bjartsýnn á framtíð þessa liðs sem við erum með. Þetta er frekar ungt lið og Logi er að spila sína fyrstu keppni í rauninni. Arnór var ekki svipur hjá sjón í þessa keppni en við vitum vel hvað hann getur og hann mun láta að sér kveða á ný síðar. Við eigum fullt af efnilegum leikmönnum sem eru á leiðinni en stór vinstri skytta er hvergi sjáanleg því miður,“ sagði Alfreð sem sér ekki eftir þeim tíma sem hann hefur eytt í landsliðið.

„Þetta er búinn að vera erfiður tími en að sama skapi mjög skemmtilegur. Ég sé ekkert eftir því að hafa tekið verkefnið að mér og þetta er búið að vera djöfulli gaman,“ sagði Alfreð og glotti en hann mun halda áfram að láta að sér kveða í Kölnarena þar sem félagslið hans, Gummersbach, leikur nokkra leiki á ári.



MEÐ SÍNUM NÁNUSTU Kara Guðrún Melstað, eiginkona Alfreðs, og faðir hans, Gísli Bragi Hjartarson, fylgdu með leikjum íslenska landsliðsins í Þýskalandi.



GAMLI LÆRISVEINNINN Alfreð þjálfaði Ólaf Stefánsson lengi hjá þýska liðinu Magdeburg og endurnýjuðu þeir kynnin hjá íslenska landsliðinu.



# ÖRFÁ VERÐ DAEMI **MAX**

**VALDAR VÖRUR**  
**15-90%**  
**AFSLÁTTUR**

Godfather serían  
fylgir öllum  
sjónvörpum um  
helgina!



## DÚNDUR DAGAR



DÚNDUR verð  
**194.999 kr.**  
37 tommur  
Fullt verð ~~229.999~~

**Philips 37PF7331**

- 37" HD Ready LCD breiðtjald
- Pixel Plus myndtækni
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital Noise Reduction

- Progressive Scan
- 2 x 30w Nicam Stereó stereó hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi



DÚNDUR verð  
**269.999 kr.**  
42 tommur  
Fullt verð ~~329.999~~

**Philips 42PF7621D**

- 42" LCD HD breiðtjald
- Pixel Pixel Plus 2 myndtækni
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital DVB-T móttakari

- Progressive Scan og Digital Natural Motion
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- Dolby Virtual Surround
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

DÚNDUR verð  
**2.999 kr.**



**Remington S8660**

- Remington Multistylar Kit
- Keramik og Ionic-tæki
- Sléttir, krullar, gerir slöngulokka, bylgjur o.fl.
- Tækið hitnar á 60 sek.

Fullt verð ~~3.999~~

DÚNDUR verð  
**14.899 kr.**



**Sarotech Abigs DivX**

- 3.5" sjónvarpsflakkari
- Með USB
- Tengist beint í sjónvarp

Fullt verð ~~19.999~~

**2.499 kr.**

**Remington CS5001**

- Keramik sléttujárn
- Hitnar á 60 sek.
- Hitnar í 200 gráður

Fullt verð ~~3.499~~

DÚNDUR verð  
**49.999 kr.**  
Fullt verð ~~59.988~~



- Panasonic DMREH55 UPPTÖKUTÆKI**
- DVD upptökutæki
  - Með 160GB hörðum disk

- Allt að 284 tíma upptaka á harðan disk
- Auðvelt að tengja tökuvel við spilarann
- Rauf fyrir SD kort

DÚNDUR verð  
**54.999 kr.**



Fullt verð ~~65.988~~

**Pioneer DCS360**

- 360w heimabíókerfi
- Með DVD spilara
- HDMI stafrænt tengi
- Progressive Scan
- USB tengi fyrir tónlist og ljósmyndir
- FM útvarp

Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX

DÚNDUR verð  
**1.949 kr.**

Verð pr. stk.



Fullt verð ~~2.299~~

DÚNDUR verð  
**5.999 kr.**

**Kenwood VC1807**

- 1800w ryksuga
- 2 fylgihlutir
- Litur: Silfur

Fullt verð ~~9.999~~



# MAX RAFTÆKI

OPNUNARTÍMI

Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.

Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á  
móti **IKEA**

MAX / Kaupþúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200



**SAMNINGAR HANDSALABIR** Ecclestone tekur í hönd Khalidun Khalifa al-Mubarak. NORDIC PHOTOS/AFP

Ný Formúlubraut:

## Formúlan verður í Abu Dhabi

**FORMÚLA 1** Ákveðið hefur verið að frá og með árinu 2009 verði haldin mót í Formúlu-1 kappakstrinum í Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Við brautina á að rísa stór skemmtigarður og hótél. Hermann Tilke mun hanna brautina sem mun verða 5,8 km löng. Athyglisvert er að hún mun rísa á eyju sem verður sérstaklega búin til fyrir hana.

Bernie Ecclestone fullyrðir að þetta verði besta kappakstrursbraut heims. - egm

Superbowl-leikurinn í kvöld:

## Colts og Bears leika um skálina

**NFL** Einn stærsti viðburður ársins í bandarísku íþróttalífi verður í kvöld þegar úrslitaleikurinn í ameríska fótboltanum, Superbowl, fer fram. Það eru Indianapolis Colts og Chicago Bears sem mætast en mörg ár eru síðan þessi lið komust síðast í þennan úrslitaleik. Bears lék síðast Superbowl-leik fyrir meira en tuttugu árum en Colts fyrir 36 árum. Leikurinn í kvöld verður í beinni útsendingu á Sýn og hefst útsendingin klukkan 22.45. - egm

Ítalskur lögreglumaður var myrtur á föstudag:

# Enn eitt áfall ítalska boltans

**FÓTBOLTI** Engir knattspyrnuleikir fara fram um helgina á Ítalíu en knattspyrnusambandið þar í landi ákvað að aflýsa öllum leikjum vegna morðs á lögreglumanni sem framið var á föstudagskvöld. Til upphöta kom í viðureign Catania og Palermo sem bæði eru frá Sikiley og var lögreglumaðurinn Filippo Raciti að berjast gegn fótboltabullum þegar hann var myrtur.

Fótboltabullur á Ítalíu hafa lengi verið vandamál í landinu en þetta er annað morðið á einni viku í tengslum við fótbolta. Áður lést stjórnarmaður í ítölsku áhugamannaliði eftir að stuðningsmenn annars liðs réðust á hann. Alls hafa tólf manns látist í ólátum tengdum fótbolta á Ítalíu síðan 1962.

Þetta er mikið áfall fyrir ítalska fótboltann en eins og kunnugt er var hann mikið í fréttum á síðasta ári vegna spillingar. Ekki var leikjum helgarinnar aðeins aflýst heldur einnig vináttulandsleik Ítalíu og Rúmeníu sem fara átti

fram síðar í þessari viku. Möguleiki er á því að keppni á þessu tímabili verði hætt vegna ástandsins þótt það sé ekki talið líklegt.

Íþróttasamband Ítalíu verður með neyðarfund í dag og mun forseti knattspyrnusambandsins m.a. ræða við Romano Prodi forsætisráðherra. „Það hefur ekki verið brugðist rétt við ástandinu. Það þarf að gera stórvægilegar breytingar á leikvöngum landsins sem eru margir hverjir orðnir heldur gamaldags. Það verður að taka á þessu ofbeldi,“ segir Roberto Donadon, þjálfari Ítalíu.

Palermo vann leikinn 2-1 en upphötin eru skiljanlega það eina sem hugsað er um. Um hundrað manns slösuðust í átökum fyrir utan Massimino leikvanginn. Sergio Campano, formaður leikmannasamtaka Ítalíu, segir að það þurfi að koma fólki í skilning um að fótbolti sé leikur. Hans vilji er að gert verði hlé á fótbolta á Ítalíu í heilt ár, það sendi skýr skilaboð og á meðan verði hægt að leita lausna á vandamálinu. - egm



**SLASABUR LÖGREGLUMAÐUR** Salvatore Renda, ítalskur lögreglumaður, er kominn á sjúkrahús eftir að hafa slasast í átökum fótboltabullna. NORDIC PHOTOS/AFP



**PUNGUR Á BRÚN** Ottmar Hitzfeld var daufur í dálkinn eftir leik. NORDIC PHOTOS/AFP

Þýska úrvalsdeildin:

## Alls engin draumabyrjun

**FÓTBOLTI** Á föstudag stýrði Ottmar Hitzfeld Bayern München í fyrsta sinn síðan hann tók við liðinu á ný. Ekki fékk hann óskabyrjun því Bæjarar voru einfaldlega niðurlægðir og steinlágu 3-0 fyrir Nürnberg. Ivan Saenko, Marcus Schroth og Robert Vittek skoruðu mörk Nürnberg. Bayern er nú átta stigum á eftir efstu liðum deildarinnar, Werder Bremen og Schalke, sem eiga leik inni. Sá leikur fer einmitt fram í dag þegar þau mætast innbyrðis í stórleik helgarinnar í Þýskalandi.

Enski landsliðsmaðurinn Owen Hargreaves spilaði með Bayern á föstudag en hann er loks að jafna sig eftir fótbrot. Hann fann sig ekki í leiknum frekar en aðrir leikmenn þýsku meistaranna.

Sex leikir fóru fram í gær í þýsku úrvalsdeildinni og kom Gunnar Heiðar Þorvaldsson inn á sem varamaður í 4-1 sigri Hannover 96 á Alemannia Aachen. Þá vann Wolfsburg góðan 3-2 heimasigur á Bayer Leverkusen. - egm

Markalaust jafntefli niðurstaðan í nágrennaslagnum í Bítlaborginni í gær:

## Vörn Everton hélt Liverpool niðri

**FÓTBOLTI** Erkifjendurnir Liverpool og Everton gerðu markalaust jafntefli í heldur bragðdaufum grannaslag í ensku úrvalsdeildinni í gær.

„Ég er mjög vonsvikinn eftir þessi úrslit. Annað liðið spilaði til sigurs en hitt liðið vildi ekki tapa. Við reyndum að skapa okkur færi en þegar þeir eru með átta leikmenn fyrir aftan boltann er erfitt að skapa sér færi. Við reyndum allavega og meira er ekki hægt

að segja,“ sagði Rafael Benítez, stjóri Liverpool, en hann stillti upp þriggja manna sóknarlínu í gær.

Það var góður og skipulagður varnarleikur Everton sem skilaði liðinu stigi í gær.

„Nú höfum við náð að halda hreinu gegn þeim tvo leiki í röð. Hrósið mitt fer til varnarmannanna. Liverpool er mjög gott lið og því gott fyrir okkur að sækja stig hingað. Alan Stubbs og Phil

Neville léku hreint frábærlega og reynsla þeirra skein í gegn,“ sagði David Moyes, stjóri Everton.

Með heppni hefði Everton reyndar getað rænt öllum stigunum úr leiknum í gær en Andy Johnson fór illa með Jamie Carragher og kom sér í gott skotfæri. Skot hans var hins vegar ekki nægilega gott og Reina náði að verja. - egm

Í KVÖLD KL. 22:45

**INDIANAPOLIS COLTS  
CHICAGO BEARS  
PRINCE SKEMMTIR Í HÁLFLEIK**

**SUPER**

Í DAG

09:00	Evrópska mótaröðin	Golf
15:50	Sevilla - Real Sociedad	Spænski boltinn
17:50	Real Madrid - Levante	Spænski boltinn
19:50	Osasuna - Barcelona	Spænski boltinn
22:45	Indianapolis - Chicago	NFL Super Bowl

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

## Enska úrvalsdeildin

LIVERPOOL-EVERTON	0-0
ASTON VILLA-WEST HAM	1-0
1-0 John Carew (36.).	
BLACKBURN-SHEFFIELD UNITED	2-1
1-0 Morten Gamst Pedersen (22.), 1-1 Jon Stead (24.), 2-1 Morten Gamst Pedersen (90.).	
CHARLTON-CHELSEA	0-1
0-1 Frank Lampard (18.).	
FULHAM-NEWCASTLE	2-1
